

32

**CHRIS CORNELL RÆÐIR UM ROKKFERILINN**

„Ég held að íslensku áhorfendurnir eigi eftir að græða á þeirri staðreynd að ég og hljómsveitin höfum spilað saman í fimm mánuði.“



40

**GWEN STEFANI SLÆR Í GEGN**

Tískuvikan í New York hefst með glæsibrag


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. september 2007 — 243. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR

### Boltastrákur hjá landsliðinu



Þorgrímur Þráinsson sýnir stuðning sinn í verki.

FÓLK 50

### Óstjórn í Reykjavík

„Hvergi er gert ráð fyrir auknum útgjöldum borgarsjóðs vegna hækkunar á kjarasamningum í rekstraráætlunum borgarinnar í dag,“ skrifar Sigrún Elsa Smáradóttir.

UMRÆÐAN 17

### Skjótur og góður bati



Eiður Smári Guðjohnsen er orðinn nánast góður af hnémeiðslum sínum en byrjar ekki gegn Spáni í dag.

ÍÞRÓTTIR 46

### Hús&heimili

Ásthildur Cecil Þórðardóttir garðyrkjustjóri og fjölskylda hennar búa í kúluhúsi á Ísafirði.



Í MIÐJU BLAÐSINS

### VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNING Á LEIÐINNI** - Hæg suðvestlæg átt í fyrstu en vaxandi sunnan- og suðvestanátt síðdegis. Bjart veður lengst af degi austan til en skýjað og úrkomulítið vestan til. Fer að rigna síðdegis. Hiti 9-16 stig, hlýjast eystra.

# Vill kaupa húsin við Laugaveg

**Sigurjón Sighvatsson vill kaupa upp hús við Laugaveg og Hverfisgötu sem á að rífa eða flytja. Hann hefur hug á að búa til reykvíska götumynd og sér fyrir sér hverfi sem sameinar meðal annars íbúðir og verslun.**

**REYKJAVÍK** Athafnamaðurinn Sigurjón Sighvatsson hefur hug á að kaupa gömul hús við Laugaveg og Hverfisgötu sem annaðhvort á að rífa eða fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda í miðbænum en hús sem eru í hættu skipta þar tugum. Sigurjón er með hugmyndir uppi um að koma húsunum fyrir annars staðar í Reykjavík, jafnvel búa til nýja götu með húsum úr miðbænum.

„Það er mikil synd að láta gömlu húsin fara svona og að mínu mati er það misskilningur að halda að Laugavegurinn muni gjörbreytast með komu nýrra húsa. Nýju húsin sem eru þar eru mörg hver misheppnuð,“ segir Sigurjón sem fékk hugmyndina þegar umræðan um Laugaveg 4-6 stóð sem hæst. „Það yrði menningarsögulegt slys ef húsin myndu öll tapast. Það er mjög skrýtið að ekki hafi verið settar neinar kvaðir um að halda húsunum óbreyttum, jafnvel þótt þau verði flutt.“

Sigurjón hefur hug á að byggja upp nýja götumynd, ekki ólíkt því sem gert var á Bráðræðisholtinu svokallaða. „Þetta þarf að vera samstillt átak en ég sé fyrir mér að það sé hægt að koma upp lifandi hverfi sem sameinar íbúðarhúsnæði, viðskipti, verslun og sögu,“ segir Sigurjón sem rekur sjálfur tvær verslanir í miðborginni. Hann bætir við að slík uppbygging þekkist víða: „Besta dæmið sem ég veit um er í Los Angeles. Þar er hundrað ára gamall ávaxta- og grænmetismarkaður, The Grove, sem var tengdur við gamlan veitingastað og nýja uppbyggingu.“

Sigurjón hefur í samstarfi við opinbera aðila og sjóði hafið endurbyggingu nokkurra húsa á Seyðisfirði. „Þar leggst einstaklingsframtak og hið opinbera á eitt að bjarga menningarverðmætum. Það er langtímaverkefni sem er að komast í gang. Eftir fjögur ár erum við farnir að sjá árangur. Þetta er langhlaup.“

Sigurjón segir mörg hverfi koma til greina, þar á meðal Árbæinn, Skerjafjörð og Vatnsmýrina. Hann hefur ekki rætt við eigendur húsanna sem verða hugsanlega rifin eða flutt. „Ég vil kanna til hlítar hvaða staðsetning hentar og síðan mun ég ræða við þá um varðveislu húsanna áður en þeir hefjast handa.“ - kh



**GLEÐISTUND** Hinn heimspekkti ljósmyndari Mary Ellen Mark sést hér í bakgrunni samgleðjast þeim félögum Guðlaugi og Alexander. Sýning hennar, Undrabörn, var opnuð á Þjóðminjasafninu í gær en myndirnar á sýningunni tók hún af íslenskum börnum með fatlanir. Fram kom í máli hennar að hún hefði hvergi í heiminum séð jafnhæft starfsfólk aðstoða fötluð börn og hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eldri skólar ófullnægjandi:

## Undrabörn fá nýjan skóla

**MENNTUN Nýr skóli fyrir börn með fötlun mun rísa innan skamms. Skólinn mun sameina starfsemi Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla þar sem þeir þykja ekki lengur uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til skóla sem annast menntun fatlaðra barna.**

**Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar, tilkynnti þetta á fundi í Þjóðminjasafninu í gær sem boðað hafði verið til vegna opnunar ljósmyndasýningar Mary Ellen Mark. Sýningin ber nafnið Undrabörn og á henni má sjá myndir sem teknar voru af fötluðum börnum á Íslandi. Skólinn mun rísa á óbyggða svæðinu í grennd við höfuðstöðvar Íþróttafélags Reykjavíkur. Umhverfis skólann verður útbúið stórt útivistarsvæði.**

**Ljóst er að miklum fjármunum verður varið til verksins og staðfesti Júlíus að fjársterkir einstaklingar kæmu að fjármögnun þess. Af virðingu við óskir þeirra kvaðst hann ekki gefa upp nöfn þeirra.**

- kdk






Bæjarins beztu pylsur halda upp á sjötíu ára afmæli sitt:

## Pylsa og kók á tuttugu krónur

**VERSLUN** Bæjarins beztu, fyrirtækið sem rekur pylsuvagnana vinsælu, á sjötíu ára afmæli á þessu ári. Af því tilefni verður pylsa og kók á tuttugu krónur alla helgina, og rennur ágóðinn til góðgerðamála.

„Við erum orðin svo gamalt afmælisbarn að okkur fannst við hæfi að afþakka gjafir en gefa þær í staðinn,“ segir Guðrún Kristmundsdóttir, eigandi fyrirtækisins. „Ég held að þetta sé elsti skyndibitastaðurinn sem er ennþá starfandi í Reykjavík.“

Bæjarins beztu reka pylsuvagna á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, en sá vinsælasti stendur við bílaplanið hjá Tryggvagötu. Þangað var hann fluttur árið 1944, en hafði áður staðið í Austurstræti við Kolasund frá stofnun fyrirtækisins árið 1937. Guðrún segir leyndarmálið að baki velgengninni vera fyrsta flokks hráefni og gott starfsfólk.

Vinsældir pylsuvagnsins við Tryggvagötu teygja sig langt út fyrir landsteinana því fræga fólkið heimsækir varla Ísland án þess að fá sér eina með öllu. Aðspurð hverjir frægustu gestirnir hafi verið segir Guðrún að Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, sé sennilega sá frægasti. „Svo hafa Metallica-strákarnir komið hingað nokkrum sinnum.“ - sþs



**VIÐ VAGNINN FRÆGA** Búið er að setja upp veislutjald við hlið pylsuvagnsins í tilefni af sjötíu ára afmæli Bæjarins beztu. Guðrún segist vonast eftir margmenni um helgina, en allur ágóði pylsusölunnar rennur til Konukots. Fréttablaðið/Hörður.


lesum skilum endurvinnum

Taktu þátt

Skilaðu blaðinu að lestri loknum til endurvinnslu í gám merktan dagblöð

**SPURNING DAGSINS**



*Jóhann, sendið þið starfsmenn á námskeið í ljónatamningu?*

„Nei, ég held að þess gerist ekki þörf. Við erum flestir með ljónshjarta.“

Uppstoppað eyðimerkurljón sem flutt var til Íslands í fyrrasumar á að færa úr vörslu Umhverfisstofnunar og koma í hendur lögreglu. Það stendur nú í sýningarkassa í Leifsstöð. Jóhann R. Benediktsson er lögreglustjóri á Suðurnesjum.

Breiðholtsdagurinn:

## Haldinn í fimmta sinn

**REYKJAVÍK** Allir nemendur í Breiðholti sendu kveðjur sínar til heimsins á Breiðholtsdeginum í gær. Nemendurnir slepptu blöðrum upp í loftið í sameiginlegu hópatriði.

Dagurinn er nú haldinn hátíðlegur í fimmta sinn. Fjölbreytt leikjadagskrá var á íþróttasvæði ÍR í gærmorgun. Fjölskylduskemmtun hófst síðar í gærdag í risatjaldi á ÍR-svæðinu þar sem Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri flutti ávarp og afhenti heiðursviðurkenningar. Hátíðarhöldunum lauk klukkan níu í gærkvöldi þegar ungmenni kveiktu á eitthundrað blysum á ÍR vellinum í tilefni af eitthundrað ára afmæli ÍR. - lbb



**TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN** Kveðjur til heimsins sendar með blöðrum frá börnum í Breiðholti. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Stjórn Icelandic Group:

## Eimskipsmenn í meirihluta

**VIÐSKIPTI Eimskipsmenn skipa nú meirihluta stjórnar Icelandic Group. Með ráðningu Guðmundar Davíðssonar sem forstjóra starfsemi Eimskips á Íslandi eru þrír af fimm stjórnarmönnum, þar á meðal formaður og varaformaður, nátengdir Eimskipafélaginu.**

**Magnús Þorsteinsson stjórnarformaður er einnig formaður stjórnar Eimskipafélags Íslands, Guðmundur Davíðsson varastjórnarformaður er sem fyrr segir forstjóri yfir starfsemi Eimskips á Íslandi og Baldur Guðnason stjórnarmaður er forstjóri Eimskips, dótturfélags Eimskipafélags Íslands.** - sþs

# Ýsan kostar um tvö hundruð krónur kílóið á fiskmörkuðum

**Ýsan kostar að meðaltali 200 krónur kílóið óunnin á fiskmörkuðum, en verðið rokkar nokkuð og getur verið mun hærra. Fisksali telur að verðið eigi eftir að hækka töluvert. Samkeppnin kemur frá öðrum löndum, þar sem fiskur er munaðarvara. Samkeppnisstofnun útilokar ekki að skoða markaðsstöðu Fiskisögu og Sjófisks.**

**VERSLUN** Kílóverð ýsu á fiskmarkaði, sem síðar er seld í verslunum hérlendis, fer niður í 160 krónur en meðalverð er um 200 krónur kílóið.

Samkvæmt óformlegri verðkönnun Fréttablaðsins í fiskbúðum kostar ýsa með roði 980 krónur kílóið en roðflett og beinlaus 1.170 til 1.180. Í Fiskisögu, sem fjallað var um í Fréttablaðinu í gær, kostar ýsan litlu meira eða 990 og 1.290 krónur.

Þess skal getið að kostnaður fisksala og afföll eru talsverð, líkt og lesa má neðar á síðunni.

Fisksalar telja að þetta verð komi til með að hækka enn. „Fiskverðið á eftir að hækka töluvert, því það er alltaf að verða erfiðara að fá hráefnið,“ segir Eiríkur A. Auðunsson, fisksali í Höfgerði í Kópavogi.

Vegna erlendrar samkeppni um fiskinn verði hann sífellt dýrari í innkaupum. Erlendir sölumenn heiti innlendum framleiðendum nú orðið sölu fyrirfram; kostnaður sé að verða aukaatriði. „Úti er fiskur munaðarvara en hér er hann alltaf í öðru sæti. Fólk vill halda í hefðina og fiskveiðiþjóðin hefur það fyrir hugsjón að fiskur sé ódýr. Okkur myndi mörgum bregða í brún ef ýsan kostaði 2.500 krónur eins og erlendis. Þar kostar kjúklingurinn síðan 500 krónur kílóið!“

Eiríkur segir að samþjöppun á smásölumarkaði fisks komi sinni búð afar vel. Veltan í Höfgerði hafi aukist um 120 prósent milli ára og búðin hafi vart undan.

Samþjöppun hefur orðið á innlendum fiskismásölumarkaði. ASÍ hefur bent á að í fyrra hafi fimm fiskbúðir breyst í Fiskisögu.

Framkvæmdastjóri Fiskisögu telur að fyrirtækið og systurfyrirtæki þess, Sjófiskur, sé með um 70 prósent innlendrar smásölu á fiski og flestar af fiskibúðum borgarinnar.

Formaður Neytendasamtakanna sagðist í gær vænta þess að Samkeppnisstofnun skoðaði þessa samþjöppun nánar.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppnisstofnunar, segir að smásala fisks hafi ekki verið til sérstakrar athugunar hingað til. Ólöglegt sé að misnota markaðsráðandi stöðu, en sem slík sé hún ekki ólögleg.

Nú standi yfir rannsókn á matvörumarkaði. Fiskismásalan verði hugsanlega inni í þeirri aðgerð.

klemens@frettabladid.is



**ÚR FISKBORÐINU** Samkeppnisstofnun kann að athuga með samþjöppun á fiskmarkaði, en markaðsráðandi staða er ekki ólögleg í sjálfri sér. Fisksalar mæta mikilli samkeppni frá útlöndum.



**EIRÍKUR AUÐUNN AUÐUNSSON**



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON**

### KOSTNAÐARSAMUR REKSTUR FISKSALA

Ýmis kostnaður kemur inn í smásöluverð fisksala.

Í fyrsta lagi skal talið til að þeir geta ekki nýtt allan fiskinn. Minna en helmingur af hverju kílói af ýsu keyptri á markaði kann að rata í fiskborðið. Sumir segjast ekki nýta nema 30 prósent af ýsunni.

Þá þarf að reikna með ísingarkostnaði og flutningskostnaði af markaði í verslun. Húsnæðiskostnaður skal talinn með og rafmagnskostnaður, en það kostar jú sitt að geyma fiskinn í kæliborði.

Eitthvað kostar svo að greiða starfsmanni fyrir að vinna fiskinn, bera fram og selja hann. Síðast en ekki síst þarf skattstjóri að fá sitt.



**BÖÐUÐU SIG Á MILLI HEIMSÁLFA** Fegurðardísir úr Ungfrú Ísland.is árið 2006 í Bláa lóninu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Flekaskil í Bláa lóninu:

## Baðaðu þig á milli heimsálfa

**NÁTTÚRA „Baðaðu þig á milli heimsálfa í Bláa lóninu,“ gæti orðið eitt af slagorðum Bláa lónsins á Reykjanesi í framtíðinni. Páll Einarsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, greindi frá því í Fréttablaðinu á fimmtudaginn að skil Ameríku- og Evrópuflekans lægju meðal annars um Bláa lónið en ekki um Þingvelli, en það hefur verið lífseig meinloka.**

**Magnea Guðmundsdóttir, kynningarstóri Bláa lónsins, segir að þessi staðreynd um flekaskilin sé áhugaverð fyrir stjórnendur lónsins. „Það er auðvitað skemmtilegt fyrir okkur að segja þeim að þeir geti baðað sig á milli heimsálfa hérna í lóninu,“**

**Magnea segir að gestum lónsins verði sagt frá þessari skemmtilegu staðreynd á næstunni.** - ifv

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Ölvaður á reiðhjóli

Ekið var á reiðhjólamann í Lækjargötu við Vonarstræti um klukkan sjö í gærkvöldi. Manninn sakaði ekki en bifreiðin dældaðist nokkuð. Þegar lögreglu bar að kom í ljós að reiðhjólamaðurinn var undir áhrifum áfengis, og mun hann að öllum líkindum sæta refsingu vegna þess.

### Eldur í rútu við Þrastalund

Eldur kom upp í rútu við Þrastalund í Grímsnesi í gærkvöldi. Að sögn lögreglu á Selfossi náðu þeir sem í rútunni voru að slökkva eldinn áður en slökkvilið bar að. Enginn slasaðist.






Blóð af Madeleine McCann fannst í bifreið:

## Foreldrarnir báðir undir grun

**PORTÚGAL, AP** Foreldrar Madeleine McCann, bresku stúlkunnar sem hvarf á sumarleyfisstað í Portúgal í vor, liggja nú báðir undir grun um að hafa átt hlutdeild að hvarfi hennar.

Móðirin, Kate McCann, var yfirheyrð hjá lögreglunni í Portúgal í fyrradag og í gær. Faðirinn, Gerry McCann, var síðan kallaður til yfirheyrslu í gær.

„Þeir telja sig hafa sannanir fyrir því að hún tengist með einhverjum hætti dauða dóttur sinnar, sem er gjörsamlega fáránlegt,“ sagði Justine McGuinness, talsmaður fjölskyldunnar.

Að hennar sögn byggir lögreglan þetta á því að leifar úr blóði stúlkunnar hafi fundist í bifreið sem þau hjónin hafa haft á leigu. McGuinness fullyrðir að þau hafi ekki tekið þessa bifreið á leigu fyrr en 25 dögum eftir hvarf stúlkunnar.

„Þeir eru að gefa í skyn að Kate hafi með einhverjum hætti valdið dauða Madeleine fyrir slysni, geymt líkið af henni og síðan losað sig við það,“ segir Philomena McCann, systir móðurinnar. „Ég hef aldrei heyrt neitt jafn fáránlegt um ævina.“

Niðurstöður hafa fengist að hluta til úr DNA-rannsókn á blóðleifum sem fundust í íbúð hjónanna í Portúgal. Þau hafa þó ekki fengið að vita hverjar þessar niðurstöður eru, en rannsóknin var gerð í Bretlandi.

Auk þeirra hjóna hefur aðeins einn maður legið undir grun í þessu máli. Það er Robert Murat, sem býr með móður sinni skammt frá íbúðinni sem McCann-fjölskyldan bjó í þegar Madeleine hvarf 3. maí síðastliðinn. Murat hefur alla tíð haldið fram sakleysi sínu. - gb



**KATE MCCANN MÆTIR TIL YFIRHEYRSLU** Kato og Gerry McCann hafa bæði mætt til lögreglunnar í Portúgal. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## GENGIÐ 07.09.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 64,20 | 64,50 |
| Sterlingspund | 129,79 | 130,43 |
| Evra | 87,73 | 88,23 |
| Dönsk króna | 11,768 | 11,836 |
| Norsk króna | 11,104 | 11,170 |
| Sænsk króna | 9,362 | 9,416 |
| Japanskt jen | 0,5566 | 0,5598 |
| SDR | 98,47 | 99,05 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,182

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nýtt myndband með Osama bin Laden komið í hendur Bandaríkjastjórnar:

# Nýr ellefta september-boðskapur

**EGYPTALAND, AP** Nýtt myndband með boðskap frá Osama bin Laden, í tilefni af því að á þriðjudag verða rétt sex ár liðin frá hryðjuverkaárásunum 11. september, er komið í hendur fulltrúa Bandaríkjastjórnar. Sérfræðingar hennar vinna nú að því að rannsaka myndbandið, að því er ónafngreindur fulltrúi hryðjuverkavarnayfirvalda vestra greindi frá.

Allt frá árásunum á New York og Washington haustið 2001 hefur al-Kaída-hryðjuverkanetið minnt á sig í kringum 11. september ár hvert. Þrjú ár eru hins vegar liðin frá því að síðast birtist opinberlega mynd af bin Laden, leiðtoga samtakanna. Skýrt var frá væntanlegri birtingu myndbandsins á vefsíðu herskárra múslima, sem al-Kaída hefur oft notað til að koma skilaboðum á framfæri við umheiminn.



**HEFUR LITAÐ Á SÉR SKEGGIÐ** Vinstra megin sést Osama bin Laden eins og hann leit út haustið 2004, þegar síðast birtist mynd af honum opinberlega. Hægra megin er myndin sem notuð var með tilkynningu um nýja myndbandið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sérstaka athygli vakti að á mynd sem fylgdi tilkynningunni var Osama bin Laden kominn með svart skegg, og hefur því greinilega látið lita það og snyrta, en á síðustu myndum hefur hann verið gráskeggjaður. „Ég held að það sé þeim í hag að hann virðist vera ungur og heilbrigður,“ segir Rita Katz, framkvæmdastjóri SITE-stofnunarinnar, sem fylgist grannt með skilaboðum frá hryðjuverkasamtökum.

Síðast birtust myndir af bin Laden rétt fyrir þingkosningar í Bandaríkjunum haustið 2004. - gb

Mansal með börn í Kína:

# Fjörutíu kornabörnum bjargað

**KÍNA, AP Fjörutíu kornabörnum var bjargað og 47 manns voru handteknir þegar lögregla í austurhluta Kína fletti ofan af glæpahring sem stundaði mansal með börn.**

**Glæpahringurinn hafði selt yfir sextíu börn og leitar lögreglan nú að þeim börnum sem ekki hafa fundist.**

**Mikið er um að glæpahringir stundi mansal á börnum í Kína. Börnunum er stolið eða þau keypt af fátækum fjölskyldum og síðan seld til para sem vilja börn, þjónustufólk eða framtíðarbrúðir fyrir syni sína. Þúsundir barna eru yfirgefin árlega í Kína. - sdg**



**VERALDARVINIR** Nemendur Borgarskóla fræðast um verkefni Veraldarvina á Íslandi.

Veraldarvinir tína rusl:

# Heilmikið rusl við ströndina

**FÓLK „Við höfðum verk að vinna og tíndum upp heilmikið drasl við strendur Reykjavíkur og einnig úti á landi,“ segir Veraldarvinurinn Lukas De Ventura.**

**Erlendir sjálfboðaliðar í samtökunum Veraldarvinum hafa tínt rusl meðfram strandlengju Íslands í sumar. Þeir stóðu fyrir kynningu á verkefninu í Borgarskóla í gær þar sem þeir fræddu nemendur um hvernig þeir gætu komið að umhirðu landsins. Rusl sem sjálfboðaliðarnir hafa tínt upp eftir sumarið verður til sýnis 15. september. - lbb**

# Lýsir nýju sjálfstrausti í utanríkismálum

**Að sögn bæði forsætis- og utanríkisráðherra lýsir framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna árin 2009-2010 nýju sjálfstrausti og virkni í utanríkismálum. Aukið kapp verður lagt á að kynna framboðið á næstu tólf mánuðum.**

**UTANRÍKISMÁL** Ákvörðunin um að Ísland sæktist eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna „lýsir nýrri sýn á stöðu Íslands á alþjóðavettvangi og nýju sjálfstrausti og virkni í utanríkismálum“. Þetta sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í ávarpi á opnunarmálþingi um Ísland og alþjóðamál, sem haldið var í Háskóla Íslands í gær. Málþingið markaði upphaf ið að fyrirlestraröð um þetta efni, sem utanríkisráðuneytið hefur efnt til í samstarfi við háskóla landsins.

Að sögn Geirs felst í þessari nýju sýn „skilgreining á Íslandi sem öflugu smærra ríki en höfnun á þeirri sjálfsímynd að Ísland sé vanmáttugt örríki“. Þetta lýsi ekki „hégómlegu drambi“ heldur eðlilegu endurmati og sífelldri viðleitni til að treysta stöðu Íslands í hnattvæddum heimi nútímans.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem einnig hélt ávarp á vel sóttu málþinginu, sagði Íslendinga eiga „kinnroðalaust að gera sig gildandi“ á alþjóðavettvangi og að sækjast eftir setu í öryggisráðinu væri eðlilegur liður í því.

Bæði Geir og Ingibjörg Sólrún lýstu því yfir að á því rétta ári þangað til gengið verður til atkvæða í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um það hverjar tvær af þeim þremur þjóðum sem eru í framboði fá sæti í öryggisráðinu 2009-2010, verði lagt aukið kapp á kynningu á framboði Íslands, enda geti slík kynning á þessum lokaspretti ráðið úrslitum.

Aðrir fyrirlesarar á málþinginu voru Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði, Alyson Bailes, fyrrverandi forstöðumaður sænsku friðarrannsóknastofnunarinnar SIPRI og gestaprófessor við Háskóla Íslands, og Björg Thorarensen lagaprófessor.



**OPNUÐU MÁLFUNDARÖÐ** Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra fluttu ávörp á vel sóttu málþingi í hátíðarsal HÍ í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ingibjörg Sólrún lagði í lokaorðum áherslu á að opinber umræða um stöðu, hlutverk og stefnu Íslands í alþjóðakerfinu væri mjög mikilvæg; ekkert væri verra en að stjórnvöld einangruðust frá borgurunum við mótun stjórnarstefnunnar og hún vonaðist til að málfundaröð sem þessi gagnaðist til að virkja almenning til þátttöku.

Geir boðaði jafnframt að ríkisstjórnin hygðist styrkja faglega umfjöllun um íslensk utanríkis- og öryggismál með því að stofna Rannsóknasetur um utanríkis- og öryggismál, sem yrði í senn samráðsvettvangur stjórnmálaflokkanna um öryggismál og öflug rannsókna-stofnun. Þar gæfist stjórnmálamönnum, embættismönnum og fræðimönnum tækifæri til að fjalla um og rannsaka íslensk utanríkis- og öryggismál með markvissari hætti en tíðkast hefur.

audunn@frettabladid.is

Hjallaskólar vinsælir:

# Nemendafjöldi tvöfaldast

**MENNTUN** Nemendafjöldi í Hjallaskólum hefur tvöfaldast á milli ára. Þetta kemur fram í ársreikningi Hjallastefnunnar.

Skólum Hjallastefnunnar fjölgaði úr þremur í átta, nemendum fjölgaði úr 380 í 750 og velta félagsins fór úr 276 milljónum í um hálfan milljarð.

Margrét Pála Ólafsdóttir er frumkvöðull Hjallastefnunnar en hún stofnaði fyrirtækið árið 2000 í kringum leikskólann Hjalla í Hafnarfirði.

Nú eru Hjallaleikskólar í Garðabæ, Reykjanesbæ, Reykjavík, Akureyri og Bifröst. Félagið rekur einn skóla sem starfar bæði á leik- og grunnskólastigi í Garðabæ og er með útibú í Hafnarfirði og á háskólasvæði Keilis í Reykjanesbæ. - lbb

Jón Þór Sturluson:

# Hættur í bankaráði

**STJÓRNMÁL Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra, tilkynnti á fundi bankaráðs Seðlabankans á fimmtudag að hann segði sig frá störfum bankaráðsins.**



**JÓN ÞÓR STURLUSON**

**Ekki hefur verið ákveðið hver mun setjast í bankaráð í hans stað, en forseti Alþingis fékk í gær bréf þess efnis að Jón Þór væri hættur og að Alþingi þyrfti að tilnefna nýjan fulltrúa.**

**Þar til Alþingi kýs nýjan fulltrúa mun varamaður Jón Þórs, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, taka sæti Jóns Þórs í bankaráði Seðlabankans. - ss**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Árekstur við Vatnagarða

Ökumenn tveggja bifreiða voru fluttir á slysadeild eftir harðan árekstur við Vatnagarða í gærmorgun klukkan ellefu. Báðir bílarnir voru dregnir á brott með kranabíl. Meiðsl ökumanna voru minniháttar.

### Fullur á miðri götu

Lögreglan hafði afskipti af ölvuðum manni á hjóli í fyrrinótt í Skeifunni. Hann var á miðri götunni svartklæddur, á svörtu hjóli, ljóslaus og án hjálms. Maðurinn var handtekinn og tekin af honum blóðprufa.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**RIGNING Í KVÖLD**

Enn eitt úrkomubeltið gengur inn á suðvestanvert landið þegar líður á síðdegið og í kvöld verður víðast komin rigning og töluvert vatnsmagn er að sjá í þessu í nótt. Nú með morgninum og eitthvað fram á daginn á ég frekar von á því að það verði úrkomulítið á landinu en þó gæti dropað vestan til og sums staðar fyrir norðan.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Vaxandi suðaustanátt, 8-10 síðdegis. Úrkomulítið í fyrstu en rigning síðdegis og í kvöld. Hiti 9-13 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C skýjað | London | 24°C léttskýjað | Friedrichshafen | 20°C léttskýjað |
| Billund | 17°C skúrir | París | 23°C léttskýjað | Basel | 21°C léttskýjað |
| Osló | 19°C léttskýjað | Amsterdam | 20°C hálfskýjað | Alicante | 27°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 15°C rigning | Frankfurt | 20°C rigning | Róm | 25°C skýjað |
| Gautaborg | 20°C hálfskýjað | Berlín | 18°C rigning | Las Palmas | 23°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




Mitsubishi Outlander hefur verið endurhannaður frá grunni. Útkoman er einhver glæsilegasti sportjeppi sem sést hefur. Og útlitið segir ekki allt, því það er urrandi kraftur í DI-D dísilvélinni og byltingarkenndur drifbúnaðurinn kemur þér í jeppagírinn þegar þess þarf.

2WD 4WD LÆSING

Aftengjanlegt fjórhjóladrif

- Öflug og sparneytin 140 hestafla DI-D dísilvél (eyðsla 6,9 l í blönduðum akstri)
- Sérhannað Rockford hljóðkerfi
- Frábært 7 sæta innra rými
- 18" álfelgur
- Leðurinnrétting
- Þakbogar
- Mikil veghæð

Til afgreiðslu strax

MITSUBISHI MOTORS

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

## KJÖRKASSINN



*Vissir þú að Þingvellir væru ekki á mörkum tveggja heimsálfa?*

| | |
|---|---|
| Já | 40% |
| Nei | 60% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér of lítil samkeppni á fiskmarkaðnum í dag?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Ein kona og fjórir karlmenn ákærð fyrir hrottalegt ofbeldi:

# Rændu mann og misþyrmdu

**DÓMSMÁL** Fimm manns, fjórir karlmenn og ein kona, hafa verið ákærðir fyrir frelsissviptingu, húsbrot, rán, gróft ofbeldi og morðhótanir gegn manni í Reykjavík.

Fimmmenningarnir ruddust inn á heimili mannsins í janúar. Konan blekkti manninn til að hleypa sér inn og hleypti síðan mönnunum inn. Tveir þeirra þvinguðu fórnarlambið til að setjast á stól og konan batt hann síðan fastan, keflaði hann með munnkúlu með áfastri ól og setti leðurgrímu yfir höfuð hans.

Tveir mannanna kýldu síðan manninn í andlitið, spörkuðu í hann og annar þeirra hellti eldfimum vökva yfir hann. Manninum var síðan hótað frekari barsmíðum, að tennurnar í honum yrðu mölvaðar og borað yrði í hnéskeljar hans. Honum var einnig hótað að dælt yrði í hann úr sprautu þannig að hann hlyti bana af. Þá var honum ógnað með hnífi og hann barinn með járnstöng. Tilgangur þessara ofbeldisaðgerða fimmmenninganna var að fá manninn til að vísa á verðmæti í íbúð sinni, fá hann til að afhenda lykla að bifreið sinni og gefa út afsal fyrir henni.

Fimmmenningarnir höfðu á brott með sér verðmæti í eigu mannsins að andvirði hundraða þúsunda króna, þar á meðal bifreiðina. - jss



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Fimmmenningarnir voru ákærðir fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðis:

# Vantar fleiri slökkviliðsmenn

**VINNUMARKAÐUR Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn vantar á höfuðborgarsvæðinu. Auglýst var eftir starfsfólki á vef slökkviliðsins í gær. Margvíslegar kröfur eru gerðar um líkamlegt og andlegt atgervi, og er hægt að sækja um til 26. september.**

**Þorsteinn Karlsson, deildarstjóri fjármáladeildar, segir ekki um mikinn starfsmannaskort að ræða, en árleg starfsmannavelta valdi því að þurfi að auglýsa eftir fólki. „Það stendur líka til að fjölga stöðugildum eftir rúmt ár og þess vegna ráðum við ívið fleiri í ár," segir hann. - sþs**






# Kaupþing stefnir á upptöku evrunnar

**Fyrir stjórnarfund Kaupþings verður lögð tillaga um að bankinn taki upp evru sem uppgjörsmynt og í kauphöll. Forstjóri Glitnis segir langtímahagsmunum landsins betur borgið með stöðugri mynt. Landsbankinn vill að reikningsskilareglur ráði.**

**VIÐSKIPTI** „Í mínum huga hefur sífellt orðið ljósara að krónan hentar okkur ekki sem uppgjörsgjaldmiðill og ekki sem skráningargjaldmiðill fyrir hlutabréf okkar," segir Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings banka. Hann leggur fyrir stjórnarfund bankans í lok september tillögu um að bankinn geri upp í evrum í stað krónu og skrái sömuleiðis hlutabréf sín í evrum.

Til þess að breytingin nái fram að ganga á næsta reikningsári hjá Kaupþingi þarf að sækja um heimild til að færa reikninga í annarri mynt en krónu til ársreikningaskrár hjá Ríkisskattstjóra fyrir lok október.

Sigurður gerir ráð fyrir að um komandi áramót verði um 15 prósent af áhættu bankans hér á landi. Krónan segir hann hins vegar að ýki sveiflur hlutabréfa bankans í Kauphöllinni í Stokkhólmi því gengi hlutabréfa hér virðist sveiflast í takt við krónuna. Þá segist Sigurður ekki eiga von á að fyrirætlanir bankans mæti andstöðu hjá stjórnvöldum og telur að hér á landi eigi fordómalaust að skoða upptöku evru, enda sé krónan að syngja sitt síðasta.

„Engin umræða hefur átt sér stað um slíkar ákvarðanir hjá æðstu yfirstjórn bankans," segir Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbanka Íslands, um hvort Landsbankinn kunni að taka upp reikningshald í evrum eða skrá hlutabréf sín í sömu mynt. Hann telur hins vegar eðlilegt að ákvörðun um þessa hluti ráðist af alþjóðlegum reikningsskilareglum. „Þær gera ráð fyrir að félög geri upp og skrái hlutabréf sín í þeirri mynt sem er starfrækslumynt viðkomandi félags. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilareglum er það sú einstaka mynt sem vegur þyngst í útgjöldum félagsins. Ef gjöld og tekjur eru orðnar meira en 50 prósent í tiltekinni mynt annarri en krónu hjá félagi skráðu hér á landi myndu ákvæði reikningsskilareglna benda til að eðlilegt væri hjá því félagi að huga að hvort ástæða væri til að breyta," segir Halldór og kveður þeim tímapunkti ekki náð hjá Landsbankanum. „Þetta eru hin almennu sjónarmið, en kunna þó að þurfa nánari skoðun í tilviki fjármálafyrirtækja sem eru kerfisbankar í viðkomandi ríki."

Lárus Welding, forstjóri Glitnis, segir spurninguna um myntina mikilvæga fyrir fjármálafyrirtæki. „Ljóst er að langtímahagsmunum Íslands er best borgið með að meiri stöðugleiki sé í myntinni en verið hefur. Það er erfitt að sjá að það gerist með öðru en aðild að stærra myntkerfi, svo sem evrunni."

olikr@frettabladid.is



**Á AÐALFUNDI KAUPÞINGS Í MARS** Í pontu er Sigurður Einarsson stjórnarformaður og við háborðið Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings. Stjórnendur bankans stefna á að færa sig úr krónu í evru á næsta rekstrarári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### ALFESCA EYKUR HLUTAFÉ OG SKRÁIR Í EVRUM

Hlutafé Alfesca verður skráð í evrum. Þá verður hlutafé félagsins jafnframt aukið um allt að 1,7 milljarða hluta. Tillögur þessa efnis liggja fyrir aðalfundi Alfesca sem verður haldinn mánudaginn 24. september næstkomandi.

Miðað verður við kaupgengið 87,04 við skráningu hlutafjárins í evrur. Mun eitt atkvæði fylgja hverri evru í hlutafé.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvert kaupgengi hlutanna og söluskilmálar verði í hlutafjárútboðinu. Aukning hlutafjárins mun skiptast í tvo jafna hluta. Annars vegar verður hluthöfum heimilt að nýta forkaupsrétt sinn og hins vegar gert að falla frá honum. - hhs

Viðskiptaráðherra undrar sig ekki á ákvörðun Kaupþings:

# Kallar á umræðu um gjaldmiðilinn

Fyrirætlan Kaupþings um reikningshald og kauphallarskráningu í evrum, líkt og Straumur fjárfestingabanki hefur gert, er að mati Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra hluti af þróun hér og kemur ekki á óvart.

„Þetta eru stór alþjóðleg fyrirtæki með langstærstan hluta af sínum rekstri í erlendum gjaldmiðlum," segir hann og telur ákvarðanir bankanna varpa ljósi á þróun í kring um okkar eigin gjaldmiðil.

„Stjórnarformaður Kaupþings skorar snaggaralega á Íslendinga að taka almennt upp umræðuna um evru og gjaldeyrismál, líkt og ég hef sjálfur gert. Ég fagna mjög ummælum hans og tel að menn eigi að taka þessa umræðu alvarlega, bæði um einhliða upptöku evru og eins um aðildarumsókn að Evrópusambandinu, sem ég hef sjálfur talað fyrir og tel miklu vænlegri," segir hann.

Björgvin segir hins vegar ljóst að reyni á lítinn gjaldmiðil í opnu hagkerfi og að ákvarðanir bankanna varpi ljósi á almenna umræðu hér um hvernig gengismálum þjóðarinnar sé best borgið. „Viljum við að gjaldmiðillinn okkar verði hluti af stærri gjaldmiðli, eða að við berjumst við að halda úti sjálfstæðum gjaldmiðli sem svona fáir nota og fáir vilja eiga viðskipti með. Fara þarf áfram með þessa umræðu og hún þarf að eiga sér stað á næstu mánuðum og misserum," segir Björgvin og bendir á að þróunin sé hröð. „Bæði almenningur og fyrirtæki kalla mjög alvarlega á að kannað sé hvaða möguleikar séu í stöðunni hvað gjaldmiðilinn varðar." - óká



**VIÐSKIPTARÁÐHERRA** Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir ljóst að fórnarkostnaður sé mjög mikill við að halda hér úti sjálfstæðum gjaldmiðli.



# TAX FREE DAGAR

Dagana 8.-9. september afnemum við VSK af ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa tvo daga.

*Fatnaður á alla fjölskylduna*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 9. september 2007.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




Klæddist stolnum joggingbuxum undir eigin buxum:

# Reyndi að ganga út í ránsfengnum

**LÖGREGLUMÁL** Sautján ára stúlka reyndi að stela joggingbuxum í fataversluninni Sparkz í Kringlunni um fimmleytið í fyrradag.

Stúlkan hafði fjarlægt þjófavarnarmerki af joggingbuxum og klætt sig í sínar eigin buxur yfir. Árvökull starfsmaður búðarinnar fann þjófavarnarmerkið á gólfinu og kallaði á öryggisvörð sem hringdi á lögregluna.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu koma upp nokkur tilvik á dag vegna búðarhnupls í Kringlunni. - lbb



**NOKKRIR GRIPNIR Á DAG** Lögreglan fær nokkrar hringingar á dag vegna búðarhnupls í Kringlunni.



**FRÁ KÁRAHNJÚKUM** Vinnumálastofnun beitti harðari aðgerðum á fimmtudaginn en áður hefur verið beitt til að tryggja réttindi starfsmanna við Kárahnjúka. Verkalýðsfélög segja ekki nóg að gert. MYND/KRISTÍN BOGADÓTTIR

# Vantrausti lýst á Vinnumálastofnun

**Verkalýðsfélög eru óánægð með aðgerðir Vinnumálastofnunar við Kárahnjúka, sem gengu ekki nógu langt að þeirra mati. Ráðherra bendir á að markmið aðgerðanna hafi ekki verið vinnustopp heldur árangur.**

**VINNUMARKAÐUR** Starfsgreinasamband Austurlands (AFL) og Rafiðnaðarsamband Íslands sendu frá sér harðorðar yfirlýsingar í gær um aðgerðir Vinnumálastofnunar við Kárahnjúka.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

AFL segir að nú sé svo komið að stjórn félagsins treysti ekki Vinnumálastofnun til að verja rétt launafólks í landinu. Miðað við vinnubrögðin þurfi verkalýðshreyfingin sjálf að annast þetta í framtíðinni.

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir stofnunina „enn einu sinni með allt niðrum sig“. Hún hafi sent þau skilaboð til fyrirtækja að engu skipti þótt þau brjóti samninga á starfsmönnum.

Vinnumálastofnun fór á fimmtudag á Kárahnjúka í fylgd lögreglu í þeim yfirlýsta tilgangi að stöðva framkvæmdir vegna óskráðra starfsmanna hjá tveimur fyrirtækjum. Upphaflega átti að stöðva vinnu fyrirtækjanna á mánudag. Þess í stað var samið við þriðja fyrirtækið, Arnarfell. Fundurinn tók um fimm klukkutíma.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra kveður ásakanirnar gegn Vinnumálastofnun ómaklegar. Hún bendir á að samningarnir hafi verið bornir undir aðaltrúnaðarmanninn á Kárahnjúkum. Hann hafi síðan hrósað framgöngu Vinnumálastofnunar í sín eyru.

Aðgerðin hafi verið fyrsta skrefið í herferð til að uppræta svona starfsemi. Hún verði ekki liðin hér eftir.

„Ég er mjög ánægð með hert vinnubrögð Vinnumálastofnunar að undanförnu. Niðurstaðan á Kárahnjúkum var sú að Arnarfell ábyrgist réttindi starfsmannanna að öllu leyti og að greitt verður í samræmi við kjarasamninga, ekki bara í framtíðinni, heldur einnig aftur í tímann,“ segir hún.

Spurð hvort þetta þýði ekki að fyrirtæki geti hér eftir stólað á að óþarfi sé að semja við Vinnumálastofnun fyrr en stofnunin mæti í lögreglufylgd, segir Jóhanna svo ekki vera.

„Þetta hefur aldrei verið gert áður og markmiðið er auðvitað ekki að loka fyrirtækjum, heldur að ná fram réttindum starfsmanna. Við teljum að þessu markmiði hafi verið náð og munum beita öllum tiltækum ráðum til að uppræta þessa starfsemi í framtíðinni,“ segir Jóhanna.

klemens@frettabladid.is



Tækniráðstefna um Kárahnjúkavirkjun

*Landsvirkjun efnir til ráðstefnu um Kárahnjúkavirkjun í Reykjavík **17. og 18. september**, þar sem fjöldi íslenskra og erlendra sérfræðinga flytur erindi um alla helstu þætti þessarar stærstu framkvæmdar sem ráðist hefur verið í á Íslandi. Ráðstefnan fer fram á ensku og er einkum ætluð fagfólki sem tengist framkvæmdum af þessu tagi.*

Meðal annars verður fjallað um undirbúning virkjunarinnar, hönnun mannvirkja, sjálfar framkvæmdirnar ofan- og neðanjarðar, tæki og tæknibúnað, umhverfisvöktun og upplýsingamiðlun.

Gert er ráð fyrir kynnisferð ráðstefnugesta um framkvæmdasvæðið á Austurlandi miðvikudaginn 19. september. Gjald fyrir ferðina er 20.000 krónur.

Ráðstefnan verður haldin á **Grand Hóteli** í Reykjavík mánudaginn 17. og þriðjudaginn 18. september. Gestir á ráðstefnunni skrái sig í síðasta lagi **þriðjudaginn 11. september**. Aðgangur er ókeypis.

Dagskrá tækniráðstefnunnar um Kárahnjúkavirkjun er birt í heild á heimasíðu Kárahnjúkavirkjunar, **www.karahnjukar.is**. Þar er jafnframt hægt að skrá sig til þátttöku á ráðstefnunni.

PIPAR • SÍA • 71727



Nánari upplýsingar veitir Margrét Óskarsdóttir, margreto@lv.is, sími 862 4120.

Landsvirkjun

512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið

# BÓKMENNTAHÁTÍÐ
## Í REYKJAVÍK

### Sunnudagur 9. september

***Iðnó kl. 20:00. Upplestur***

Claudio Pozzani
Steinunn Sigurðardóttir
Hanne Ørstavik
Hlé
Ayaan Hirsi Ali
J.M. Coetzee

### Mánudagur 10. september

***Norræna húsið. Hádegisspjall.***

Kl. 12:00: Kim Echlin
Kl. 12:30: Ayaan Hirsi Ali

***Norræna húsið kl. 14:00.***
***Pallborðsumræður:***
***Sögulegar skáldsögur***

Tracy Chevalier
Robert Löhr
Daniel Kehlmann

***Iðnó kl. 20:00. Upplestur.***

Linda Vilhjálmsdóttir
Daniel Kehlmann
Bragi Ólafsson
Hlé
Carla Guelfenbein
Tracy Chevalier

### Þriðjudagur 11. september

***Norræna húsið. Hádegisspjall.***

Kl. 12:00: Carl Jóhan Jensen
Kl. 12:30: Nicola Lecca

***Norræna húsið kl. 14:00.***
***Pallborðsumræður:***
***Innflytjendabókmenntir.***

Jonas Hassen Khemiri
Maryna Lewycka
Sasa Stanisic

***Iðnó kl. 20:00. Upplestur.***

Einar Már Guðmundsson
Nicola Lecca
Carl Jóhan Jensen
Hlé
Marina Lewycka
Jonas Hassen Khemiri

### Miðvikudagur 12. september

***Norræna húsið. Hádegisspjall.***

Kl. 12:00: Carla Guelfenbein
Kl. 12:30: Roddy Doyle

***Hátíðarsalur Háskóla Íslands kl. 16:00.***
***Fyrirlestur.***

J.M. Coetzee

***Iðnó kl. 20:00. Upplestur.***

Andri Snær Magnason
Tapio Koivukari
Guðbergur Bergsson
Hlé
Kirsten Hammann
Roddy Doyle

### Fimmtudagur 13. september

***Iðnó kl. 20:00. Upplestur.***

Þórdís Björnsdóttir
Morten Ramsland
Kim Echlin
Hlé
Jón Kalman Stefánsson
Jon Halliday/Jung Chang

### Föstudagur 14. september

***Norræna húsið. Hádegisspjall.***

Kl. 12:00: Yasmin Crowther
Kl. 12:30: Jon Halliday/Jung Chang

***Norræna húsið kl. 14:00.***
***Pallborðsumræður: Norrænir höfundar.***

Kirsten Hammann
Tapio Koivukari
Morten Ramsland
Hanne Ørstavik

***Háskólabíó – salur 1 kl. 15:15.***
***Fyrirlestur.***

Jung Chang

***Iðnó kl. 20:00. Upplestur.***

Sasa Stanisic
Guðrún Helgadóttir
Robert Löhr
Hlé
Arnaldur Indriðason
Yasmin Crowther

### Laugardagur 15. september

***Oddi, stofa 101 kl. 10-16.***
***Hvað er fyrir handan?***
***Málþing um þýðingar.***

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.160 **-1,21%**

**Fjöldi viðskipta:** 318
**Velta:** 5.418 milljónir

| MESTA HÆKKUN | |
|---|---|
| ATLANTIC PE. | +1,71% |
| ALFESCA | +0,49% |

| MESTA LÆKKUN | |
|---|---|
| FL GROUP | -3,75% |
| CENTURY AL. | -3,38% |
| TEYMI | -2,41% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,89 -0,10% ... Bakkavör 65,80 -0,75% ... Eimskipafélagið 40,70 -0,25% ... Exista 33,45 -0,89% ... FL Group 25,70 -3,75% ... Glitnir 28,35 -1,22% ... Icelandair 27,20 -0,73% ... Kaupþing 1.136 -0,79% ... Landsbankinn 40,75 -1,69% ... Straumur-Burðarás 19,90 -1,00% ... Össur 103,50 -1,43% ... Teymi 6,08 -2,41%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápur...*

**Vélabóndinn**

Nokkuð hefur verið rætt upp á síðkastið um netþjónabú, sem bandarísku hugbúnaðar- og netfyrirtækin Microsoft, Yahoo, Google, ásamt öðrum, eru að skoða að reisa hér á landi. Á ráðstefnu Skýrslutæknifélags Íslands í vikunni um netþjónabúin komu upp vangaveltur um nafnið enda gætu bú sem þessi geymt mun meira en netþjóna eina. Nokkrum nýjum heitum var varpað fram, svo sem gagnamiðstöð og vélabú, sem vísar til þess að þeir sem reki búið séu vélabændur líkt og kollegar þeirra með kýrnar. Hjálmar Gíslason hjá Símanum, sem átti hugmyndina, sagði þetta nærtækasta dæmið í sínum huga. „Ég er úr sveit,“ sagði hann.



**Nördar ráða staðarvali**

Ekki liggur fyrir um hugsanlega staðsetningu netþjónabúa, ef af verður. Sol Squire, forstjóri gagnageymslufyrirtækisins Data Islandia, sem hefur skoðað möguleikann á byggingu netþjónabús, sagði á ráðstefnunni hægt að reisa þau hvar sem er. En tvö atriði skipti þó höfuðmáli: „Þetta fer allt eftir nördunum. Í fyrsta lagi verða nördar að geta ekið til netþjónabúanna en í öðru lagi verður að vera stutt á stað þar sem hægt er að kaupa pizzur og Pepsi Max,“ sagði hann og benti á að sé hlúð að þörfum nördanna sé fátt sem standi í vegi fyrir öruggum rekstri netþjónabúa hér á landi.

## MARKAÐSPUNKTAR

Bandarísk fyrirtæki sögðu upp fjögur þúsund starfsmönnum í ágúst. Uppsagnirnar eru raktar til ástands á fjármálamörkuðum heims vegna vanskila á annars flokks húsnæðislánum í Bandaríkjunum.

Guðmundur Davíðsson hefur verið ráðinn forstjóri yfir starfsemi Eimskips á Íslandi. Í tilkynningu frá félaginu segir að ráðningin sé til komin vegna skipulagsbreytinga sem fela í sér að Norður-Atlantshafssvæði félagsins verði skipt í tvennt.

Úrvalsvísitalan lækkaði um 1,21 prósent í gær og stendur í 8.160 stigum. Gengi bréfa í FL Group lækkaði mest, eða um 3,75 prósent. Gengi einungis tveggja félaga hækkaði, Atlantic Petroleum og Alfesca.






# Rauð ljós á markaði



**ALAN GREENSPAN** Seðlabankastjórinn fyrrverandi segir óróleika á fjármálamörkuðum síðustu vikur líkan hruni á fjármálamörkuðum undir lok síðustu aldar.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Dauft var yfir helstu fjármálamörkuðum í gær en gengi hlutabréfa lækkaði í Evrópu og Asíu auk þess sem helstu vísitölur fóru niður um allt að tvö prósent við opnun markaða í Bandaríkjunum.

Munar þar um tölur bandarísku Vinnumálastofnunarinnar sem birtar voru í gær og sýna að mun fleiri hafi misst vinnuna í Bandaríkjunum í síðasta mánuði en gert var ráð fyrir. Flestir hættu í byggingariðnaði og framleiðslugreinum en á móti varð aukning í heilbrigðis- og menntageiranum. Atvinnuleysi stendur eftir sem áður óbreytt milli mánaða, 4,6 prósent.

Inn í spila ummæli Alans Greenspan, fyrrum seðlabankastjóra Bandaríkjanna, sem segir ótta stýra ákvarðanatöku fjárfesta og líkti óróleika á fjármálamörkuðum við niðursveifluna á árunum 1987 og 1998.

Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, segir í samtali við fréttaveituna Bloomberg í gær að tölur um atvinnuþátttöku kæmu stundum á óvart. „Þróunin er aldrei línuleg, stundum koma sveiflur,“ segir hann. **- jab**






# Álagið eykst í kjölfar óróa á markaði

Skuldatryggingarálag íslensku viðskiptabankanna hefur hækkað töluvert undanfarinn mánuð í kjölfar óróa á erlendum fjármálamörkuðum. Álag Kaupþings hefur rúmlega þrefaldast og er það nú hærra en þegar það var hæst í mars í fyrra. Sömu sögu er að segja af skuldatryggingarálagi Glitnis, sem hefur hækkað næstmest. Álag Landsbankans hefur rúmlega tvöfaldast á sama tíma en það er engu að síður þriðjungi lægra en það var í mars í fyrra.

Greiningardeild Landsbankans segir í Vegvísi sínum í gær að síðan í júní hafi álagið farið hækkandi og hafi vísitala yfir skuldatryggingarálag fjármálafyrirtækja (ITRAXX-vísitalan) rúmlega fimmfaldast síðan þá.



**KAUPÞING** Höfuðstöðvarnar í Borgartúni.

Þótt álagið hafi aukist mikið síðustu vikur bendir greiningardeildin hins vegar á að hækkun íslensku bankanna sé hlutfallslega nokkuð minni en hækkun fjármálavísitölunnar á sama tímabili. **- jab**

# Þrír sparisjóðir vilja sameinast

Forsvarsmenn Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda ætla að leggja til við fundi stofnfjáreigenda í nóvember að sjóðirnir sameinist.

Unnið er að samrunaáætlun en ætla má að Sparisjóðurinn í Keflavík, þriðji stærsti sparisjóður landsins, taki langstærstan hlut gangi tillagan eftir.

Stjórnendur sjóðanna telja að margvísleg tækifæri felist í samruna sjóðanna. Þeir nefna til dæmis að útlána- og fjárfestingargeta aukist til muna.

Samanlagt eigið fé sparisjóðanna er um 21 milljarður króna og gera áætlanir ráð fyrir að stofnfé verði aukið í tengslum við sameininguna. Það komi til með að verða 5,7 milljarðar. **- eþa**




GLITNIR STYRKIR AFREKSKONUR Í ÍÞRÓTTUM

Afrekskvennasjóður Glitnis og Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands var stofnaður í byrjun ársins með 20 milljóna króna framlagi Glitnis. Tilgangur sjóðsins er að styðja við bakið á afrekskonum í íþróttum og gera þeim betur kleift að stunda íþrótt sína og ná árangri.

Sjóðurinn auglýsir eftir umsóknum um styrki. Umsóknarfrestur er til fimmtudagsins 13. september.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á **www.glitnir.is** og **www.isi.is.**

GLITNIR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvenær á að hlæja að þeim sem hlusta á útlendinga?

## Krónan

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Háð getur verið beittara en röksemdir í pólitískri umræðu. Það er gömul saga og ný. Íslendingar voru lengur að hverfa frá höftum og miðstýringu en aðrar vestrænar þjóðir. Það skýrist meðal annars af því að lengi var skopast að þeim sem sagðir voru gapa upp í erlenda sérfræðinga og boðuðu frjáls viðskipti.

Ýmsir voru farnir að trúa því að höftin væru séríslensk hagfræðikenning. Fram á tíunda áratug síðustu aldar töluðu virtir menn enn um að vestræn hagfræðilögmál ættu ekki við á Íslandi. Í reynd voru höftin þó tær erlend kenningasmíð sem Íslendingar trúðu hins vegar lengur á en flestir aðrir. Það var það eina sem var séríslenskt við þau.

Um nokkurra missera skeið hafa Samtök atvinnulífsins talið að Seðlabankinn ætti að lækka vexti þrátt fyrir þenslu og þvert á ríkjandi erlendar kenningar. Seðlabankinn hefur þar á móti fylgt fram af mikilli festu og einurð peningastefnu sem grundvallast á erlendum hagfræðikenningum og góð reynsla er af í öðrum vestrænum myntsamfélögum.

Seðlabankinn hefur bæði hlustað á erlenda kenningasmiði á þessu sviði og tekið mark á reynslu annarra seðlabanka um að árangur stefnunnar ráðist af festu og trúverðugleika. Samtök atvinnulífsins hafa hins vegar talað fyrir hagfræðilegum úrlausnum sem segja má að séu í ríkari mæli heimatilbúnar.

Sannarlega er það svo að Samtök atvinnulífsins hafa sitt hvað til síns máls í gagnrýni sinni á núverandi stöðu. Þeim hefur þó ekki tekist að sýna fram á að eftirgjöf af hálfu Seðlabankans myndi tryggja langvarandi stöðugleika. Fyrir þá sök er rétt að virða að Seðlabankinn hefur hlustað meir á ráð og kenningar erlendra sérfræðinga. Ástandið væri trúlega verra ef hann hefði ekki gert það.

Þetta breytir ekki hinu að Ísland hefur þolað meiri peningalegan óstöðugleika en aðrar þær þjóðir sem næst standa í menningar- og viðskiptalegum efnum. Skiljanlegt er að hvorki atvinnulífið né heimilin sætti sig við að Ísland festist í því fari. Í því liggja margar hættur bæði fyrir heimilin og fyrirtækin.

Ástæðuna fyrir óstöðugleikanum er á hinn veginn ekki unnt að rekja til einhverra grundvallar mistaka í hagstjórn stjórnvalda eða Seðlabanka. Hundurinn liggur annars staðar grafinn. Þeirri staðreynd þarf að gefa gaum.

Fáir erlendir hagfræðingar hafa gefið sér tóm til að rýna sérstaklega í íslenska hagkerfið. Sumir þeirra fáu sem það hafa gert hafa bent á að kraftar utan íslenska hagkerfisins ráði meir um straumstefnu krónunnar en kraftar Seðlabankans. Þetta leiðir af sjálfu sér þegar krónan flýtur á algjörlega opnu alþjóðlegu peningahafi.

Í fljótu bragði sýnast þeir sem koma fram með þessar ábendingar hafa nokkuð til síns máls. Með skynsamlegum rökum er ekki unnt að gera þá kröfu til Seðlabankans að hann ráði við alla þá krafta sem raunverulega stýra striki krónunnar. Spurningin er sú hvort rétt er að leggja við hlustir þegar kenningar af þessu tagi eru settar fram af útlendingum. Annar kostur er að hlæja að þeim sem það gera.

Sjálfsagt er ekki til neitt lögmál sem mælir rétt eða rangt í því efni. En fátt bendir til að unnt sé að njóta hvors tveggja í senn, krónu og stöðugleika. Honum geta svo fylgt hliðarverkanir, meiri hagstjórnaraga bæði í kjarasamningum og við fjárfestingarákvarðanir. Matið snýst á endanum um það hvort hliðarverkanirnar eru skárri en óstöðugleikinn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þingvallastjórnin fundar

Ríkisstjórnarfundur fór fram í gær eins og venja er til á föstudegi. Hins vegar var brugðið út af vananum að því leyti að fundurinn var haldinn á Þingvöllum í stað stjórnarráðsins. Og hann var haldinn klukkan þrjú síðdegis í stað þess að vera fyrir hádegi. Fundurinn var með óhefðbundnu sniði og munu ráðherrar og makar hafa snætt kvöldverð saman að honum loknum. „Peppfundur“ var hann kallaður í ríkisstjórnarliðinu – enda kannski ekki vanþörf á fyrir Geir H. Haarde forsætisráðherra að hrista saman ríkisstjórnina áður en þing hefst með tilheyrandi ati. Hefð er fyrir að halda slíka fundi öðru hvoru en segja má að Þingvellir séu einkar góður vettvangur fyrir þessa ríkisstjórn sem vildi helst láta kenna sig við Þingvelli enda var gengið frá stjórnarmyndun þar.



### Vesturbakkinn og Ameríka

Í dálknum hér í gær var greint frá því að Ómar Ragnarsson hefði í grein haldið því fram að Þingvellir væru á mörkum tveggja heimsálfa, en eins og sagt var frá í Fréttablaðinu í vikunni er það ekki rétt. Ómar hafði samband og vildi koma því á framfæri að rétt væri eins og hann hélt fram í greininni að vesturbakki Almannagjár væri endimörk Ameríkuflekans og því rétt að vesturbakkinn táknaði Ameríku. „Ég minnist ekki á það í greininni hvar austurbakkinn sé enda sést hann ekki fyrr en löngu austar. Landrekið sést í Gjástykki, sem grein mín fjallaði um, og enn betur á Reykjanesi þar sem styst er á milli flekanna,“ sagði Ómar í athugasemd til blaðsins.

### Stríðsmaður Íslands

Hákon Aðalsteinsson skáld og skógarbóndi fylltist innblæstri yfir þeim tíðindum að kalla ætti fulltrúa íslensku friðargæslunnar í Írak, Herdísi Sigurgrímsdóttur, heim og sendi okkur þessa stöku:

*Staðan í Írak er verri en hún var /*
*varnarlaus hermanna skarinn /*
*Stefnir í sundrungar styrjalda þar /*
*því stríðsmaður Íslands er farinn*



sigridur@frettabladid.is

# Framfaragoðsögnin

Eins og finnski heimspekingurinn Georg Henrik von Wright benti á, þá er framfarahugtakið gildishlaðið orð og sker sig að því leyti frá skyldum hugtökum á borð við breyting, vaxtaraukning eða þróun. Framfarir eru jákvæðar og í andstöðu við afturhald eða hnignun.

Í ljósi þessa er sérkennilegt hversu mjög inntak framfarahugtaksins er á reiki. Flestir telja sig vilja framfarir, en ekki er þar með sagt að stefnan sé endilega sú sama hjá þessu framfarasinnaða fólki. Framfarir geta haft mismunandi merkingu fyrir ólíka einstaklinga. Þess vegna er hætt við að umræða um framfarir verði marklaus. Hugtakið er ekki nothæft ef öllum finnst þeir stefna fram á við en fara eigi að síður í ýmsar áttir.



SVERRIR JAKOBSSON

**Í DAG** | Framfarir

*Framfarir í þessum skilningi hafa gildi í sjálfum sér og því ekki hægt að leggja gildismælikvarða á þær. Þannig eru allar leiðir til að auka hagvöxt góðar...*

#### Vísindi og framfarir

Í orðræðu um vísindi er iðulega rætt um framfarir. Vísindasagnfræðingurinn Thomas S. Kuhn reyndi að skilgreina hvernig framfarir yrðu innan vísinda og lagði áherslu á snögg umskipti í hugsun manna um tiltekin viðfangsefni, sem hann kallaði vísindabyltingar. Dæmi um slík umskipti er sólmiðjukenning Kópernikusar. Á hinn bóginn er ekki einfalt að skilgreina hvernig sólmiðjukenningin er framför frá eldri kenningum um stöðu jarðarinnar í veröldinni. Sólmiðjukenningin er ekki beint framhald af því heldur viðsnúningur; ný sýn á gamalt álitamál. Hið sama má segja um fleiri vísindakenningar sem hafa miðað hugsun manna um náttúruna fram á við, s.s. þróunarkenningu Darwins. Þróunarkenningin byggir t.d. ekki á eldri hugmyndum um sköpun lífsins af alvaldri og yfirnáttúrulegri goðveru heldur er í andstöðu við þær.

Framfarir í vísindum felast þannig í einhverju nýju, en alls ekki áframhaldi fyrri vísinda. Þær verða vegna þess að vísindamenn eru gagnrýnir í hugsun og efast um viðtekin sannindi. Hið sama má segja um ýmsar framfarir sem orðið hafa á samfélagsskipaninni. Á 19. og 20. öld vék einræði kónga og keisara fyrir lýðræðisfyrirkomulagi víða um lönd. Víðast hvar var hin nýja stjórnskipan ekki framhald af fyrri stjórnarháttum heldur eitthvað annað; ný stefna og ný hugsun um mannlegt samfélag. Þeir framfarasinnar sem börðust fyrir lýðræði vildu ekki stefna áfram sama veg heldur fara í allt aðra átt. Lýðræði þróast ekki sjálfkrafa úr einræði; til þess að koma því á þarf rof og viðsnúning, jafnvel byltingu.

#### Tæknihugsun um framfarir

Sýn vísindamanna á framfarir er ekki sú eina sem er möguleg og jafnvel má efast um að hún sé ríkjandi. Margir telja sig framfarasinna án þess að því fylgi efasemdir um ríkjandi hugsun eða gagnrýni á viðtekin gildi. Þessari tilteknu framfaragoðsögn fylgir þvert á móti mikil sátt um ríkjandi ástand jafnhliða kröfu um meira af hinu sama. Aukinn hagvöxt, meiri neyslu, fleiri verksmiðjur og meiri orkunotkun til að knýja framleiðsluna.

Þetta viðhorf til framfara er auðsjáanlega gerólíkt því hvernig vísindasagnfræðingar eins og Kuhn skilgreina framfarir í vísindum. Á bak við þessa framfarahugmynd er enginn efi eða gagnrýnin hugsun heldur er búið að formbinda framfarir í afmörkuðum mælanlegum stærðum án þess að velta fyrir sér þeim gildum sem liggja að baki. Aukin þekking og verkkunnátta, sem leiðir til meira drottnunarvalds mannsins yfir náttúrunni, er sjálfkrafa álitin til góðs, óháð því hvort hún er notuð til að lækna sjúkdóma eða smíða kjarnorkusprengjur.

Framfarir í þessum skilningi hafa gildi í sjálfum sér og því ekki hægt að leggja gildismælikvarða á þær. Þannig eru allar leiðir til að auka hagvöxt góðar, allar uppgötvanir ber að hagnýta án tillits til afleiðinga þeirra, allt sem eykur vald mannsins yfir umhverfi sínu er jákvætt óháð því hvort valdinu er beitt til að skapa eða tortíma.

Nú er ekkert sem segir að einn skilningur á framfarahugtakinu sé betri en annar. Hitt er ljóst, að hin vísindalega og tæknilega sýn á framfarir fara ekkert sérstaklega vel saman. Annars vegar er sýn á framfarir sem vélrænt flæði sem leiðir átakalítið til stöðugt meiri vaxtar á ýmsum sviðum. Leiðin til framfara er ein og altæk. Hins vegar er hugmyndin um framfarir sem rof, breytingu á ríkjandi ástandi sem er afleiðing af efa og gagnrýnni hugsun. En eitt af því sem efinn hlýtur að beinast að er einmitt sjálf framfaragoðsögnin.

# Framtíð Kolaportsins

**UMRÆÐAN**

Skipulagsmál



DAGUR B EGGERTSSON

Allt of fáir borgarbúar hafa frétt af þeim áhyggjum sem rekstraraðilar Kolaportsins hafa af framtíð starfseminnar. Ástæðan er tillaga að viðbyggingu við Tollhúsið, Tryggvagötu 19, sem gerir ráð fyrir að efri hæðir hússins og ný viðbygging verði innréttaðar sem bílastæði. Þetta þýðir að tveir inngangar Kolaportsins hverfa, fimmtungur gólfflatarins einnig og lofthæð aðalsölurýmisins lækkar um helming. Þá er ógetið að vegna framkvæmdanna þyrfti Kolaportið að vera lokað í um 18 mánuði.

Sjálfsagt geta margir sett sig í spor starfsfólks í bílastæðavanda. Fáir vinnustaðir búa þó að því að hinum megin götunnar sé verið að steypa stærsta bílakjallara landsins með 1.600 stæðum, neðanjarðar. Viðbyggingu við Tollhúsið væri líka án efa betur varið til að koma þar fyrir höfuðstöðvum fyrirtækja eða miðborgartengdri starfsemi, og þá í sátt við Kolaportið.

Í raun má velta því fyrir sér hvort aðrir fasteignaeigendur en ríkissjóður væru líklegir til að fá þá hugmynd að nýta byggingarmöguleika á þessum eftirsóttasta stað landsins undir bílastæði ofanjarðar. Nýjar höfuðstöðvar Landsbankans, fimm stjörnu hótel á hafnarbakkanum og Tónlistarhúsið sjálft munu í það minnsta rísa á næstu lóðum, án nokkurs einasta bílastæðis ofanjarðar.

Framtíð Kolaportsins snýst þó ekki aðeins um fasteignarekstur eða skipulagsmál. Kolaportið er iðandi mannlífsvettvangur sem er ómissandi vídd í miðborgarlífinu og borgarlífinu yfir höfuð. Kolaportið er kjörlendi þjóðlegra matgæðinga, uppáhaldsverslun hinna fundvísu og einfaldlega skemmtilegur staður til að sýna sig og sjá aðra.

Ýmsar skemmtilegustu og litríkustu borgir heimsins státa af ómissandi mörkuðum í verslunarhverfum eða úthverfum. Í Reykjavík á Kolaportið hins vegar hvergi heima nema í miðborginni. Ekki síst nú þegar við erum að byggja upp fleiri og stærri glæsibyggingar á hafnarsvæðinu en nokkurn tímann fyrr. Kolaportið er nauðsynleg vídd í miðborg sem á að vera fyrir alla. Lúxusvæðum ekki alla hluti. Tryggjum framtíð Kolaportsins.

*Höfundur er oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík.*




**Í tilefni þessa merka áfanga munu SS pylsa og Coke® kosta 20 kr. og rennur allur ágóði til góðgerðamála.**

Við opnum klukkan 10 á laugardagsmorgun í Tryggvagötu, Skeifunni og Smáralind
... og hættum ekki fyrr en allir eru orðnir saddir og sælir á sunnudagskvöld.




*Hlökkum til að sjá ykkur*

*Starfsfólk Bæjarins beztu*

# NÝTT Í EGG

## FULL BÚÐ AF NÝJUM OG SPENNANDI VÖRUM
















Eldhúsinnréttingar Baðinnréttingar Skápar Húsgögn Hreinlætistæki Parket Flísar

**EGG ER STÓRVERSLUN**

- með allt til að innrétta og fegra heimilið þitt









Ljós Raftæki Gjafavara Heimilistæki Búsáhöld Hurðir Veggfóður Hönnunarsetur

EGG
SMÁRATORGI




## MAÐUR VIKUNNAR

# Fluggreind en fljótfær

Greind, er orðið sem flestir viðmælendur taka sér fyrst í munn þegar þeir eru beðnir um að lýsa kostum Berglindar Ásgeirsdóttur, nýjum ráðuneytisstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Fyrir framan skeyta þeir svo ýmist flug-, eðlis-, bráð- eða mjög.

Berglind er aftur komin í gamalkunnugt embætti – í nýju ráðuneyti þó – en hún var ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins um árabil. Hún var fyrst kvenna skipuð ráðuneytisstjóri en það var Jóhanna Sigurðardóttir sem skipaði hana í starfið fyrir tæpum tuttugu árum. Jóhanna vildi helst fá konu og fann hana í stöðu sendiráðunauts í sendiráðinu í Stokkhólmi. Skipunin kom nokkuð á óvart, ekki bara af því að Berglind er kona og var þá aðeins 33 ára, heldur líka vegna þess að hún var lítt þekkt innan embættismannakerfisins. Hermt er að ekki hafi spillt fyrir Berglindi að vera dóttir föður síns, kratans Ásgeirs Jóhannessonar, sem var forstjóri Innkaupastofnunarinnar og bæjarfulltrúi Alþýðuflokksins í Kópavogi, án þess að það hafi ráðið úrslitum.

Ráðuneytisstjóraferill konunnar Berglindar hófst með nokkuð táknrænum hætti; hún byrjaði á að fara í fæðingarorlof.

Á yngri árum sinnti Berglind ýmsum félagsstörfum, sat til dæmis í stjórnum Amnesty International á Íslandi og Kvenréttindafélags Íslands. Á síðari árum hefur hún á hinn bóginn setið í fjölmörgum stjórnum, nefndum og ráðum á vegum stjórnvalda.

„Berglind getur farið á mikið flug þegar hún fær hugmyndir og á auðvelt með að hrífa fólk með sér,“ sagði einn viðmælenda og bætti við að stundum væru hugmyndir hennar fullháleitar fyrir kerfið. Aðrir sögðu hana geta verið fljótfæra og ætla sér um of. Fljótfærnin var raunar sögð hennar helsti galli. Þá var nefnt að hún ætti til að bíta eitthvað í sig og vera lítt fús til að líta á mál frá öðrum hliðum ef hún hefði þegar myndað sér skoðun á því.

Framkoma Berglindar þykir til eftirbreytni, hún kemur vel fyrir sig orði, er kurteis og háttvís og hefur góða stjórn á sjálfri sér. Þá þykir hún prýðisgóður félagi og þægilegur samstarfsmaður.

Í könnun sem tímaritið Sirkus gerði meðal valdra álitsgjafa úr röðum stjórnmála- og blaðamanna á góðum kandídötum í embætti forseta Íslands var Berglind nefnd. Um hana var sagt: „Skarpgreind og glæsileg kona sem hefur náð mjög langt í starfi sínu. Hikar ekki við að taka að sér erfið störf og skilar þeim öllum með miklum sóma. Hefur gegnt hinum ýmsu trúnaðarstörfum fyrir íslenska ríkið og eftir henni er tekið hvarvetna.“ Og: „Hefur fjölþætta reynslu úr stjórnsýslu auk þess sem hún hefur gegnt mikilvægum forystustörfum á alþjóðavettvangi sem einn af framkvæmdastjórum OECD og sem framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs. Vel menntuð, vel máli farin, hefur gott vald á erlendum málum og er vel heima í menningu og sögu þjóðarinnar.“

Á árunum í félagsmálaráðuneytinu starfaði Berglind náið með fjórum ráðherrum og í utanríkisráðinu með tveimur. Hún er því að leggja upp í vegferð með sjöunda ráðherranum. Ráðherrarnir sjö koma úr fjórum stjórnmálaflokkum. Af þessu sést glögglega að menn treysta Berglindi til góðra verka, sama hvar í flokki þeir standa. Einn viðmælendanna gat þess sérstaklega að hún væri afar trú sínum ráðherrum. Sjálf hefur Berglind ekki haft afskipti af stjórnmálum utan að starfa í Vöku í stúdentapólitíkinni í Háskólanum.

Árið 1996 lést eiginmaður Berglindar, Gísli Ágúst Gunnlaugsson, sagnfræðingur og dósent, eftir erfið veikindi. Hún er sögð hafa sýnt mikinn styrk á þeim tíma og reyndi að láta erfiðleika heima fyrir ekki koma niður á störfum sínum.

Eftir margvísleg og ólík störf, innanlands og utan, hefur Berglind öðlast mikla og dýrmæta reynslu. Utan að vinna í Reykjavík hefur hún starfað í Bonn, Stokkhólmi, Kaupmannahöfn og París.

Það er sagt til marks um metnað hennar að reyna fyrir sér á nýjum sviðum en þau sjónarmið heyrast líka að sá fjöldi starfa sem hún hefur gegnt beri vitni um óþreyju. Slíkra einkenna gætir líka í daglegum störfum; Berglind er sögð eiga til að snúa sér að öðrum verkum þó fyrri verkefnum sé ekki að fullu lokið. Þá er nefnt sem bæði kostur og ókostur að hún kafar ekki djúpt ofan í fá mál heldur skautar yfir mörg. Hvað sem því líður er Berglind Ásgeirsdóttir sögð leggja sig alla fram í hverju því sem hún tekur sér fyrir hendur.

Þessari stuttu lýsingu lýkur á orðum eins af viðmælendum Fréttablaðsins sem sagði: „Vingjarnlegur og vel greindur vinnuþjarkur er á leið til starfa í heilbrigðisráðuneytinu.“

## BERGLIND ÁSGEIRSDÓTTIR




## ÆVIÁGRIP

Berglind fæddist í Ólafsvík 15. janúar 1955. Hún er dóttir Sæunnar Sveinsdóttur skrifstofumanns og Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra Innkaupastofnunar ríkisins. Yngri bræður hennar eru Lárus Sigurður og Þór Heiðar. Hún var gift Gísla Ágústi Gunnlaugssyni sagnfræðingi og dósent sem lést 1996. Börnin eru þrjú, fædd 1981, 1988 og 1993.

Berglind lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Tjörnina 1972, lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1978 og MA-prófi í alþjóðasamskiptum frá Boston University 1985.

Eftir ársstörf við blaðamennsku réðist Berglind til utanríkisþjónustunnar þar sem hún gegndi störfum fulltrúa, sendiráðsritara og sendiráðunauts á Íslandi, í Bonn og Stokkhólmi.

Árið 1988 var Berglind skipuð ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins. 1996 varð hún framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs og sneri aftur í félagsmálaráðuneytið þremur árum síðar. 2002 varð Berglind einn fjögurra aðstoðarforstjóra OECD, Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar og réðist svo fjórum árum síðar til utanríkisþjónustunnar á ný og gegndi þar síðast starfi sviðsstjóra viðskiptasviðs.

## VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Berglind var á dögunum ráðin í embætti ráðuneytisstjóra heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Eftir störf á alþjóðavettvangi og í utanríkisþjónustunni er hún því orðin ráðuneytisstjóri á ný. Berglind var skipuð ráðuneytisstjóri 1988 fyrst kvenna og nú, þegar hún tekur við slíku embætti á ný, er hún fjórða konan á stóli ráðuneytisstjóra. Hinar eru Ragnhildur Hjaltadóttir í samgönguráðuneytinu, Ragnhildur Arnljótsdóttir í félagsmálaráðuneytinu og Jónína S. Lárusdóttir í viðskiptaráðuneytinu.

# Ekkert aðhald í óstjórn

UMRÆÐAN



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Fólk sem starfar hjá Reykjavíkurborg starfar flest eftir kjara-samningum, samningum sem samið er um af hálfu Reykjavíkurborgar annars vegar og verkalýðsfélaga hins vegar.

Einstök fagráð og stofnanir eins og leikskólaráð og leikskólasvið hafa enga aðkomu að þeim samningum og hafa engin áhrif á þann kostnað sem af nýjum kjarasamningum hlýst.

Nú horfir svo við í Reykjavík að svið eins og til dæmis velferðarsvið og leikskólasvið hafa ekki fengið hækkanir vegna kjarasamningsbundinna launahækkana inn í fjárhagsramma sína. Borgin gerir kjarasamninga við starfstéttir eins og leikskólakennara en gerir svo ekki ráð fyrir hækkunum í fjárhagsramma leikskólasviðs. Þrátt fyrir að borgin hafi samið um hækkanirnar og leikskólasviði sé skylt að greiða starfsmönnum sínum laun eftir þeim.

**Tilbúinn hallarekstur**

Samkvæmt sex mánaða uppgjöri leikskólasviðs er sviðið komið 80 milljón krónur fram úr samþykktri rekstraráætlun. Ástæðan fyrir þessu er að ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort eða í hvaða mæli leikskólasvið fái hækkanir vegna kjarasamninga inn í ramma sinn. Nú í septemberbyrjun liggur ekki einu sinni fyrir hvort leikskólasviðið fái aukinn kostnað vegna kjarasamninga fyrir árið 2006 bættan. En hækkanir vegna kjarasamninga sem borgarsjóður í raun „skuldar“ leikskólasviði fyrir árið 2006 eru um 150 milljónir króna. Sömu sögu er að segja af ýmsum öðrum sviðum borgarinnar í 6 mánaða uppgjörum þeirra. Þannig var upplýst á fundi velferðarráðs að tugi milljóna vantaði til að bæta upp á fjárhagsramma til að greiða samkvæmt kjarasamningum.

*Ef rekstrarrammar eru ekki raunsæir og gegnsæir og í samræmi við það þjónustustig sem stjórnvöld vilja halda uppi hverju sinni, eru þeir gagnslitlir.*

Mikil áhersla var lögð á það af hálfu fyrri meirihluta að stofnanir og svið héldu sig innan fjárhagsramma og að rammarnir væru raunsæir. Þannig tíðkaðist að hækkanir vegna kjarasamninga væru sjálfkrafa viðurkenndar sem hækkanir sem borgarsjóður yrði að standa undir og komu því hækkanirnar sjálfkrafa til viðbótar ramma þeirra sviða og stofnana sem greiddu laun eftir þeim kjarasamningum.

**Óljóst svigrúm vegna manneklu?**

Nýr meirihluti boðaði við upphaf kjörtímabils endurskoðun á gerð fjárhagsáætlana, niðurstaða þeirrar vinnu liggur ekki fyrir. Borgarstofnanir og svið eins og leikskólasvið hafa á þessum tíma ekki fengið aukna fjárhagsramma til að standa undir auknum kostnaði vegna undirritaðra kjarasamninga og því ríkir mikil óvissa um úr hve miklum peningum einstök svið hafa að spila.

Þetta er einkum óheppilegt í ljósi þess að óspart hefur verið vísað til þess í umræðunni um manneklu á leikskólum að leikskólasvið og leikskólastjórar fullnýti fjárhagsramma sína til að koma til móts við starsfólk á álagstímum. En það er vandséð hvernig hægt er að fullnýta ramma sem enginn veit hver eru.

**Brýnt að taka af skarið**

Til viðbótar við þær 150 milljónir sem leikskólasvið hefur enn ekki fengið vegna hækkana á kjarasamningum árið 2006, ríkir óvissa um hvort sviðið fái hækkanir vegna kjarasamninga á árinu 2007 en þær hækkanir eru um 290 milljónir. Ef sviðið fær þessar hækkanir ekki bættar er ljóst að leikskólarnir munu skila halla upp á hundruð milljóna, sama til hvaða aðhaldsaðgerða verður gripið.

Það sama er uppi á teningnum á öðrum sviðum borgarinnar, því hvergi er gert ráð fyrir auknum útgjöldum borgarsjóðs vegna hækkunar á kjarasamningum í rekstraráætlunum borgarinnar í dag. En staðan er sérstaklega slæm hvað leikskólana varðar þar sem kjarasamningar við leikskóla-kennara vega þungt. En nýir samningar við leikskólakennara voru undirritaðir í september í fyrra og því staðfestir af núverandi borgarstjóra.

**Ósiðir ríkisfjármála innleiddir?**

Ef þessi vinnubrögð eru það sem koma skal verður þess ekki langt að bíða að enginn mun taka mark á fjárhagsáætlunum og fjárhagsrömmum stofnana og sviða borgarinnar. Ef rekstrarrammar eru ekki raunsæir og gegnsæir og í samræmi við það þjónustustig sem stjórnvöld vilja halda uppi hverju sinni, eru þeir gagnslitlir.

Þá verða mál fljótlega komin í sama far og þegar Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson var síðast í meirihluta í Reykjavík. Ef menn eru búnir að gleyma því hvernig þetta var þá er kannski nærtækara að skoða hvernig ríkisstofnanir hafa í skjóli sama Sjálfstæðisflokks keyrt langt fram úr óraunhæfum fjárlögum ár eftir ár. Slík óstjórn getur ekki verið fyrirkomulag sem er eftirsóknarvert að koma aftur á í Reykjavík.

*Höfundur er borgarfulltrúi Samfylkingarinnar.*

Hvað er að frétta?



Fréttastofa beintengd við tölvuna þína_
www.visir.is
vísir

Málstofur Háskólans á Bifröst
á haustmisseri 2007



Málstofur Háskólans á Bifröst fara fram í Hriflu, aðalsal Háskólans á Bifröst, og hefjast kl. 15:30 á þriðjudögum

Málstofurnar eru öllum opnar, aðgangur ókeypis, og allir nemendur Háskólans á Bifröst taka þátt í þeim auk kennara og annars starfsfólks.

Dagskrá haustmisseris er eftirfarandi:

11.9.
Stefanía Óskarsdóttir
*stjórnmálafræðingur*
Hverju breytti 11. september; skuggi hryðjuverka og skipan alþjóðamála

18.9.
Björg Thorarensen
*forseti lagadeildar HÍ*
Utanríkismál og utanríkismálanefnd

25.9.
Friðrik Snorrason
*framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Nýherja*
Stafræn veröld: framtíðin og hið óvænta

2.10.
Eggert B. Guðmundsson
*forstjóri Granda*
Þróun sjávarútvegs hérlendis og erlendis

9.10.
Henry Rosemont Jr.
*prófessor St. Mary's College Maryland*
Kína og Bandaríkin; var, er, verður

16.10.
Páll Þórhallsson
*lögfræðingur forsætisráðuneytis*
Undirbúningur lagasetningar; málamiðlanir og vinnubrögð

23.10.
Berglind Ásgeirsdóttir
*ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneytinu*
Ísland og OECD. Samstarf og samanburður landa

30.10.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
*utanríkisráðherra*
Erindi Íslands í Öryggisráð SÞ

6.11.
Sigurður Jónsson
*framkvæmdastjóri SVÞ*
Þróun í þjónustustarfsemi; tækifærin framundan

Háskólinn á Bifröst býður öllum að koma á Bifröst og hlusta á vandaða fyrirlestra í ofangreindum málstofum og taka þátt í umræðu í kjölfar þeirra.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

www.bifrost.is 311 Borgarnes | Sími 433 3000

Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár

# Eitur handa börnum!

Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er sagt frá ferðalagi til Stasilands, formælingum í fataskáp og kvikmyndinni Zeitgeist. Einnig er minnst á bankaokur og vikið að eiturefnaframleiðslu handa börnum.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR 31. ÁGÚST**

### Grímsson snýr aftur

Fórum vestur í Landnámsetrið í Borgarnesi að sjá Benedikt Erlingsson með einleiksþátt sinn Mr. Skallagrímsson. Sá galdur að geta hrifið áheyrendur svo að þeir breytast í börn er mikil list. Benedikt Erlingsson er mikill listamaður.

**LAUGARDAGUR, 1. SEPTEMBER**

### Ferðalag til Stasi-lands

Í dag lauk ég við frábæra bók sem heitir Stasi-land. Þar er lýst persónulegri upplifan nokkurra manneskja sem lentu upp á kant við yfirvöldin fengu að kenna á valdi Stasi en það var nafnið á greiningardeild lögreglunnar í Austur-Þýskalandi.

Aldrei (þangað til Íslendingum var þröngvað til að taka upp kennitölur) hefur verið safnað saman jafnmiklum upplýsingum um daglega hegðan og skoðanir nokkurrar þjóðar. Skjalamöppurnar, þetta var fyrir tíma tölvuvæðingar, hlið við hlið eru 180 kílómetrar og búið verður að yfirfara síðustu Stasipappírana eftir 340 ár.

En það er margt líkt með skyldum. Þegar einhver fær sér pitsubita er það vandlega skráð í tölvu og aðgengilegt lögreglu- og greiningardeildum, fyrir utan hvað það er þægilegt fyrir kapítalista að vita allt um neysluvenjur almúgans.

Svona góðum tökum náði Stasi aldrei á upplýsingasöfnun.



**SUNNUDAGUR, 2. SEPTEMBER**

### Hlíft við formælingum

Litla Sól er búin að ná ágætum tökum á íslensku og getur tjáð sig um flókin heimspekileg efni. Einhver gömul sál á leikskólanum hefur verið að kenna þeirri stuttu undirstöðuatriðin í bölvi og ragni.

Litlu stúlkunni finnst mikið nýnæmi í blótsyrðum og er meira að segja soldið smeyk þegar hún finnur hjá sér þörf til að segja ljótt. Af því að afi og amma kæra sig ekki um rammar formælingar á heimilinu hefur það orðið að samkomulagi að litla Sól fari inn í fataskáp þegar henni er mál að blóta.

Þetta góða ráð held ég hún hafi fundið í bók eftir Astrid Lindgren sem skrifaði svo ljómandi vel um þá staðreynd að börn eru breysk ekki síður en við fullorðna fólkið.

Núna kemur hún til mín og spyr hvort ég hafi heyrt nokkuð til hennar úr fataskápnum.

Nei, ekki nokkurn skapaðan hlut.

„Það er gott,“ segir litla Sól því að henni þykir vænt um afa sinn og vill hlífa honum sem mest við því ljóta í veröldinni.

**MÁNUDAGUR, 3. SEPTEMBER**

### Jákvæður lesari

Lesarinn minn hjá JPV er búin að lesa bókina mína ENGLA DAUÐANS. Hún er himinsæl og segir að bókin vegi salt á milli þess að vera æsileg spennusaga og safaríkur róman um líf fólks og tilfinningar. Ég get ekki verið annað en ánægður með það.

**ÞRIÐJUDAGUR, 4. SEPTEMBER**

### Heilsurækt

Fór í ræktina í fyrsta sinn í þrjá mánuði og gekk mér til húðar.

Næsta takmark hjá mér úr því að ég er búinn með bókina er að koma sjálfum mér aftur til fullrar heilsu. Vírusinn sem ég fékk í vor er búinn að ólmast í mér eins og naut í flagi. Öll liðamót eru stirð og búkurinn undirlagður af gigtarverkjum. Með illu skal illt út reka. Nú skal ég puða í ræktinni þar til ég er orðinn alheilbrigður – eða spítalamatur.

**MIÐVIKUDAGUR, 5. SEPTEMBER**

### Opinbert líf

Notkun kreditkorta reyni ég að stilla í hóf. Mér finnst það skrýtin tilfinning að einhverjir aðilar skuli taka sér umboðslaun og þóknun í hvert skipti sem ég tek út einhverjar krónur sem banki hefur tekið að sér að varðveita og ávaxta fyrir mig. Fyrir nú utan að skrásetja viðskiptin og geyma á íslenskum Stasiskýrslum.

Tvisvar í mánuði tek ég út peninga og reyni að borga sem flesta hluti í reiðufé. Þegar skotsilfur þrýtur nota ég debetkort innanlands. Kreditkort í útlöndum.

Um daginn fékk ég á tilfinninguna að lágsjávað væri orðið á debetkortinu, fór inn í netbankann minn og sá þar standa einhverja athugasemd sem var svona ATH FIT. Ég millifærði af öðrum reikningi (sem er ekki alveg vaxtalaus) yfir á debetreikninginn sem gefur vægast sagt lítið af sér. Hélt að málið væri afgreitt.

Í dag fékk ég rukkun frá bankanum mínum. Mér er tjáð að ég hafi farið 7.923 kr. yfir á kortinu og eigi að borga 750 kr. fyrir þau mistök. Ennfremur að dráttarvextir reiknist af 2.474 krónum – hvernig svo sem sú upphæð er tilkomin. Heildarskuld við bankann nemur því 8.675 krónum og hefur vonandi verið innheimt nú þegar því að ég lagði inn á kortið samstundis og ég uppgötvaði mistökin.

Málið er að ég hef aldrei beðið bankann um yfirdráttarlán svo að hann átti ekkert með að samþykkja þessa úttekt úr því að það sem var inni á kortinu nægði ekki fyrir henni. Þaðan af síður kæri ég mig um að bankinn láti mig fá peninga til að geta síðan sektað mig fyrir að taka við þeim. Þegar ég notaði kortið án innistæðu átti bankinn einfaldlega að neita mér um úttekt. Þá hefði ég einfaldlega getað greitt með kreditkorti og komist hjá þessum innheimtuaðgerðum. Ennfremur hefði verið hægðarleikur fyrir bankann að sjá að ég hafði næga peninga inni á öðrum reikningum svo að heildarstaða mín í bankanum var prýðileg – og útlátalítið hefði verið að gera mér þann greiða að taka kúfinn af einhverjum öðrum reikningi og bæta inn á þann sem var uppétinn.



Mér er sagt að þetta ómerkilega fjárplógsbragð heiti FIT-kostnaður. Ég veit ekki hvað FIT þýðir nema sem sundfit á fuglum, kannski eru bankarnir líka komnir með sundFIT til að geta svamlað í peningunum okkar.

**FIMMTUDAGUR, 6. SEPTEMBER**

### Sykurhúðað eitur handa börnum

Horfði á kvikmyndina Zeitgeist í tölvunni minni í gærkvöldi. Gúglaði bara Zeitgeist movie og fékk strax ókeypis aðgang að þessari mögnuðu mynd sem allir ættu að sjá. Fyrsti hluti myndarinnar fer í fremur tíðindalitlar útskýringar á því að trúarbrögð séu eiginlega öll sama mýtan sem fjalli í raun um stjörnufræði og árstíðaskipti.

Síðan víkur sögunni að því sem verra er, en það er hvernig auðmagnið stjórnar og ræður hérna á jörðinni. Lýðræðið ræður í raun og veru ákaflega litlu. Kannski ráða kjósendur álíka miklu um samfélag sitt og stjórn þess eins og konur gerðu í hörðu hjónabandi – áður en þeim datt í hug að fara að berjast fyrir kvenréttindum og síðan jafnrétti kynjanna. Zeitgeist er allavega merkileg mynd sem fær mann til að hugsa, en það er mikilvæg iðja þótt hún sé vanmetin.

Sá á netinu einhverja frétt um að alls konar efni sem blandað er í matvæli séu stórhættuleg og valdi meðal annars margvíslegum hegðunarvanda hjá börnum. Er ekki til eitthvert manneldisráð að ég tali nú ekki um barnaeldisráð? Allar búðir eru stútfullar af matvöru sem er beinlínis hættuleg. Meira að segja Mjólkursamsalan notar meiri sykur í mjólkurafurðir og barnamat en nokkur sælgætisgerð.



Það er auðvelt að segja fólki að það eigi ekki að gefa börnum sínum sykur en ég get lofað ykkur því að barni, sem mætti með mjólk á flösku til að drekka með nestinu sínu þegar allir aðrir þamba dýsætan Svala, mundi verða strítt mjög rækilega – sem nú er kallað einelti.

Ég þori að veðja að meira en helmingur af því sem boðið er upp á til manneldis í flestum matvöruverslunum er beinlínis skaðlegt og margt af því beinlínis eitrað. Engum bónda myndi detta í hug að gefa skepnum sínum eitrað fóður.

Þetta borðar fólk með glöðu geði. Látum vera með okkur sjálf en við höfum ekki rétt til að gefa börnum okkar eitur – jafnvel þótt það sé sykurhúðað.


Viltu vera vinur?

Um helgina munu Vinir Kolaportsins mótmæla byggingu bílastæða í rými Kolaportsins.

Vertu vinur okkar og komdu og skrifaðu nafn þitt á undirskriftarlista í Kolaportinu um helgina.

Veljum menningu en ekki bílastæði.

Opið um helgina
frá kl. 11-17


3 lína
BMW xDrive
BMW 3 Series
BMW xDrive - skynvædda aldrifskerfið frá BMW.
BMW xDrive breytir slæmri færð í góða, þökk sé framúrskrandi veggripi og násfestu.  Á BMW 3 línunni nýtur þú ósvikinnar akstursánægju til fulls. Þegar skilyrði til aksturs eru góð, tryggir afturdrifið sportlegri takta og skemmtilegri svörun, en þú átt að venjast. Um leið og skilyrðin versna og færð þyngist, sér breytileg aflmiðlun xDrive aldrifskerfisins til þess, að vélaraflið leitar á nokkrum sekúndubrotum til þeirra hjóla sem mesta veggripið hafa hverju sinni. Færðin skiptir því ekki máli; BMW xDrive tryggir bestu mögulegu aksturseiginleika, násfestu og vegrip. BMW 3 línan með xDrive  veitir þér örugglega ósvikna akstursánægju við öll skilyrði.  Komdu í reynsluakstur og upplifðu af eigin raun BMW 3 línuna með xDrive.
BMW 3 línan
325xi
330xi
335xi
330xd
www.bmw.is
BMW
Sheer
Driving Pleasure
B&L
Með bílinn handa þér
B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is

# BÓNUS BÝÐUR BETUR BÓNUS BÝÐUR



398.-
BÓNUS KALKTÖFLUR
60 STK 398 KR BOXIÐ

298.-
BÓNUS C-VÍTAMÍN 500 MG
60 STK 298 KR. BOXIÐ

498.-
BÓNUS B-VÍTAMÍN STERKT
60 STK 498 KR. BOXIÐ.

298.-
BÓNUS LÝSI 500 ML
298 KR. FL.

398.-
BÓNUS LÝSISPERLUR
300 STK 398 KR.

498.-
BÓNUS
HÁKARLALÝSISPERLUR
130 STK 498 KR. BOXIÐ

698.-
BÓNUS OMEGA 3 LÝSISPERLUR
300 STK 698 KR.



2598.-
FRANSKAR ANDABRINGUR
FROSNAR - 2598 KR/KG

FORSOÐIN!
ÞARF AÐEINS
AÐ HITA

30%
ALI PARTY-SKINKA
1772 KR/KG. 30% AFSLÁTTUR
1240 KR/KG



95.-
MYLLU HEIMILISBRAUÐ
770 GR

129.-
3 X 250 ML EPLA EÐA
APPELSÍNU TRÓPÍ 129

**BÓNUS** LÁGT VÖRUVERÐ ALLA DAGA

**AFGREIÐSLUTÍMI** LAUGARDAG: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAG: 12.00 TIL 18.00


BÓNUS RÝÐUR BETUR
HAUST SLÁTRUN 2007
BÓNUS
629.-
FERSKUR LAMBABÓGUR
699 KR/KG.
10% AFSLÁTTUR 629 KR/KG.
1189.-
FERSKUR LAMBAHRYGGUR
1398 KR/KG.
15% AFSLÁTTUR 1189 KR/KG.
20% AFSLÁTTUR
2398.-
FERSKT LAMBAFILLET 2998
20% AFSLÁTTUR 2398 KR/KG.
975.- 25% AFSLÁTTUR
FERSKT LAMBALÆRI 1298 KR/KG.
25% AFSLÁTTUR 975 KR/KG.
498.-
FERSKT BLANDAÐ HAKK
LAMBA/KINDA.
Margar góðar uppskriftir fyrir lambakjöt
WWW.BONUS.IS
Skráðu þig á póstlistann á bonus.is. Þú gætir unnið 20.000 kr. matarkörfu
69.-
PEPSI 2 LTR.
PEPSI
489.-
GRILLAÐUR MÓA KJÚKLINGUR
KALDUR- 1150GR. 489 KR.STK
30%
ALI BAYONNE-SKINKA
1593 KR/KG. 30% AFSLÁTTUR
1115 KR/KG
Trópí
LÁGT VÖRUVERÐ ALLA DAGA
BÓNUS
HEIMASÍÐA BÓNUS ER: BONUS.IS AÐALSÍMI BÓNUS: 588 8699

**PETER SELLERS FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1925**

*„Mér finnst ég alltaf hálf draugalega óraunverulegur þangað til ég verð aftur einhver annar á hvíta tjaldinu.“*

***Leikarinn Peter Sellers hét í raun og veru Richard Henry Sellers. Sellers lék á ferli sínum í fjölda kvikmynda og gerði meðal annars rannsóknarlögreglumanninn Clouseau ódauðlegan í Bleika pardusnum. Hann lést árið 1980.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 8. SEPTEMBER 1927

## *Mætti ekki í eigið brúðkaup*

Greta Garbo er ein þekktasta goðsögn kvikmyndaheimsins, bæði vegna leikhæfileika sinna og aðdáunarverðs útlits en ekki síður vegna þess hversu dularfullt og framandi einkalíf hennar var.

Árið 1927 stóð til að hún gengi að eiga unnusta sinn, leikarann John Gilbert, en þegar stóra stundin rann upp var ungfrú Garbo víðs fjarri. Þrátt fyrir að hafa ekki sett upp hringana voru þau áfram saman næstu þrjú árin og eftir að sambandi þeirra lauk opinberlega veitti hún honum allan þann faglega stuðning sem hún gat, enda stórstjarna síns tíma.



Greta Garbo þykir með dularfyllstu konum kvikmyndasögunnar.

Gretu Garbo var alla tíð mjög annt um einkalíf sitt. Að undanskildum fyrstu mánuðum ferilsins veitti hún aldrei viðtöl, mætti aldrei á frumsýningar, gaf aldrei eiginhandaráritanir og svaraði ekki aðdáendabréfum.

Hennar frægasta setning var „I want to be alone,“ (ég vil vera ein), þar sem „want“ hljómaði „vont“, en þegar hún var orðin öldruð kona var það haft eftir henni að hún hefði aldrei sagst vilja vera ein, heldur vildi hún fá að vera í friði og að þessu tvennu væri ekki hægt að líkja saman.

**MERKISATBURÐIR**

**1891** Fyrsta hengibrú landsins, Ölfusárbrú, er vígð. Brúin skemmdist síðan árið 1944 en ný brú var byggð árið 1945.

**1921** Goðafoss kemur til Reykjavíkur í fyrsta skipti. Eimskipafélagið hafði átt annað skip áður með sama nafni en það hafði strandað árið 1916.

**1931** Lög um notkun bifreiða eru staðfest á Íslandi. Í lögunum var meðal annars tilgreindur hámarkshraði, 25 kílómetrar á klukkustund í þéttbýli og 45 utan þess. Í myrkri mátti hraðinn þó ekki vera meiri en 30 kílómetrar á klukkustund.

**1975** Dagblaðið kemur út í fyrsta sinn. Það var síðan sameinað Vísi árið 1981.



**KÁTIR** Nokkrir félagar úr Sigurvon tóku fyrstu skóflustungurnar.

# Ný miðstöð fyrir Sigurvon

Bæjarráð Sandgerðisbæjar ákvað í byrjun sumars að veita Björgunarsveitinni Sigurvon lóð á hafnar-svæði bæjarins endurgjaldslaust, en stjórn sveitarinnar hefur unnið að því að byggja upp öfluga sjóbjörgunarsveit og því gott að komast nær höfninni.

Sandgerðisbær mun kaupa húsnæði Sigurvonar við Strandgötu 17 og munu ýmsar breytingar fylgja í kjölfarið. Slökkviliðið mun bæta aðstöðu sína, pílukastarar og skátar munu fá aðstöðu í húsinu og lögreglan mun einnig hafa aðsetur í húsinu.

Nokkrir félagar úr Sigurvon tóku fyrstu skóflustunguna að nýju miðstöðinni á dögunum og voru kampakátir.

Útlits- og grunn-myndir af nýju björgunarmiðstöðinni eru klárar og útboð verður auglýst á næstu dögum. Áætluð verklok eru í maí 2008 og er stefnan að halda upp á 80 ára afmæli Björgunarsveitarinnar Sigurvonar 28. júní 2008 með pomp og prakt í nýja húsnæðinu.

Það er völlur á Sigurvon en fyrir rúmum mánuði var fjárfest í nýjum björgunarsveitarbíl af gerðinni Transporter ‘07 og er það sendiferðabíll sem notaður verður í ýmis minni verkefni sem Ford Econline ‘98 og Ford F350 ‘91 voru áður notaðir í.

Frétt af www.245.is



**JÓN HLÖÐVER ÁSKELSSON TÓNSKÁLD** Frumflutt verða tvö tónverk eftir Jón Hlöðver á hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ LJÓSMYNDARI

ÞINGEYRAKIRKJA: 130 ÁRA VÍGSLUAFMÆLI

# Þingeyramótetta, Arngríms og Súlur í fyrsta sinn

Á morgun, sunnudaginn 9. september, eru liðin 130 ár frá því að Þingeyrakirkja var vígð. Af því tilefni verður boðið upp á veglega tónlistarhátíð í kirkjunni þar sem verða frumflutt tvö tónverk sem Jón Hlöðver Áskelsson tónskáld samdi sérstaklega fyrir tilefnið.

„Hugmyndin að þessari hátíð kviknaði hjá mér þegar ég tók eftir því hve lítil umferð virtist liggja til þessarar merkilegu kirkju,“ segir Jón Hlöðver. „Kirkjan á sér áhugaverða sögu og marga fallega gamla gripi sem gaman er að sjá, en hún er eilítið úr alfaraleið og fer þannig fram hjá mörgum. Því þótti mér tilvalið að beina athygli fólks að kirkjunni með þessari hátíð.“

Dagskráin hefst með hátíðarguðsþjónustu kl. 14.00. Herra Jón Aðalsteinn Baldvinsson, vígslubiskupinn á Hólum, predikar og þjónar til altaris ásamt séra Sveinbirni R. Einarssyni, sóknarpresti kirkjunnar.

Á hátíðinni verða frumflutt tvö tónverk eftir Jón Hlöðver sem tengjast sögu Þingeyra, en frá 1133 og fram til siðaskipta stóð þar munkaklaustur. Þar var mikil menningarstarfsemi á miðöldum og voru þar rituð mörg handrit. Þar ritaði Arngrímur Brandsson ábóti Sögu Guðmundar biskups góða sem inniheldur m.a. elstu drög að lýsingu Íslands. Arngrímur er Jóni Hlöðveri hugleikinn meðal annars vegna þess að árið 1329 flutti hann til landsins organ, lítið orgel, sem hann hafði sjálfur smíðað þegar hann var í læri hjá orgelsmið í Þrándheimum. Annað verkanna sem Jón samdi fyrir hátíðina ber nafn Arngríms og er samið og flutt honum til heiðurs.

Hitt verkið sem frumflutt verður er kórverk sem ber heitið „Þingeyramótetta: Vir iste in populo.“. Í verkinu er vísað til samnefndrar latneskrar tíðagerðar sem var flutt Guðmundi Arasyni til heiðurs þegar hann heimsótti Þingeyraklaustrið 21. október árið 1200, ári áður en hann tók biskupsvígslu. Tíðagerðin hefur varðveist að hluta til á skinnhandriti frá þessum tíma og byggði Jón að nokkru leyti á henni er hann samdi verkið.

Á hátíðinni verður einnig sýnt nýtt myndverk eftir Heimi Frey Hlöðversson sem ber heitið „Súlur“. Verkið er myndtúlkun á hvítu tjaldi á samnefndu orgelverki eftir Jón Hlöðver, og verður upptaka með flutningi Harðar Áskelssonar orgelleikara á því leikin samtímis myndverkinu. Hátíðinni lýkur með flutningi á þremur kórverkum eftir Jón.

Flytjendur á hátíðinni eru Hymnodia, kammerkór Akureyrarkirkju, undir stjórn Eyþórs Inga Jónssonar, Hrafnkell Orri Egilsson leikur á selló og Hörður Áskelsson á orgel.

Eins og við má búast af svo gamalli byggingu er margt í kirkjunni frábrugðið þeim nútímaþægindum sem þekkjast úr nýbyggingum. Þannig bendir Jón Hlöðver á að bekkir kirkjunnar eru úr viði en óbólstraðir og því væri vel til fundið hjá þeim sem hafa í hyggju að sækja hátíðina að taka með sér púða til ásetu, svo að harðir bekkirnir dragi ekki úr ánægju þeirra.

**vigdis@frettabladid.is**




## 40 ára

Vinkonurnar

**Bjarnheiður Hallsdóttir**

og

**Hildigunnur Guðmundsdóttir**

Skagakonurnar urðu fertugar í vor og ætla af því tilefni að halda á heimaslóðir. Þær fagna með fjölskyldu og vinum þessa helgi á Skipaskaga.





†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Skúli Guðnason**

Grænumörk 2, Selfossi,

lést á gjörgæsludeild Landspítala, fimmtudaginn 6. september.

Valgerður Guðnadóttir og fjölskylda


AFMÆLI



**Pink** söngkona er 28 ára.



**Halldór Ásgrímsson**, fyrrverandi forsætisráðherra, er sextugur.



**Ólína Þorvarðardóttir** þjóðfræðingur er 49 ára.



**David Arquette** leikari er 36 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.


NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
MIKIÐ ÚRVAL ÚTILJÓSA!
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
LITIR: HVÍTT SVART RUST
995
LITIR: HVÍTT SVART
1995
LITIR: HVÍTT SVART GRÁTT
795
495
LITIR: STÁL KOPAR
1495
TILBOÐ!
3995
ÚTISTAUR M/ TENGLI
4995
LITIR: STÁL KOPAR
3995
LITIR: STÁL KOPAR
1995
LITIR: STÁL KOPAR
3495
2995
ÚTISTAUR - STÓR
2495
ÚTISTAUR - LÍTILL
LITIR: STÁL KOPAR
3995
ÚTISTAUR - STÓR
3495
ÚTISTAUR - LÍTILL
LITIR: STÁL KOPAR
3995
ÚTISTAUR - STÓR
3495
ÚTISTAUR - LÍTILL
LITIR: STÁL KOPAR
1995
1995
2995
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ:
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17 (lokað á Njarðarbraut)

# NÚNA er tækifærið

## LYFTIBOTNARÚM TILBOÐIÐ INNIHELDUR:

1 stk. **NOCTURNE 8061** Lyftibotn. Rafdrifinn fóta- og höfuðgafl. 60 stk. sjálfstætt fjaðrandi diskar. Bólstraður rammi með prjónaefni. Með dýnustoppara. Rafbúnaður: 2 x 5,0 kN. Neyðaröryggi við straumrof.

1 stk. **NOCTURNE 423** lúxus dýna sem má snúa. 261 stk. 5 svæða pokafjaðrir á m2. Bólstruð dýna með 25 mm latex ofan á fjöðrunum. Prjónað áklæði.

1 stk. yfirdýna 25 mm latex. Hægt er að taka áklæði af og þvo í þvottavél.

- **15 ára ábyrgð á gormakerfi**
- **5 ára ábyrgð á rafbúnaði**



**30%**
**AFSLÁTTUR**



90 x 200 cm með yfirdýnu, verð án fóta

* **3.688**
á mán/36 mán

**96.940**
áður: 139.980

**NOCTURNE 423**



**27.980** áður: 39.980

**30% AFSLÁTTUR AF PI & PANTER BARNAHÚSGÖGNUM UM HELGINA**



**15.980** áður: 22.980



**16.980** áður: 24.980

Rúmfataskúffa stk. kr.
**3.980** áður: 5.980



**12.980** áður: 18.980

MasterCard VISA ** Mánaðarleg meðaltalsgreiðsla á VÍSA eða MasterCard staðgreiðslulánum með breytilegum vöxtum og 3% stimpil og lántökugjaldi*

# HÚSGAGNAHÖLLIN



25% AFSLÁTTUR

## 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM NOCTURNE 800 DÝNUM UM HELGINA

## NOCTURNE 800 LÍNAN:

**1 ÞVOTTHELT ÁKLÆÐI**
Hægt er að taka áklæðið af dýnunum á auðveldan hátt og þvo við 60 gráður. Ofnæmisprófað.



**2 COOLMAX®**
Yfirdýnurnar eru klæddar Coolmax® áklæði, sem hleypir raka frá líkamanum og heldur líkamanum þurrum yfir nóttina. Coolmax® inniheldur fljótþornandi trefjaefni, eitt það besta á markaðinum í dag.

**3 MISMUNANDI STÍFLEIKAR**
Ekki hafa allir sömu þarfir. Dýnurnar hafa mismunandi stífleika og ættu því allir að geta fundið dýnu við sitt hæfi.



**4 GORMAKERFINU MÁ VELTA**
Hægt er að taka gormakerfið úr dýnunni og snúa því á auðveldan hátt, þannig má auka endingu gormakerfisins.

**VERÐDÆMI - NOCTURNE 831:**

180 x 210 cm með yfirdýnu, án fóta



| 80/90 x 210 cm með yfirdýnu, án fóta | | 180 x 210 cm með yfirdýnu, án fóta | |
|---|---|---|---|
| * 3.564 á mán/24 mán | 66.980 áður: 89.960 | * 4.887 á mán/36 mán | 129.980 áður: 179.960 |



30% AFSLÁTTUR

## BOXDÝNA MEÐ TVÖFÖLDU GORMAKERFI

**NOCTURNE 322**

Boxdýnu með tvöföldu gormakerfi. Neðra lag150 Bonell-gormar á m². Efra lag 265 svæðaskiptir pokagormar á m². Yfirdýna með 25 mm latex, hægt að taka áklæði af og þvo í þvottavél.

- **15 ára ábyrgð á gormakerfi**



| 80/90 x 200 cm með yfirdýnu, án fóta | |
|---|---|
| * 3.452 á mán/12 mán | 34.980 áður: 53.960 |



40% AFSLÁTTUR

**LIFE** fataskápur B 150 cm **19.980** áður: 34.980



45% AFSLÁTTUR

**SARATOGA** svefnsófi með tungu, antrazit áklæði, B:226 D:77/142 cm ( 126 x 192 )

3.208 á mán/24 mán | 69.980 áður: 109.980

# Saga Freyju er dýrmæt

**Það er í nógu að snúast hjá tónlistarkonunni Ölmu Guðmundsdóttur um þessar mundir. Ásamt því að vinna að upptökum á nýrri plötu með hljómsveitinni Nylon og byggja hús í Hvalfirði er hún að skrifa bók í samstarfi við vinkonu sína, Freyju Haraldsdóttur. *Þóra Karítas* fékk að forvitnast um afraksturinn sem lítur dagsins ljós hjá Sölku forlagi í október.**

Árið 2005 steig Alma Guðmundsdóttir sín fyrstu spor með hljómsveitinni Nylon. Hún hafði þá nýverið útskrifast úr Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og í framhaldinu fengið starf á skrifstofu skólans. Þar kynntist Alma óvenju kraftmikilli konu sem átti eftir að breyta lífi hennar.

„Freyja Haraldsdóttir hefur frá fæðingu glímt við beinstökkva sem lýsir sér í því að bein hennar brotna mjög auðveldlega. Hún er því bundin við hjólastól en mér bauðst að starfa sem aðstoðarmanneskja hennar meðan hún stundaði nám í Fjölbraut í Garðabæ. Þá upphófst vinátta með okkur sem hefur haldið áfram að blómstra,“ segir Alma sem er nú að leggja lokahönd á bók sem fjallar um lífshlaup Freyju.

„Þegar við kynntumst komst ég að því hvað Freyja er mögnuð manneskja. Líf hennar er frábrugðið lífi allra sem ég þekki og þess vegna fékk ég þá hugmynd að við settumst niður til að setja sögu hennar á blað.“

Samstarfið reyndist algjör vítamínsprauta fyrir Ölmu. „Fyrst þegar ég kynntist Freyju fannst mér mjög ósanngjarnt að hún þyrfti að upplifa þessa erfiðleika sem tengjast beinbrotastökkvanum. Svo uppgötvaði ég hvað Freyja er hamingjusöm. Hún vinnur út frá því sem hún hefur, finnur sína möguleika og nýtir þá. Það er ekkert sjálfgefið í lífi Freyju, hvort sem það er að fara í skólann, koma sér í rúmið á kvöldin eða ferðast. Þrátt fyrir það hefur hún ferðast yfir hálfan hnöttinn og meðal annars búið í Nýja-Sjálandi í tvö ár. Hún dúxaði í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og vann um tíma á leikskóla en hefur líka haldið fyrirlestra á vegum félagsmála- og menntamálaráðuneytisins í flestum framhaldsskólum landsins undir yfirskriftinni „Það eru forréttindi að lifa með fötlun“.

### Óþarfi að aumkast

Freyja hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins fyrr á árinu fyrir metnaðarfull störf en hún heldur nú sem annar af tveimur fulltrúum frá Íslandi til að taka þátt í umræðum á Evrópuráðstefnu í Portúgal sem ber yfirskriftina Young Voices. Alma fer sem aðstoðarmanneskja Freyju á ráðstefnuna en þar koma fulltrúar frá öllum Evrópulöndunum saman til að ræða skólamál ungs fólks með sérþarfir. „Án þess að nokkur ætli sér það á fólk það til að tala og koma ósjálfrátt öðruvísi fram við þá sem eru hreyfihamlaðir og eða þroskahamlaðir. Freyja hefur oft upplifað það sjálf og í því felst mikil vanvirðing. Fólki bregður stundum þegar hún svarar fyrir sig, en það skiptir máli að komið sé fram við hreyfihamlað og þroskahamlað fólk eins og hverja aðra manneskju. Ef það þarf að tala skýrar þá kemur það síðar í ljós, en það borgar sig ekki að upplýsa vanþekkingu sína með því að koma öðruvísi fram.“

Í stað þess að aumkast yfir lífi fatlaðs fólks er mikilvægt að vinna í því að bæta og breyta aðgengi svo eitthvað sé nefnt. „Freyja kemst til dæmis ekki á uppáhaldskaffihúsið mitt því þar eru stigar en ekki lyftur. Við ættum ekki að ætlast til þess að fólk sem er hreyfihamlað eigi bara að sætta sig við að missa aðgengi að ákveðnum stöðum.“

### Ævisögur kvenna í uppáhaldi

Þó að bókin um Freyju sé fyrsta ritverk Ölmu hefur blundað rithöfundur í tónlistarkonunni um tíma. „Ég hafði lengi látið mig dreyma um að skrifa eitthvað annað og meira en ljóð og dægurlagatexta en hefði aldrei grunað að ég ætti eftir að skrifa bók um lífshlaup íslenskrar konu,“ segir Alma sem hefur að eigin sögn alltaf haft brennandi áhuga á ævisögum kvenna.

„Ég hef til dæmis lesið töluvert um konur sem tilheyra öðrum menningarheimum. Ein til frásagnar er dæmi um bók sem er í uppáhaldi og ég er viss um að ævisagnalesturinn hefur nýst mér við skrifin á bókinni okkar Freyju. Það er kannski skrýtið að tala um ævisögu konu sem er einungis 22 ára því Freyja er náttúrlega ung og á margt eftir ólifað. Bókin endurspeglar ekki bara ævi Freyju heldur líka jákvætt lífsviðhorf hennar og segir frá hennar helstu baráttu sem fólst í því að komast yfir eigin fordóma. Mér fannst saga hennar einfaldlega of dýrmæt til að beðið yrði með hana.“

Alma og Freyja hafa unnið að ævisögu Freyju í sameiningu. „Ég tók viðtöl við Freyju, fjölskyldu hennar og vini en svo höfum við sent textann á milli okkar til að breyta og bæta. Freyja getur unnið á tölvu svo hún hefur skrifað heilan helling og síðastliðið ár hefur meira og minna allur okkar frítími farið í bókarskrifin. Við vorum ekki með útgefanda þegar við lögðum af stað en vorum ákveðnar í að koma þessu alla leið og ferlið hefur verið mjög lærdómsríkt. Þegar við vorum komnar með góðan grunn að handriti tók Kristján B. Jónasson að sér ritstjórnina og hjálpaði okkur að finna útgefanda.“

Það hlýtur að teljast óvanalegt að tónlistarkona ráðist í bókarskrif en Alma viðurkennir að hún hafi ansi breitt áhugasvið. „Það er mjög ánægjulegt þegar manni gefst færi á að starfa á svona ólíkum sviðum. Það eru svo ótal mörg tækifæri á Íslandi og mér finnst gaman að sjá fólk sem bregður út af vananum og tekur sér eitthvað nýtt fyrir hendur. Mér finnst skipta máli að við séum opin fyrir því að fólk geti tekist á við mismunandi hluti í stað þess að festa fólk í ramma. Þótt maður vinni við eitthvað eitt er hægt að hafa gaman af einhverju allt



**BÍÐUR SPENNT EFTIR VIÐTÖKUNUM** „Við Freyja erum búnar að leggja hug og hjarta í skrifin í mjög langan tíma.“ FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**„FREYJA ER MÖGNUÐ MANNESKJA“** Freyja hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins fyrr á árinu fyrir metnaðarfull störf en hún heldur nú út til Portúgals sem annar af tveimur fulltrúum frá Íslandi til að taka þátt í umræðum á Evrópuráðstefnu sem ber yfirskriftina Young Voices.

> Ég hafði lengi látið mig dreyma um að skrifa eitthvað annað og meira en ljóð og dægurlagatexta en hefði aldrei grunað að ég ætti eftir að skrifa bók um lífshlaup íslenskrar konu







Þórarinn Þórarinsson, Jónas Árnason, Hörður J. Halldórsson og Guðmundur Garðar Halldórsson varðstjóri eru komnir í gallann og klárir í útkallið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Dælubíllinn er vel búinn

***Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins býr yfir miklum bílaflota til ýmiss konar björgunarstarfa og sjúkraflutninga. Dælubíllinn á Slökkvistöðinni við Skógarhlíð er þeirra á meðal og er fullur af búnaði til að fást við ótal tegundir útkalla. Slökkviliðsmennirnir Þórarinn, Jónas, Hörður og Guðmundur vita allt um dælubílinn.***

Guðmundur Garðar Halldórsson er varðstjóri í Slökkviliðinu og segir að almennt séu fimm slökkviliðsmenn sem manna dælubílinn. „Það má segja að við séum með allt í bílnum sem þarf í vatnsleka, minni háttar efnaslys, allt gagnvart eldi og björgun úr lyftum, bílum, undanfargi og þess háttar,“ segir Guðmundur en bíllinn er meðal annars búinn klippum, sögum, kúbeinum, járnkörlum, lyftibúnaði og fleiru.

Nýlega var bætt við tösku með stuðtækjum í dælubílana og segja slökkviliðsmennirnir það góða viðbót þar sem þeir þurfi að geta veitt fyrstu skyndihjálp á vettvangi. Þeir bæta því við að það geti líka verið nauðsynlegt fyrir þá sjálfa til dæmis ef verið er að æfa reykköfun því þá geti alltaf eitthvað komið upp á. „Það fer enginn á æfingu á æfingasvæðinu án þess að hafa sjúkrabíl með sér,“ segir Guðmundur.

Stærsti hluti slökkviliðsmanna eru iðnaðarmenn þótt þeim fari fækkandi og segja félagarnir það vissulega betra að hafa iðnaðarmenn á hverri vakt enda reyni varðstjórarnir að stýra því þannig að ef rjúfa þarf þak þá séu smiðirnir fengnir í það og pípararnir ef loka þarf fyrir vatnsleka og svo framvegis.

Spurðir hvað dælubíllinn fari í mörg útköll á hverju ári, segja þeir að þrír dælubílar séu á höfuðborgarsvæðinu og fari samtals í um 1.200 útköll á ári. Dælubíllinn í Skógarhlíðinni eigi líklega allt að helming þeirra útkalla þannig að hann er vel nýttur allt árið um kring.

sigridurh@frettabladid.is


Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið





Ertu að spá í bílakaup?

VIÐ FJÁRMÖGNUM
ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á **www.gf.is** eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

**Vetrardekkin** þarf að setja undir bílinn fyrir 1. nóvember!



Ferðamannabólusetningar og ráðgjöf
tímapantanir í síma: 535-7700
ferðavernd
Læknasetrið Mjódd, www.ferdavernd.is
Þönglabakka 1 ferdavernd@ferdavernd.is

lesum skilum endurvinnum
Taktu þátt
Skilaðu blaðinu að lestri loknum til endurvinnslu í gám merktan dagblöð
FRÉTTABLAÐIÐ
SORPA sorpa.is

Tómstundahúsið



Fjarstýrðir bensínbílar í miklu úrvali.
Tómstundahúsið.
Nethyl 2, sími 587-0600,
www.tomstundahusid.is



Að sögn Sigurðar er ekki ýkja flókið að breyta tvinnbíl í tengiltvinnbíl. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

# Tengiltvinnbíll framtíðin

***Ráðstefnan Driving Sustainability fer fram dagana 17.-18. september, þar sem orkugjafar í samgöngum framtíðarinnar verða í brennidepli. Orkusetur tekur þátt í ráðstefnunni og mun kynna tengiltvinnbíl sem framtíðarlausn.***

„Við erum að smíða fyrsta „plug-in hybrid“ bílinn, eða tengiltvinnbílinn á Íslandi, sem er næsta skref á eftir tvinnbíl,“ segir Sigurður Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs, sem stendur fyrir breytingu á Toyota Prius úr tvinnbíl í tengiltvinnbíl, en breskir sérfræðingar frá Amber Jack hafa verið kallaðir til verksins.

„Tvinnbílar eru eins og vitað er með rafmagnsmótor og keyra þannig annaðhvort á rafmagni eða eldsneyti. Munurinn á þeim og tengiltvinnbíl er sá að verið er að auka rafmagnshlutann með því að setja í tengiltvinnbílinn stærri rafhlöðu. Eitt stærsta atriðið við þetta fyrirkomulag er að hægt er að hlaða rafhlöðuna.“

Að sögn Sigurðar eru kostirnir við þetta fyrirkomulag margir. „Þetta er náttúrulega umhverfisvænt. Hægt er að keyra tengiltvinnbílinn á rafmagni á góðum hraða innanbæjar og draumurinn er að stór hluti innanbæjaraksturs fari þannig fram á hreinu rafmagni, sem þýðir minni útblástur og hávaðamengun.“

Sigurður bendir einnig á að tengiltvinnbílinn megi hlaða á nóttunni þegar almenn rafmagnsnotkun er mjög lítil, þannig að það jafni út rafmagnsnotkunina og bæti nýtni raforkukerfisins. Að hans mati þyrfti því fræðilega séð ekki að virkja fyrir alla þessari nýju orku.

„Þetta er síðan sérstaklega vænleg lausn fyrir Ísland, þar sem hér er allt rafmagn endurnýjanlegt,“ segir hann. „Með þessu móti er hægt að koma því í samgöngur. Hún er samnefnari fyrir allar aðrar lausnir. Þetta er tækni sem gæti fræðilega samsvarað við hvaða eldsneyti sem er, sem eru þá hjálpareldsneyti. Í raun gæti það alveg verið vetni, etanól og svo framvegis. Þannig að hugsanlega verða allir bílar svona í framtíðinni.“

Sigurður segir lítið mál að uppfæra búnaðinn í tvinnbílunum. Tæknilegar hindranir standi ekki í vegi fyrir að þessi nýjung nái skjótri útbreiðslu. Helsta fyrirstaðan sé kostnaður og markaðssetning en hann álítur að útbreiðslan muni ganga hratt fyrir sig þegar bílaframleiðendur bjóða svona bíla á hagstæðu verði.

Sem stendur er þetta verkefni Orkuseturs á tilraunastigi. Segir Sigurður ætlunina að fylgjast með tengiltvinnbílnum í rekstri í heilt ár, skrá rekstrartölur og nýta þær til að framreikna hvaða áhrif svona floti kæmi til með að hafa á raforkukerfið, eyðslu útblásturs og svo framvegis.



Sigurður sést hér fyrir framan tvinnbílinn, Toyota Prius, sem verið er að breyta í tengiltvinnbíl hjá Arctic Trucks. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verkefnið tengist eins og áður sagði samgönguviku Reykjavíkurborgar, sem samanstendur af ýmsum uppákomum: Keppni meistarabíla, sýningu í Perlunni, og fyrrnefndri Driving Sustainability-ráðstefnu þar sem ýmsir framtíðar samgöngumöguleikar, sem eiga að taka við af olíunni, verða kannaðir og bornir saman.

Þess má geta að á meðal ræðumanna á ráðstefnunni verður Bandaríkjamaðurinn Felix Kramer sem fyrstur manna breytti tvinnbíl í tengiltvinnbíl.

*roald@frettabladid.is*

vodafone Iceland Express 1911 vörður
512 5100 I SYN.IS I VERSLANIR VODAFONE
GOTT FÓLK




TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ SÝN 2
Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% afslátt af fyrsta mánuðinum
sýn2 enski boltinn



**Háhælaðir ökklaskór** eru áberandi í haustttískunni. Þeir eru bæði flottir sléttir og reimaðir eða með slaufum. Einnig eru þeir fáanlegir í ýmsum litum en svartir eru þó vinsælastir.



Glæsileiki felst meðal annars í því hvernig stiga á út úr bíl og það veit þessi unga „dama“.



Með bleika hárkollu og íklædd korseletti er Miss Maple Syrup til í gersamlega allt.



Miss Kitty Glitter var ekki að flækja málin og mætti sem hættuleg „kisa“ í anda Russ Meyer.

# Dýrðlegar drottningar

***Glamúr og glæsibragur á árlegri ráðstefnu dragdrottninga í Ástralíu.***

Hin árlegu DIVA-verðlaun voru veitt hinn tuttugasta ágúst síðastliðinn en sú keppni var haldin sautjánda árið í röð. Hátíðin fór fram í Randwick Pavilion í Sidney í Ástralíu og er talin með þeim glæsilegri til þessa.

Ástralar hafa löngum haft sérstakt yndi af körlum í kvengervum enda muna flestir kvikmyndaunnendur eftir myndinni Priscilla -Queen of the Desert þar sem drottningarnar heilluðu menn upp úr skónum.

Þær voru ekki síður heillandi þessar herradömur í Sidney, en myndirnar tala sínu máli. *-mhg*



Dragdrottningin Maude Boate mætti til verðlaunaafhendingarinnar með hárgreiðslu sem minnir helst á afganga í brjóstsykursverksmiðju.

# Lancôme fyrir karlmenn

***Nútíma karlmenn verða æ meðvitaðri um mikilvægi þess að næra húðina með góðum kremum.***

Lancôme hefur verið leiðandi í baráttu gegn öldrunarmerkjum húðarinnar og kynnti nýlega alhliða húðsnyrtilínu fyrir karlmenn. Í Lancôme Men-línunni eru átta vörur sem svara þörfum karlmanna á öllum aldri.

Lancôme byggir á 70 ára reynslu og býr yfir kröftum 200 vísindamanna sem gerðu þúsund prófanir á karlmannshúð við þróun hinnar nýju Lancôme Men-húðsnyrtilínu.

Undirflokkar Lancôme Men eru þrír. Age Fight vinnur gegn þreytulegri húð og fyrstu merkjum öldrunar. Hydrix er uppbyggjandi og róandi vörn og rakagjöf og Rénergy 3D berst gegn slappri húð.




Age Fight: fljótandi krem sem vinnur gegn ótímabærri öldrun.






**Gönguskór** eru lykilatriði í fjallaferðum og göngum. Þeir þurfa að vera þægilegir og gott er að hafa þá rúma svo hægt sé að vera í þykkum sokkum í þeim.



SKAUTAHÖLLIN
REYKJAVÍK
ÓKEYPIS SKAUTALEGA ALLA HELGINA
SKAUTAHOLL.IS
OPIÐ KL 13.00 ALLAR HELGAR.




# Upplýsingar á einum stað

***Ferdatorg.is er ný vefsíða þar sem með nokkrum einföldum handtökum er hægt að finna draumaferðina.***

„Þessi vefur hefur þá sérstöðu að þar er hægt að finna pakkaferðir í ýmsum flokkum sem íslenskar ferðaskrifstofur framleiða. Borgarferðir, knattspyrnuferðir og blandaðar ferðir, sem geta innihaldið rútuferð, siglingu eða eitthvað annað, svo dæmi séu tekin.“

Þetta segir Sigurður Gunnarsson, eigandi vefsíðunnar ferdatorg.is, sem var upphaflega opnuð fyrir ári en var lokað aftur þar sem aðstandendunum þótti hún ekki uppfylla tilskyldar kröfur. Opnað var aftur fyrir síðuna fyrir mánuði, en þar inni er eins og áður sagði hægt að finna allar upplýsingar um þær ferðir sem íslenskar ferðaskrifstofur bjóða.

„Til þess eru síðan ýmsar aðferðir,“ útskýrir Sigurður. „Hægt er að leita að flokkum eftir ákveðnu tímabili og jafnvel öllum tegundum ferða velji maður ekki tiltekna veitu. Síðan er hægt að setja inn orð í orðaleit og framkalla flokka eða tímabil eða hvort tveggja.“

Á vefsíðunni er einnig dálkur sem kallast umfjöllun. Þar geta menn leitað uppi vinsæla áfangastaði vinstra megin og þá birtast upplýsingar um þá, stuttur texti með krækjum inn á nánari upplýsingar. Einnig er að finna google-kort af áfangastöðunum þar sem áhugaverðir staðir hafa verið merktir og hægt að fá um þá frekari upplýsingar með því að færa bendilinn á þá. Til að kóróna þetta fylgir myndskeið hverjum áfangastað.

Þá eru óupptaldar upplýsingar um veðurfar á viðkomandi stað ásamt brottfarar- og komutímum í Leifsstöð, sem uppfærast sjálfkrafa.

„Við erum líka með umræðusvæði þar sem notendum er velkomið að koma athugasemdum á framfæri,“ bendir Sigurður á. Hvort sem menn vilja beina spurningum til ferðaskrifstofa, gera athugasemdir, benda á góð hótel eða veitingastaði og svo framvegis. Þegar ferð hefur verið valin færist notandinn sjálfkrafa inn á vefsíðu ferðaskrifstofunnar sem heldur utan um ferðina og þar er hægt að klára bókunina. „Við viljum að á vefsíðunni geti ferðalangurinn fundið allt sem hann þarf að vita fyrir ferðalagið,“ segir Sigurður. *roald@frettabladid.is*



Sigurður segir ferðamynstur Íslendinga hafa breyst. Áður hafi þeir farið í sólarstrandarferðir. Nú deili þeir fríinu í tveggja vikna sumarfrí og svo nokkrar styttri ferðir. Það hafi kallað á síðu eins og ferdatorg.is. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Heildræn mynd af Vestfjörðum

***Fjögur göngukort af suðurhluta Vestfjarða hafa verið gefin út og þrjú til viðbótar eru væntanleg á næsta ári.***

Ferðamálasamtök Vestfjarða gefa út göngukortin og afhentu þau Kristjáni L. Möller samgönguráðherra kortin nýlega.

Kortin fjögur sem þegar eru komin út ná til sunnanverðra Vestfjarða og Dala en þau þrjú sem koma út á næsta ári ná yfir norðurhluta Vestfjarða eða Strandir, Hornstrandir og Ísafjarðarsýslur.

„Við vonum að þetta sé mikil bót fyrir göngufólk en hingað til hafa verið gefin út kort af minni svæðum í einu. Þessi kort ná yfir stærri svæði og má segja að þau sýni heildræna mynd því þetta er sería þar sem öll kortin sjö tengjast saman,“ segir Sævar Pálsson, formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða, og bætir því við að kortin hafi verið unnin í samstarfi við Ferðamálafélag Reykhóla og Dala.

Kortin má nýta til skipulagningar göngu- og hestaferða um byggðir og óbyggðir Vestfjarða.

Helgi M. Arngrímsson frá Borgarfirði eystri sá um kortagerðina en fékk dygga aðstoð frá heimamönnum á Vestfjörðum, sem gáfu góð ráð og lásu kortin yfir. *-sig*



Fjögur kort eru nú komin út af gönguleiðum á suðurhluta Vestfjarða en þrjú til viðbótar eru væntanleg í seríuna á næsta ári. MYND/STRANDIR.IS




SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS








## Mazda 6

Mazda 6 10/06 Ekinn 15 000 km. Sjálfskiptur, 17" álfelgur, filmur í rúðum, vindskeið ofl. Frábær bíll. Verð 2.390 þús. Eða 290 þús. Út og 35 þús. á mánuði. Uppl. í s. 659 4567.



Til sölu Passat árg. '00, ek. 103 þ. Bíll í mjög góðu standi. Listaverð 790 þ. Fæst á 530 þ. stgr. Uppl. í s. 898 8835.



Renault Megane '03 ekin 65 þús, skoðaður '08 toppeintak. Verð 990 þús. S. 848 7958.



Ford 350 pallbíll með sturtu árgerð 1987, í góðu standi. Upplýsingar gefur Páll Kári í síma 863 8602.

MMC Galant GLSI 2,5 V6 árg. 2002 ek. 103 þús, leður, toppl., cd, avance kit og fleira. ásett 2.180 þús. Tilboð 1.890 þús. Steini 840 1743.



Vitara árg. '97 1600. Ek. 131 þús. Breyttur 33" er á 32" nýlegum dekkjum. Mikið endurnýjaður. Ásett verð 320 þús. Uppl. í s. 899 4810.

Ford Mustang GT premium '05 leður, einn með öllu, fæst á yfirtöku 847 6365.



Ford - 150 Lariat árg. 05/07 til sölu. Samlit lok á palli. Verð 3390 þ. Uppl. brimborg.is s. 864 2343.



Benz C 230 Kompressor Sport,'05 ssk. lúga. o.fl. ek. 55.000 Verð 3.6m STGR. Áhv. 2.8m Uppl. 899 0410.



Expedition '07, ek. 6.500 km. 8 manna sparneytinn lúxusjeppi með nær öllum aukahlutum. Listaverð um 6.5m. Stgr. verð 4.950 Þ. Áhv. 4.2m. Uppl. 664 1707



Edge SEL Awd '07 ek. 5.500 km frábær bíll, hlaðinn aukabúnaði. Verð 4.5m. áhv. 4.2m Uppl. 898 9910



Econoline '91 38t. frábær fjalla-og ferðabíll. loftl. fr. og aft. 4:88 hlutföll, 100% viðhald frá byrjun.Verð 750.000 uppl. 899 0410



## ÚTSALA skólabíll

Daihatsu Charade'96 ek. 45 þ á vél. Ný tímareim, bremsuklossar, diskar og nýtt púst. Verð 150 þús. Uppl. s. 697 9180.

Honda Civic 1400, árg.'98. Ek. 174þ. Bsk. 3 dyra. Dökkar rúður að aftan, spoilerkit, álfelgur, heilsárs og sumardekk. Þarfnast smá lagfæringa. Tilboð óskast. Uppl. í s. 847 3228 & 865 5845.

Volvo 460 ssk. Ek. 115þ. árg. '94 V. 260 þ. S. 690 7176.

Toyota Corolla Terra Wagon 1600VVT-I Glæsilegur fjölskyldubíll árg. '04. Ek. 67 þ. Yfirtaka á láni möguleg, afborganir á mánuði 28 þús. Sigfús 690 1990 eða Ragnheiður 695 8245.

Polo, svartur, árg. '02, sk. '08, 1400 vél. Í toppstandi með nýrri tímareim, 3 dyra og 2 dekkjaumgangar fylgja. S. 695 5297.

Til sölu Nissan Almera '96 sk. '08. Verðh. 12 þ. eða tilboð. Einnig Nissan Sunny árg. '94 sk. '08. Fæst á 30 þ. Uppl. í s. 699 3438.

Toyota Aygo 12.2005 til sölu, ekinn 11000, sparneytinn og góður. Sími 863 3923.

Til sölu VW Passat árg. '98. Góður bíll á góðu verði. Uppl. í s. 899 1616.

Gulur Renault Kango til sölu. Verð 430 þ. Uppl. í s. 896 4025.

Peugeot 206 Station árg. '05, ek. aðeins 14 þ. 250 þ. út og 15 þ. á mán. Verð aðeins 1350 þ. Uppl. í s. 896 1339.

Lexus stw limited árg. 04, ek. 33 þ. sk. '09. 300 þ. út og yfirtaka á láni. Uppl. í s. 867 6667. myndir á www.bilalif.is

Kia Carnival '01, ek. 80 þ., þarfn. viðg. Verð ca 150 þ. Uppl. í s. 824 1016.

Suzuki Swift '97 til sölu tjónaður að framan. Tilboð. Uppl. í s. 694 2290.

Toyota Corolla árg. 2007, keyrður 17 þús. km. Fæst gegn yfirtöku á láni, afborgun ca 38 þús. á mán. Uppl. veitir Þór í síma 663 5941.

## BÍLAR TIL SÖLU



## Til sölu

Nýr Porsche Cayenne 2007
Innfluttur af Bílabúð Benna
**Aukabúnaður:**

Nálgunarskynjarar
Dekktar afturrúður
Sóllúga
Xenon ökuljós
Rafknúinn afturhleri
Dráttarkúla, hægt að taka af

Servotronic aflstýri
Tiptronic S, sjálfskipting
Sjálfvirkt loftræstikerfi
Hiti í framsætum
BOSE digital surround hljómkerfi, 250W, 14 hátalar og bassabox

**500.000 kr. afsláttur af nýjum bíl**

Uppl. gefur Ragnar í síma 899 4370

Renault Megane árg. '98, skemmdur eftir árekstur. Selst ódýrt. Uppl í s. 847 0670.

## Volvo XC90

Volvo XC90 árgerð 2006. Svartur diesel með öllu. 12 hátalara hljóðkerfi, sér útvarp fyrir aftursætisfarþega, geisladiskamagasín, rafmagn í sætum, xenon ljós, sími, tól og handfrjáls, 17" álfelgur, tímastilltur forhitari, ljóst leður, cruise control, viðarklæðning í mælaborði, sjálfsskiptur ekinn aðeins 20.000 km. Allar upplýsingar í síma 699 3166.

Nissan Almera Luxury 1800, árg. '00. Ek. 70 þús. 4dyra, ssk, skoð. '08. Auka vetrardekk á felgum. V. 760 þús. Uppl. í s. 892 9301.

VW. Golf 1600 silfurgrár, árg. 2000 5dyra, bsk. Sk. 08, ný vetrar+sumardekk á felg fylgja. Ásett verð 650 þús., tilb. 580 þús. stgr. Uppl. hjá Sigmundi s. 557 4536 & 868 7536.

Ford Escort Station '99, ek. 102 þ. Tilboð 290 þ. Uppl. í s. 844 5252.

Tilboð 390þús. Fiat Multipla árg. 99 skoðaður 08 Í góðu lagi - 6manna eyðslugrannur. Uppl. í síma 690 4045.

Alfa Romeo 156 árg. 99 Skoðaður 08 - Í góðu lagi, álfelgur, topplúga,leður allt nýtt í bremsum, ný tímareim, smávægilegt afturtjón - Tilboð 300 þús. Uppl. í síma 690 4045.

Hyundai Galloper árg. '99 þarfnast smáv. lagfæringar. Bíll sem lítur vel út. Nánari uppl. í s. 895 3534.

## 0-250 þús.



Pajero árg. '90 V6, ek. 168 þ. Sk. '08, nýtt púst og góð dekk. Verð 150 þ. S. 898 6748.



Til sölu Hyundai Sonata árg. '97. Ek. 218 þús. 2000 cc. Þarfnast lagfæringar. Verðh. 60 þús. Uppl. í s. 893 7799.



Dodge Stratus árg. '97 2.4 ek. 102 þ. Skoð. '08. Flottur í skólann. Verð 190 þ. Uppl. í s. 897 0018.



Daewoo Lanos árgerð '99 til sölu. Ekinn 103 þús. Þarfnast lagfæringar á vél. Tilboð óskast. S. 616 8036.



Nissan Almera 1.6 '96, nýskr. '98, ek. 156, bsk., nýmálaður, svuntukit, filmur, græjur ofl. Verð 240 stgr. S. 662 6300.



Til sölu VW Vento '95. Ekinn 122 þús. 1800cc. Ssk. Mjög vel með farinn, 3 eigendur, pottþétt smurbók. Uppl. í síma 865 9710 og 452 2768.



WV Polo 1997 árgerð, ekinn 12þ. km. Þarfnast smá viðgerðar. KR. 50.000 S. 821 8214.

Til sölu Skoda Felicia St.'98 skoðaður til des.'08. Sumar og vetrardekk á felgum. Uppl. í síma 695 5124.

Hunday pony, árg. '92. Fæst fyrir 35 þús. Uppl. í s. 867 8267.

Toyota Corolla 1.8 4x4 árg. 1996, ekinn 210 þ. km. Ný tímareim, skoðuð '08 S. 861 4878.

Til sölu Toyota Corolla XLI 1600 árg. '97. Tilboð. Uppl. í síma 895 8175, Óli eða 844 6498, Jóna.

Ford Escort '96 árg. Sk. '08. Ek. 145 þús., bsk. heilsársd. V. 85 þús. S. 896 7776.

Toyota Corolla station 1300 árg. '95. Sumar/vetrardekk á felgum. Skoðuð '08. Góður bíll. Uppl. í s. 891 7786.

Til sölu Nissan Almera '96 sk. '08, vetrardekk og CD. V. 199.999 S. 820 4340.

Renault Meg. Árg. '97 ek. 125 þ. sk '08. V. 220 þ. Dráttarkúla. Uppl í s. 869 4929.

Toyota Corolla '93. 1.6 5 dyra beinsk. Sk. '08. Er á góðum vetrardekkjum. Ekinn 200.000. Tilboð óskast 862 0660.

Corolla árg. '99 e. 135 þ. á 380 þ. kr og Impreza árg. '97 e. 175 þ. á 250 þ. til sölu. S. 865 1349.

Hyundai Accent árg. '99, 5 dyra, nýsk. Ek. 97 þús. Verð 210 þús. Uppl. í s. 696 9943.

Suzuki Baleno '98 4x4, dráttarkúla, rafmagn í öllu, samlæsing, þjóav., Kenwood cd, ek. 120 þús. Sk.'08. Litur mjög vel út. Verð 225 þús. Sími 863 6346.

Til sölu Toyota Corolla árg. '98. Sk. '08. Verð aðeins 235 þús. Uppl. í s. 695 9543.

VW Golf Variant 16 árg. '98. Ek. 140 þús. Verð 180 þ. Uppl. í s 660 6903.

Skoðaður jeppi fyrir lítið! Pajero '87 bensín bsk. 4cyl. S. 892 5257 & 588 0115.

Hræódýr ! Ford Ka '00. Ek. 120 þ. Þarnast smá umönnunar fyrir sk. V. 125 þ. S.899 6916.

VW Golf '93 sk. '08. Verð 95 þ. Sími 699 2707.

Kia Clarus '99 2.0 sk. 08 ek. 106 þ. leður 3x tv playstation 2 og dvd v. 220 þ. S. 661 3548.

Eistakt tilboð BMW F 650 '98 á aðeins 350 þ. selst vegna flutninga. Fystur kemur fystur fær. Uppl. í 864 7913.

Hyundai H-100. '98 sk '08, Sendibifreið, biluð vél. Uppl. í s. 862 7894.

Daihatsu Charade árg.'95 ssk. vökvast. Næsta sk. nóv.'08 ekinn 168 þús. km. Verð 120 þús. Uppl. í s. 847 9862.

## 250-499 þús.



M Benz 180c árg. '95, vel útlítandi, í toppstandi. Ssk., topplúga, litað gler ofl. Sk. '08, gott viðhald, nótur. V. 500 þ. S. 660 7640.



MMC Lancer station, árg. '99, ek. 175 þ. 4X4, krókur, bsk., sk. '08, verð 450 þ. Uppl. í síma 843 9456.



Toyota Rav4 árg. '97 ek. 159 þús. Sk. ]08. V. 490 þús. Sími 824 6116, www. korkurinn.is/rav



Subaru Legacy árg. 1998 til sölu. Ekinn 115 þús., ný tímareim og fr.bremsur og diskar. Dráttarkrókur, þjónustubók. Verð 390 þús. S. 820 0244.



Skoda Octavia '99, ek 139, bsk. flottur í skólann eða vinnuna. Uppl. í s. 869 7025.



Nissan Almera GTi '98 ekin 191þús km. Bsk, 2.0, 142 hp. Verð 430 þús. Upplýsingar í síma 868 5647, Freyr.

Subaru Inpressa árg.'99. Sk. '08. Ek. 150 þús. 2,0 L. Beinsk. 4x4. Nýleg heilsársdekk, ljós á lit, góður bíll. Verðhugmynd 450 þús. Uppl. í s. 893 3103.

Subaru Impreza, '99, ek. 150 þ. 2.0L, sk. '08, bsk., 4x4, nýl. heilsársdekk, ljós á lit, góður bíll, verðhugm. 450 þús. S. 690 6126.

VW Golf comfortline 1600 árg. '99, ek 134 þús. Reglulegt yfirlit, nýsk. Verð 450 þ. áhv 309 þús. Uppl í s. 698 7317.

Nissan Micra árg. '00. Svartur, 5 dyra, ek. 69 þús. Skoð. '08. Góður bíll. Áhv. 240 þús, v. 480 þús. Uppl. í s. 694 8848.

Til sölu Toyota Carina E '97, sjálfskiptur, ekin 152þús., mjög gott eintak. Tveir eigendur frá upphafi, þjónustubók og cd spilari. Verð 350 þús. Uppl. í síma 822 3531 (Karl) eða 820 3538 (Erla).

## 500-999 þús.



Ford Focus Ghia árg. '99 1.6 ek. 124 þ., bsk. Nýsk. '08, ný tímareim, nýleg heilsársdekk, álfelgur, CD. Ásett verð 520 þ. S. 699 2628.



Til sölu BMW E30 325i árg. 88. Mikið breyttur og endurnýjaður. 800 þús. staðgreitt. Sími 696 0609.



Suzuki Ignis GL 4WD 6 / 2003 sk. 2008, ekinn 77 þ. km. Verð 850 þús., bensín, 5 manna, sumar/vetrard. S. 843 0370.



BMW 320 iA '97, ssk., toppl., rafm. í rúðum. Sumar- og vetrardekk á felgum. Verð 550 þús, engin skipti. Góður bíll! Uppl. s. 867 0015.

Gul Volkswagen Bjalla til sölu á tilboðsverði kr. 900.000.- Keyrður 27 þús. mílur, skoðaður '08 og er í góðu standi. Vetrardekk á felgum fylgja. Uppl. í síma 691 1231.

## 1-2 milljónir



## Toyota Rav4 Auðveld kaup!

Árg. 2003, 5 gíra, 3 dyra, grár og flottur. Ekinn 62 þ. Verð 1490 þ. Áhv. 1350 þ. Afb. einungis 21 þ. á mánuði. 10 mánuðir eftir af framlengdri verksmiðjuábyrgð frá Toyota. Sími 862 0000.



Fiat Grande Punto árg.'07, ekinn 7000km,beinskiptur,sumardekk fylgja. Verð: 1.550.000. Uppl. í s. 8688608



Toyota Avensis Wagon Sol 11/2004 ekinn 49 þús . Einn eigandi. Uppl. í 898 5003.



Sjálfskipt Toyota Corolla '03 5 dyra ek. 74 þús. Áhv. 930 þú. 15 þ. á mán. Verð 1.390 þús. Góður bíll. Uppl. í s. 693 5053.



Opel Astra '07. 16 bsk. ek. 11 þús. Smá tjón á afturbretti annars sem nýr. V. 1,750 þ. S. 860 4946.



Honda CRV 2003, ekinn 69 þús. Verð 1990 þús. Gott lán áhvílandi. Uppl. í s. 693 4760.



Pajero 2,8TDi ssk árg '99 ek. 177þkm 33" breyting, glæný dekk. Vel með farinn góður bíll, topp viðhald. Ásett kr. 1290þ. Engin skipti. 824 1126

Til sölu Toyota Corrolla st. árg. 04 skoðaður 09 ek. 46000, verð 1450 þús. Upplýsingar í síma 894 4745.



Ford Escape Limited sjálfskiptur, árg. 03 ek. 84 þ.km, leður, magasín, litad gler, dr.beisli, topplúga. Verð 1.950. Uppl. í s. 669 9233.



Til sölu Subaru Legacy Outback árg. '00. Ek. 140.000, vel með farinn og fallegur bíll. Verð 980.000. S. 897 9740.

## 2 milljónir +



Honda Accord Tourer Sport 2005. Ek. 30 þús. Ssk. Álfelgur, cruise control ofl. Engin skipti. Verð 2.180.000. S. 868 2712 & 565 3856.

islandus.com
WWW.ISLANDUS.COM - Sími 552 2000
2008 FORD ESCAPE HYBRID
Sparið 70% í eyðslu!
10% Útborgun - Íslensk Ábyrgð

Hybrid gefur þér aukinn kraft með minni eyðslu. Allt að 70% aukin sparneytni! Kynntu þér HYBRID frá Toyota, Ford, GMC, Lexus og Honda á islandus.com. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



Toyota Corolla sol 1.6. Árg 07, ekinn 10 þ. mm skiptur. Spoiler, filmur, álfelgur. Verð ákv lán 2,3+100þús. Uppl 863-6421.

# hús&heimili

FÖSTUDAGUR 8. SEPTEMBER 2007

**PÉTUR LÚTHERSSON**

## Ekki nóg að vera frægur

**HEIMILIÐ**

## Rökkur og rómantík

**INNLIT**

## Garðyrkjustjóri í garðbýli



FRÉTTABLAÐIÐ



FJARNÁM ÖFLUGT OG ÓDÝRT

Skráning á www.verslo.is

28. ágúst - 10. september

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



## STELTON CLASSIC KAFFIKÖNNURNAR

eftir Eric Magnussen eru löngu orðnar klassískar. Þær fást í öllum regn-bogans litum og líka úr stáli. Hitakönnurnar taka 1 lítra og eru 30 cm á hæð og þvermálið er 10,5 cm. Verðið fer eftir gerð og lit og fást könnurnar í ýmsum búsáhalda- og hönnunarverslunum.

## hönnun

**HESTSLAMPINN FRÁ MOOOI OG FRONT HÖNNUNARTEYMINU** Margir hafa eflaust rekið augun í sérstakan lampa sem prýðir glugga kaffihússins B5 í Bankastræti. Þar er svartur hestur í fullri stærð með lampaskerm á hausnum. Þessi sérstaki lampi er hannaður af sænska hönnunarteyminu Front sem í eru fjórar konur. Þær hönnuðu lampann fyrir hollenska hönnunarfyrirtækið Moooi sem státar sig af framúrstefnulegri hönnun. Lampinn er hluti af seríu sem kallast „Animal Thing“. Þessi húsgögn hafa oftast þau áhrif á fólk að annaðhvort fellur það fyrir þeim við fyrstu sýn eða þolir þau alls ekki. Hestslampinn góði fæst í Saltfélaginu.





**Forsíðumynd:** Halldór Sveinbjörnsson tók þessa mynd af húsi Ásthildar Cecil Þórðardóttur garðyrkjustjóra á Ísafirði. **Útgáfufélag:** 365 - miðlar ehf, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími: 512-5000 **Ritstjórar:** Kristín Eva Þórhallsdóttir kristineva@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason og Ásta Bjartmarsdóttir s. 517-5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



**Í þessari gluggakistu drekkur Sonja kaffið sitt á hverjum morgni meðan hún fer yfir daginn í huganum.** FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Hálftíma kaffihugleiðsla

Sonja B. Grant er ein af fáum konum á landinu sem lært hafa húsasmíðar. Hún starfar þó ekki við það í dag heldur á kaffi hug hennar allan.

„Ég geri eins og fólkið í Friends, þarf að fara út um gluggann til að komast á svalirnar, en í gluggakistunni finnst mér ægilega gott að vera,“ segir Sonja sem stundar eins konar hugleiðslu þar á morgnana meðan hún sötrar kaffið sitt og horfir á fólk fara til vinnu.

„Það er svo gott að horfa upp á Snæfellsjökul og út á sjó þegar maður drekkur morgunkaffið. Þetta heldur í manni lífinu í höfuðborginni,“ segir hún, en Sonja er fædd og uppalin á Akureyri. „Svo flutti ég til Reykjavíkur þegar ég var sautján ára gömul, með appelsínugult hár og til í allt.“

Það er óhætt að fullyrða að Sonja sé með ansi sérstæðan menntunarbakgrunn en hún er lærður húsasmiður úr Iðnskólanum í Reykjavík.

„Eins og svo margir aðrir þá kláraði ég reyndar aldrei sveinsprófið, en ég vann við þetta í fimm ár eftir að ég hætti í skólanum. Þá kom að því að mig langaði til að vinna inni, sótti um hjá Kaffitári og var svo heppin að vera valin úr fimmtíu manna hópi,“ segir Sonja og bætir því við að síðasta mánudag hafi hún haldið upp á tólf ára starfsafmæli sitt hjá fyrirtækinu.

„Þegar ég fann kaffibransann þá vissi ég hvað ég vildi gera í lífinu. Núna er ég alþjóðlegur kaffidómari og þvælist því um allan heim til að kynna mér kaffi. Er til dæmis nýkomin heim frá Japan og er að fara til Rússlands og Svíþjóðar á næstunni,“ segir Sonja ánægð. Fyrir mörgum gæti eftirnafnið Grant hljómað kunnuglega en Sonja á einmitt bróður með sama eftirnafni sem getið hefur sér gott orð sem einkaþjálfari. Sá heitir Arnar og segir hún þau systkin bæði hafa sérlega gaman af því að elda góðan mat.

„Ég er reyndar ekki með eins flottan sixpakk og hann bróðir minn, en ég er að vinna í þessu. Er komin með tvípakk,“ segir hún og flissar en bendir um leið á að hún kunni þó sitthvað fyrir sér í þjálfun þótt það sé ekki á sviði líkamsþjálfunar.

„Mér var veittur titillinn Besti kaffikennari og kaffibarþjónaþjálfari Evrópu 2007, við hátíðlega athöfn í Antwerpen fyrr á árinu og jafnaði þannig þjálfarastöðuna upp að vissu marki, en hins vegar náum við systkinin mjög vel saman í eldhúsinu enda miklir ástríðukokkar bæði tvö og til að styrkja fjölskylduböndin hittumst við um það bil einu sinni í viku til að elda saman góðan mat,“ segir þessi skemmtilega kona að lokum. *margret@frettabladid.is*



# Stillanlegt og þægilegt




## Rétti tíminn fyrir nýtt rúm

### Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og frábært úrval svefnherbergishúsgagna



### Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin" sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.



### Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og kodda koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktar á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskólasjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.

**Betra BAK**

| Reykjavík | Ísafirði | Akureyri |
|---|---|---|
| Faxafeni 5 | Skeiði 1 | Tryggvabraut 24 |
| Sími 588 8477 | Sími 456 4566 | Sími 462 1410 |

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**







Til bókaútgefenda:

BÓKATÍÐINDI 2007

Skráning nýrra bóka í Bókatíðindi 2007 er hafin.

Útgefendur eru hvattir til að skrá bækur sínar sem allra fyrst en lokaskil vegna kynninga og auglýsinga er 17. október nk.

Bókatíðindum verður sem fyrr dreift á öll heimili á Íslandi.

◆◆◆

Allar upplýsingar á skrifstofu Félags íslenskra bókaútgefenda, Barónsstíg 5, sími 511 8020.
Netfang: baekur@simnet.is

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA




# Ekki nóg að vera frægur

● Pétur B. Lúthersson er einn af þeim sem ruddi brautina í íslenskri húsgagna- og innanhússhönnun. Hann menntaði sig í Danmörku á sjöunda áratugnum og hefur síðan með einum eða öðrum hætti snert líf og fegurðarskyn heimsbyggðarinnar.



Pétur B. Lúthersson, innanhúsarkitekt og húsgagnahönnuður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það var erfiður tími á Íslandi þegar ég kom heim úr námi; markaðurinn einangraður og nánast enginn innflutningur á húsgögnum. Í verslunum voru íslenskar eftirlíkingar af danskri húsgagnahönnun og alls ekki auðvelt að koma inn nýrri hugsun hér heima,“ segir Pétur B. Lúthersson, sem fyrstur íslenskra húsgagnahönnuða gerði samning um hönnunarþóknun og auglýsingar undir nafni við Gamla kompaníið, þar sem menn voru víðsýnni en gekk og gerðist í þá daga.

„Síðustu tvo áratugi hef ég haft tekjur að hálfu fyrir hönnun á erlendri grund. Þessa dagana er ég önnum kafinn við að hanna nýja stólalínu fyrir fyrirtæki í Noregi og teiknaði þar á undan stól fyrir Rosenthal. Samkeppni í hönnun húsgagna hefur alltaf verið geysihörð og fjallið kemur ekki til Abrahams. Maður þarf að hafa svolítið fyrir þessu og kannski stundum spurning um heppni í bland við góða hönnun,“ segir Pétur, sem með sanni breytti viðhorfi landa sinna gagnvart innlendri hönnun á íslensk heimili.

„Þetta byrjaði allt með lampanum Heklu sem við Jón Ólafsson sköpuðum. Hann fékk fyrstu verðlaun í lampahönnunarkeppni, var framleiddur í fimmtán ár í Danmörku og fæst í dag á uppboðsmörkuðum sem antik. En ætli stóllinn Stacco frá 1981 sé ekki mitt frægasta verk. Hann er búið að selja í hundruðum þúsunda eintaka um allan heim,“ segir Pétur sem enn teiknar mest fjölnota húsgögn fyrir skrifstofur, stofnanir og hinn almenna markað.

„Ég vinn við það sem gengur vel og orðið langt síðan ég teiknaði til að fá myndir í tímarit. Það skilar litlu. Fólk verður að kunna að meta og vilja nota það sem maður hannar, annars er hönnun tilgangslaus,“ segir Pétur sem nýlega skoðaði hönnunarsýningu á Kjarvalsstöðum.

„Ég vil auðvitað vera mjög jákvæður en er ekki viss um að sýningin hafi gefið rétt skilaboð. Hönnun verður að höfða til neytenda og framleiðenda; annars er hún bara tómstundagaman og í besta falli list. Það hefur ekkert að segja að vera frægur ef hönnun er gagnslaus,“ segir Pétur sem segist stoppa við þegar básúnuð er gróska í hönnun nútímans.

„Ungt fólk talar eins og ekkert hafi gerst áður, en það er ekki alls kostar rétt. Hin mikil gróska í húsgagnahönnun á árunum 1960 til 1970 gleymist en þá voru haldnar virkilega spennandi sýningar á nýjum húsgögnum sem menn teiknuðu og smíðuðu sjálfir. Þegar svo innflutningur varð óheftur lenti íslenskur húsgagnaiðnaður í klípu og er enn í molum, þótt eitthvert líf sé í hönnun,“ segir Pétur sem furðar sig á lítilli eftirspurn nútíma efnafólks eftir sérhönnun íslenskra hönnuða í húsgögnum.

„Um miðja síðustu öld var algengt að menn létu sérhanna og smíða stásslegar mublur til heimilisins, en nú er eins og mönnum detti þetta ekki í hug. Ég er hissa á að Íslendinga langi ekki að eignast eigulegan húsbúnað sem þeir einir geta átt lengi og erfist seinna til barnabarnanna. Slíkt verkefni þætti mér ákaflega spennandi.“

Hönnun Péturs B. Lútherssonar fæst í Epal, hjá Á. Guðmundssyni og í Sólóhúsgögnum.



Ljósið Brandur.



Fundarstóll frá 1991.



Stacco-stólar í stafla.



Faxi .

LISTMUNASALA fold

# Listapósturinn

8. tbl. • 12. árgangur • 7. september 2007 • 138. tbl. frá upphafi

## Listmunauppboð á Hótel Sögu



Kristján Davíðsson

Næsta listmunauppboð Gallerís Foldar verður haldið á Hótel Sögu, Súlnasal, sunnudagskvöldið 9. september og hefst kl. 19.

Boðin verða upp 140 verk af ýmsum toga, þar á meðal fjöldi verka gömlu meistaranna. Meðal annars má nefna verk eftir Þórarin B. Þorláksson, Jón Stefánsson, Mugg, Ásgrím Jónsson, Kjarval, Kristínu Jónsdóttur, Þorvald Skúlason, Gunnlaug Scheving, Gunnlaug Blöndal, Karl Kvaran, Jóhann Briem og Svavar Guðnason. Einnig verða boðin upp verk eftir Dieter Roth og Andy Warhol.



Þórarinn B. Þorláksson



Þorvaldur Skúlason



Andy Warhol



Kristín Jónsdóttir



Svavar Guðnason



Sæmundur Valdimarsson



Magnús Kjartansson



Jón Stefánsson



Ásgrímur Jónsson



Muggur – Guðmundur Thorsteinsson

· Gallerí Fold ·

innrömmun við Rauðarárstíg

•

Fullkomnasta rammaverkstæði landsins

•

Mikið úrval af rammalistum

Verkin eru sýnd í Galleríi Fold við Rauðarárstíg föstudag kl. 10 til 18, laugardag kl. 11 til 17 og sunnudag kl. 12 til 17.
Þá er hægt að skoða uppboðsskrána á vefsíðu Foldar, myndlist.is

Listapósturinn · Útgefandi: Gallerí Fold, listmunasala · Rauðarárstíg 14, 105 Reykjavík · Sími: 551 0400 · fax: 551 0660 · Netfang: fold@myndlist.is · í Kringlunni, 103 Reykjavík · Sími: 568 0400 · Netfang: foldkringlan@myndlist.is · Heimasíða Gallerís Foldar og Listapóstsins er: www.myndlist.is · Ritstjóri: Tryggvi P. Friðriksson · Ábyrgðarmaður: Elínbjört Jónsdóttir · Umsjón heimasíðu: Jóhann Á. Hansen · Upplag: 95.000 prentuð eintök fylgja Blaðinu og 2400 rafræn eintök, send ókeypis til áskrifenda.

**● VINNURÝMI** þarf ekki endilega að vera stórt og mikið. Hægt er að skipta upp stærra rými og skapa sér ágætis pláss úti í horni eða bak við skilrúm. Hér er gott dæmi um góða nýtingu á litlu rými. Hér er einfaldlega borðplötu smellt í hornið og hillurnar látnar falla inn í vegginn. Ef vinnurýmið er inni í öðru rými, til dæmis stofu, og þarf því að líta sómasamlega út, er gott að hafa hilluplass til að geyma hluti í og sniðugt að hafa fallegan stól til að prýða rýmið.



# Gerðu þjóðlegt góðverk

● Thorvaldsens bazar hefur í dag verið rekinn í 106 ár og er því elsta fyrirtæki landsins sem ekki er rekið í gróðaskyni, en allur ágóði af sölunni rennur beint til góðgerðamála og þá helst til barna sem þurfa á stuðningi að halda. Hjá Thorvaldsens bazar hefur íslensku handverki alltaf verið gert hátt undir höfði og því slá viðskiptavinir þrjár flugur í einu höggi með því að versla þar – styðja einstaklingsframtakið, halda við hefðum og styrkja þá sem á þurfa að halda.

**1. Krummi** kroppar í gæruskinn. Þetta fallega, ólitaða skinn kostar 8.390 krónur og færi vel á hvaða stól eða sófa sem er.

**2. Íslenskt handverk** eins og það gerist best. Útskorin gestabók með mynd af Geysi á 18.100 krónur. Fyrirtaks gjöf á stórafmælum eða við önnur góð tilefni.

**3. Kópavogskirkja** Hjá Thorvaldsens bazar fást litlar styttur af ýmsum þekktum byggingum á landinu, meðal annars af mörgum kirkjum og þar á meðal Kópavogskirkju. 830 krónur.

**4. Ljóstýra í steini** sem passar vel á baðið eða hvar sem er þar sem áhrif frá náttúrunni fá notið sín. 990 krónur.

**5. Að hafa allt á hornum sér** er máltæki sem við grípum oft til, en hvað með að grípa í hornið sjálft? Þetta fína hrútshorn fer vel á vegg og getur jafnvel hentað sem nýstárlegur blómavasi. 1.500 krónur.

margret@frettabladid.is











# HÖRÐUR TORFA

# HAUSTTÓNLEIKAR

Í 32 ár hefur hann haldið sína annáluðu Hausttónleika. Líkt og undanfarin ár verða tvennir tónleikar, þeir fyrri hefjast klukkan 19.30 en þeir seinni klukkan 22.00.

**Miðasala er hafin hjá Borgarleikhúsinu og Midi.is.**

## 14. september

Í BORGARLEIKHÚSINU





Inngangurinn í hið óvenjulega hús er í hæsta máta þjóðlegur. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN



Ásthildur er garðyrkjustjóri á Ísafirði og því viðeigandi að hún búi í hálfgerðu gróðurhúsi. MYND/HALLDÓR



Einar Þorsteinn Ásgeirsson arkitekt hannaði húsið eftir hugmyndum eigendanna. MYND/HALLDÓR



Hér glittir í læk, grjót, rótarhnyðju og gamla sláttuvél í garðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN



„Þetta hús er yndislegt allan ársins hring," segir Ásthildur Cecil Þórðardóttir, garðyrkjustjóri á Ísafirði. „Líkast eins og leg í móðurskauti því það vefur mann að sér og garðhúsið gerir það að verkum að sumarið lengist um marga mánuði." MYND/HALLDÓR

# Hann kallaði þetta garðbýli

● „Ánægjan er auði betri" er áletrun fyrir ofan dyr Ásthildar Cecil Þórðardóttur, garðyrkjustjóra á Ísafirði. Hún býr ekki í neinu venjulegu húsi því bæði er það kúlulaga og nær helmingur þess undir gleri en hinn þakinn torfi.

Ásthildur Cecil Þórðardóttir, garðyrkjustjóri á Ísafirði, býr í kúlulaga húsi sem er að hluta úr gleri og að hluta undir torfi. Fjölskyldan sefur og eldar undir torfþakinu. Þar er íbúð á þremur pöllum, 120 fermetrar að flatarmáli en Ásthildur segir borðað í garðhúsinu flesta daga frá því í mars fram í október. Þar er líka suðræn stemning. „Þetta hús er yndislegt allan ársins hring," segir hún „Líkast eins og leg í móðurskauti því það vefur mann að sér og garðhúsið gerir það að verkum að sumarið lengist um marga mánuði."

Ásthildur segir Einar Þorstein Ásgeirsson arkitekt hafa hannað húsið eftir hugmyndum eigendanna. „Hann kallaði þetta garðbýli," segir hún brosandi. „Við byggðum húsið sjálf og fluttum inn í ágúst 1987 svo það eru 20 ár síðan. Nú fer að koma að viðhaldi."

Það er fleira athyglisvert kringum Ásthildi því garðurinn umhverfis húsið er bæði stór og fjölskrúðugur og tveir litlir lækir renna gegnum hann, hvor sínum megin við húsið. Í öðrum þeirra er foss. „Garðurinn minn er bara villigarður. Ég hef engan tíma til að hugsa um hann því ég þarf að sinna opnum svæðum og umhverfi stofnana í bænum," segir hún. „En lækjarniðurinn er þægilegur og ég held við vöxum aldrei upp úr því að hafa gaman af vatni." *gun@frettabladid.is*



Fjölskyldan sefur og eldar undir torfþakinu. MYND/HALLDÓR

:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Fjarnám á haustönn

Skráning á haustönn fer fram dagana:

27. ágúst – 10. september

á heimasíðunni www.fa.is/fjarnam



# DÚKÞAK ehf

...á þökin

## Sími 564 1030

ECOSEAL UMHVERFISVÆN ÞAKKERFI

### Ecoseal og hönnun

Það er mikilvægt að hafa umhverfisvæna valkosti í þakhönnun. Aukin gæði þakefna eru líka æskileg. Ecoseal er styrkt fjölliða sem hefur báða fyrrnefnda kosti og það sem meira er - á samkeppnishæfu verði. Umhverfisvænar vörur, áratuga notkun og góð reynsla geta farið saman við eðlilegt verð þegar þær eru bornar saman við önnur þakkerfi sem eru skaðleg umhverfinu.

Hafðu samband við sérfræðinga okkar og við aðstoðum þig við að finna lausn á lágmarks verði með hámarks endingu.

MEÐ ECOSEAL ER NÁTTÚRAN VARIN



Ecoseal er umhverfisvænn þakdúkur sem inniheldur ekki plastesiser og er án eiturefna.

Ecoseal TPO-dúkur er sá mest notaði í heiminum af þessari tegund.



Ecoseal veitir 15 ára ábyrgð.

Ecoseal dúkurinn stenst alla alþjóðlega staðla og íslenskar reglugerðir.



Dúkþak ehf Melabraut 24 220 Haf. www.dukthak.is

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK
HAUST 2007
NÁMSKEIÐ eru frá 24.SEPTEMBER
JL-húsinu, Hringbraut 121
og á Korpúlfsstöðum
www.myndlistaskolinn.is

BARNA- OG UNGLINGADEILD
14 vikna námskeið fyrir 3-5 ára
3-5 ára laugard. 10.15-12.00 Gerður Leifsdóttir
3-5 ára miðvikud. 15:15-17:00 Sigríður Helga Hauksd.

námskeið fyrir 6-9 ára vetrarlöng og 14 vikna
6 - 9 ára mánud. 15:15-17:00 Elva Hreiðarsdóttir
6 - 9 ára mánud. 15:15-17:00 Björk Guðnadóttir
6 - 9 ára þriðjud. 15:15-17:00 Kristín Reynisdóttir
6 - 9 ára **Korpu** þriðjud. 15:15-17:00 Elva Hreiðarsdóttir
6 - 9 ára miðvikud. 15:15-17:00 Gerður Leifsdóttir
6 - 9 ára **Korpu** miðvikud. 15:15-17:00 Helgi Þórsson
6 - 9 ára fimmtud. 15.15-17.00 Kristín Reynisdóttir
6 - 9 ára föstud. 15:15-17:00 Anna Hallin
6 - 9 ára laugard. 10:00-11:45 Björk Guðnadóttir

14 vikna námskeið fyrir 8 -12 ára
10-12 ára **Korpu** mánud. 15:00-17:15 Helgi Þórsson
10-12 ára Myndlist-verkmennt-video mánud. 15:00-17:15 Gerður Leifsóttir
9 -13 ára Myndlist-tæknifikt þriðjud. 15:00-17:15 Anna Hallin og Pétur Örn Friðriksson
10-12 ára miðvikud. 15:00-17:15 Þorbjörg Þorvaldsdóttir
9 -11 ára Leirrennsla og mótun fimmtud.15:00 - 17:15 Guðbjörg Káradóttir og Anna Hallin
8 -11 ára Myndlist-verkmennt fimmtud. 15:00-17:15 Gerður Leifsdóttir
10-12 ára Myndlist / myndasögur föstud. 15:00-17:15 Þorbjörg Þorvaldsd.Búi Kristj. Bjarni Hinriksson
10-12 ára Leirrennsla og mótun laugard. 10:00-12:15 Guðbjörg Káradóttir og Anna Hallin

14 vikna námskeið fyrir ungt fólk
13-16 Teikning-málun-þrívídd **Korpu** fimmtud.15:30-18:30 Sigríður Ólafsdóttir og Helgi Þórsson
13-16 Myndasögugerð fimmtud.16:00-19:00 Bjarni Hinriksson og Búi Kristjánsson
13-16 ára Leirmótun föstud. 16:30-19:30 Guðný Magnúsdóttir
13-16 Teikn.-Málun-þrívídd. föstud 16:00-19:00 Sigríður Ólafsdóttir og Þorbjörg Þorvaldsdóttir
13-16 Grafík-Götulist laugard.10:00-13:00 Kristín Hauksd.og Sara Riel
16-19 ára Vídeó, hljóð og allra handa föndur þriðjud. 17.45-21.45 Sigurður Guðjónsson og Helgi Þórsson

KERAMIKDEILD
14 vikna námskeið í leirrennslu og -mótun
Leirkerarennsla mánud.17:30-20:15 Guðbjörg Káradóttir
Leirmótun og rennsla þriðjud.17:30-20:15 Guðný Magnúsdóttir
Grundvallaratriði í keramik miðvikud.18:00-22:00 Guðný Magnúsdóttir og Guðbjörg Káradóttir.
Leirrennsla morgunt. föstud. 09:00-11:45 Guðbjörg Káradóttir

TEIKNIDEILD
undirstöðugreinar sjónmennta
Módelteikning mánud. 17:45-20:30 Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Teikning 1 þriðjud. 17:30-21:30 Eygló Harðardóttir
Teikning 1 morgunt. miðvikud. 09:00-11:45 Sólveig Aðalsteinsdóttir
Teikning 1 miðvikud. 17:30-21:30 Sólveig Aðalsteinsdóttir
Teikning 2 mánud. 17:30-21:30 Hilmar Guðjónsson
Portretteikning fyrir byrjendur fimmtud. 17:30-20:30 Karl Jóhann Jónsson
Módelteikn.-mótun-hreyfimynd miðvikud 17:30-20:30 Sigríður H. Hauksd.

form/rými - bókverk - portfolio - ljósmyndun - indesign
Bókverk mánud. 17.30-21.30 Ósk Vilhjálmsdóttir
Stafræn ljósmyndun mánud. 18:00-20.45 Brooks Walker
Svart / hvít ljósmyndun mánud. 18:00-20.45 Erla Stefánsdóttir
Form, rými og hönnun mið. 17:30-20:30
Brynhildur Pálsdóttir, Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir og Guja Dögg Hauksd.
Skapandi starfsvettvangur (portfolio) þriðjud.17:30-20:15 Ósk Vilhjálmsdóttir
Indesign/photoshop Helgarnámskeið (tími augl.síðar) Magnús V.Pálsson

MÁLARADEILD
Vatnslitun þriðjud. 17:30-20:15 Hlíf Ásgrímsdóttir
Litaskynjun fimmtud. 17:30-21:30 Eygló Harðardóttir
Frjáls málun föstud. 13:00-15:45 Þuríður Sigurðardóttir
Málun 1 (vetrarl.) þriðjud. 17:30-20:15 Þorri Hringsson
Málun 2 (vetrarl.) mánud. 17:30-20:15 Sigríður Ólafsdóttir
Málun 3 (vetrarl.) mið. 17:30-20:15 JBK Ransú
Málun/litaskynjun mið. 09:00-11:45 Sigríður Ólafsdóttir
Málun/olía-vatnsl. mið. 09.00-11.45 Þorri Hringsson/Hlíf Ásgrímsd.
Málun framhald mið. 09:00-11:45 JBK Ransú
Framhaldsnámskeið í málun fimmtud. 17:30-20:15 Hulda Stefánsdóttir
Portret / málun framhald. laugard. 10:00-13:00 Karl Jóhann Jónsson

INNRITUN
sími 551 1990
www.myndlistaskolinn.is

# Hlýir og djúpir tónar

● Tilvalið er að breyta um púða í stofunni þegar árstíðaskipti eru og velja þá liti og mynstur sem hæfa betur stað og stund. Ódýrara er að skipta um nokkra púða en heilu húsgögnin. Um þessar mundir eru haust- og vetrarvörur að tínast inn í verslanirnar og er mikið um hlýja og djúpa liti eins og fjólubláan, brúnan, dökkan túrkislit og síðan er svarti liturinn klassískur. Víða má finna falleg mynstur og einnig getur komið vel út að hafa ljósa og kalda liti og þá jafnvel með silfruðu skrauti til að tóna við veturinn. Hlýir og djúpir tónar ásamt köldum litbrigðum munu því leysa af ferska og skæra liti sumarsins sem lifna síðan að nýju er vora tekur.

**1. Fjólublár flauelspúði** með stungnu ferningsmynstri. Mjúkur að sjá og snerta. Fæst í Lene Bjerre á 2.600 kr.

**2. Kringlóttur hvítur púði** með gráu mynstri og silfruðum þræði í miðju. Flottur í svefnherbergið. Tekk-Company, 5.400 kr.

**3. Tveir flottir saman.** Flauelspúði í djúpum túrkislit á 4.500 kr og munstraður silkipúði á 4.900 kr. Fást í Tekk-Company.

**4. Drapplitur púði** með glansáferð og silfurþræði, útflúraður með barokkmynstri. Fæst í Lene Bjerre á 7.300 kr.

**5. Svartur aflangur púði** úr riffluðu flaueli með útflúri og gráum röndum þvert yfir. Lene Bjerre, 3.100 kr.




Tröppur og stigar

SALA
LEIGA
Iðnaðartröppur
BRIMRÁS
– íslensk framleiðsla
ÁLSMÍÐI
STÁLSMÍÐI
RAÐSMÍÐI
SÉRSMÍÐI
KVARNIR
Tunguháls 15
sími: 564 6070
www.kvarnir.is

## klassískt



● **ASCASO ESPRESSO-VÉLIN** er orðin æ algengari sjón á íslenskum heimilum enda hefur hún klassískt útlit og fæst í mörgum litum, burstuðu stáli og jafnvel skjöldótt! Vélin er til dæmis fáanleg í Te og kaffi-verslununum og hægt er að fá kaffikvörn í stíl. Skrokkur kaffivélarinnar er úr endingargóðu áli og bruggtækin úr látúni. Ascaso-verksmiðjan var stofnuð árið 1962 á Spáni og hefur fyrirtækið því áratuga reynslu í kaffiheiminum. Nú er Ascaso einn af helstu framleiðendum kaffivéla og selur vörur sínar til yfir fimmtíu landa víðs vegar um heiminn. Aðalsmerkið er einfaldar vélar með fallegri hönnun sem endast lengi.

# HOTEL HVOLSVÖLLUR



**...er staðsett í hjarta Njáluslóða þar sem sagan svífur yfir vötnum**
**aðeins um 100 km. frá Reykjavík**

• Nýr Veitingastaður fyrir 180 mans • Fundaraðstaða fyrir 80 mans • 2 heitir pottar
• Hestaferðir • Hótel – Golf • Söguferðir







# Haustdagsskrá 2007

**September**

- **29.09.** Hausthátíð í Rangárþingi Eystra
  *dagskrá á www.hvolsvollur.is*

**Október**

- **12. – 13/10.** Kreole matur - Amerísk vín
- **19. – 20/10.** Spánar helgi Spönsk vín
- **26 – 27/10.** Frönsk helgi

**Nóvember**

- **2 – 3.11.** Villibráðarhlaðborð

## Matar miklar helgar

### Nóvember- desember

Frá 9.11.2007 til 22.12.2007 Bjóðum við uppá skemmtilegar og matar miklar helgar með Villibráða hlaðborði föstudaga og Jólahlaðborði laugardaga.

**Einnig er dinner músik og dans báða dagana.**

**Gistu tvær nætur á verði einnar!**
Gestir sem velja að gista föstudag og laugardag frá 09.11.2007-22.12.2007 greiða aðeins gistingu fyrir eina nótt.
**Önnur nóttin frí.**

**Einnig bjóðum við uppá barnapössun, þar sem ungar vanar stúlkur sjá um að passa börnin meðan foreldranir njóta matarins.**

Verið velkominn
... við tökum vel á móti þér!



hótel hvolsvöllur
restaurant • bar • café

Hlíðarvegur 7 | 860 Hvolsvöllur | s: +354 487 8050 | fax: +354 487 8058 | hotelhvolsvollur@simnet.is


Lopi 27 -
ný prjónabók
Handprjónasambandið Skólavörðustíg
Handprjónasambandið Iðu Lækjargötu
www.handknit.is

Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið

Glæsilegt úrval
Sisal og Kókos gólfteppa
Heimilisgólfdúkar
Tilboðsverð
frá kr. 890 á m²
Plastparket
Eik, beiki, hlynur, kirsuber
Tilboðsverð kr. 990 á m²
Fullt verð kr. 1.190 á m²
Stigateppi
Níðsterk og létt í þrifum
Gerum tilboð að kostnaðarlausu
KJARAN GÓLFBÚNAÐUR
SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 -18.




Listasafn Samúels í Selárdal er litríkt og minnir um margt á dúkkuhús. MYNDIR/GERHARD KÖNIG

# Gert við listaverk Samúels

● Viðgerðir á listaverkum og listasafni Samúels í Selárdal hafa gengið vel síðastliðin sumur. Þó er mikið verk enn fyrir höndum.

Viðgerðir á listaverkum Samúels í Selárdal hafa staðið yfir í sumar. Reyndar hafa þær staðið mun lengur en í apríl 1998 var stofnað félag um endurreisn listasafns Samúels Jónssonar í Selárdal. Tilgangur félagsins er að stuðla að endurreisn og viðhaldi á listaverkum og byggingum Samúels Jónssonar (1884-1969) í Selárdal við Arnarfjörð og kynna verk Samúels innan lands sem utan.

Þetta sama sumar fékk félagið þýska myndhöggvarann Gerhard König til að gera áætlun um viðgerðir á styttum Samúels og í framhaldi af því fór Gerhard í Selárdal og gerði tilraun til viðgerðar á hluta af ljónagosbrunninum. Hlé varð hins vegar á viðgerðum næstu árin en þær hófust að nýju vorið 2004. Á hverju sumri hefur verið unnið ötullega að viðgerðum en í sumar voru lagfærðar svalir yfir inngangi listasafnsins og pílárar steyptir á ný. Efri hæð listasafnsins var einnig hreinsuð og þak hússins málað. Verkinu er síður en svo lokið. Næsta sumar er stefnt að því að endurreisa íbúðarhús Samúels og gera það fokhelt. Vonir standa til að íbúðarhúsið komist í notkun sumarið 2010 sem gestaíbúð fyrir lista- og fræðimenn. Þá er einnig ætlunin að taka kirkju Samúels í gegn sem þarfnast bráðra endurbóta.



Ljónin eru falleg á að líta svona nýmáluð.

Hægt er að leggja endurreisnarstarfi í Selárdal lið með því að leggja inn á reikning félagsins; 512-26-4403, kt. 440398-2949.




TENGI
Virka daga
8.00 - 18.00
Laugardaga
10.00 - 15.00
Smiðjuvegi 76 • 200 Kópavogur • Sími 414 1000 • Fax: 414 1001 • www.tengi.is • tengi@tengi.is • Baldursnes 6 • 603 Akureyri • Sími 414 1050 • Fax: 414 1051

# Húseignir í Flórída

# Kynning

## á Hótel Loftleiðum (sal 1)
## laugardag og sunnudag kl. 12-18

Garðatorg eignamiðlun í samstarfi við Meredith Mahn hjá Domus Pro Realty hafa aðstoðað fjölda Íslendinga undafarin þrjú ár við kaup á eignum í Flórída. Nú í fjórða sinn kemur Merdith og verður með okkur á Hótel Loftleiðum og kynnir með okkur frábær kauptækifæri íbúða, raðhúsa og einbýla í Flórída – af öllum stærðum og verðum. Við höfum í boði húseignir á öllum verðbilum.



**Orlandó er paradís fjölskyldunnar og himnaríki golfarans.**

## Nú er rétti tíminn

- Góð verð (kaupendamarkaður)
- Miklir leigumöguleikar
- Hagstætt verðlag
- Óendanlegir afþreyingarmöguleikar
- Frábærir golfvellir.



**Komdu við hjá okkur um helgina og fáðu góðar upplýsingar um það besta sem er í boði.**





**Nánari upplýsingar**
**Þórhallur hjá Garðatorgi í síma 896 8232/thor@gardatorg.is**

DOMUS PRO
*A Full Service Real Estate Company*

GARÐATORG
EIGNAMIÐLUN



# Rökkur & RÓMANTÍK

Er degi tekur að halla, veður verða válynd og innistundum fjölgar er gott að ylja sér með góðan drykk í hendi. Þá eykur á munaðinn að væta varirnar á fallegri bollabrún eða glæsilegu glasi. Gaman er að bera fram drykkjarföng í sérstökum ílátum sem láta drykkinn jafnvel bragðast betur fyrir vikið.

Ýmsar búðir bæjarins bjóða upp á gullfalleg glös, bolla og annan borðbúnað. Verslunin Lene Bjerre í Bæjarlind 6 er með mikið úrval af rómantískri smávöru og hér má sjá brot af því.



**1. Silfruð leirkanna** sem ekki fellur á. Góð undir vatn og vín. 4.100 kr.

**2. Rómantískur leirbolli** úr „country collection“. Hvítur með brúnburstuðu mynstri á undirskál. 2.550 kr. bolli og undirskál.

**3. Stórt vatnsglas** úr sömu línu og rauðvínsglasið. 1.118 kr.

**4. Glæsilegt rauðvínsglas** úr brúnu gleri með sandblásnu mynstri. Fæst líka glært. 1.250 kr.

**5. Smekklegt staup** með silfurrönd. Fíngert og tilvalið undir góðan líkjör. 980 kr.








HUSABERG 4 STROKE FORCE




# Frábær hjól og besta verðið




HUSABERG FE 450
Tilbúið 2008 götuskráð
Verð: 860.000-
Afborgun: 14.292.- kr.- pr mán
m.v. 48 mán Avant lán. útborgun 258.000




HUSABERG FE 550
Tilbúið 2008 götuskráð
Verð: 880.000-
Afborgun: 14.757.- kr.- pr mán
m.v. 48 mán Avant lán. útborgun 258.000




HUSABERG FS 650
Tilbúið 2008 götuskráð
Verð: 960.000-
Afborgun: 16.061.- kr.- pr mán
m.v. 48 mán Avant lán. útborgun 282.000




HUSABERG FS 450
Tilbúið 2008 götuskráð
Verð: 940.000-
Afborgun: 15.595.- kr.- pr mán
m.v. 48 mán Avant lán. útborgun 282.000

NITRO

N1 VERSLUN - Bíldshöfða 9 - 110 Reykjavík - Sími: 440 1220 - www.nitro.is

2759 / TAKTÍK 9.2007

# Sjö flokkar í sömu tunnu!




**Að flokka er einfalt, ódýrt og þægilegt.**

Hringdu í síma **535 2510**
og pantaðu **Endurvinnslutunnuna!**
Gámaþjónustan ábyrgist góða
þjónustu og örugga endurvinnslu.

ÁBYRG OG ÖRUGG ENDURVINNSLA

# Við spörum þér sporin
## með Endurvinnslutunnunni!

**GÁMAÞJÓNUSTAN HF.**
*BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ*
Súðarvogi 2 • 104 Reykjavík
Sími: 535 2500 • gamar@gamar.is • www.gamar.is

**Sjáið kynningarmyndband á www.endurvinnslutunnan.is**

ENNA, TVEIR OG ÞRÍR 21.412

# Innréttingatilboð sem þú mátt ekki missa af!
## 20% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum til 16. september
**NÚ ER LAG AÐ GERA GÓÐ KAUP, VERÐIÐ HEFUR ALDREI VERIÐ HAGSTÆÐARA!**

nettoline AUÐVELT - FLJÓTLEGT - ÓDÝRT

**20% afsláttur til 16. september**



Hlýtt og notalegt — NICE hvítt




Í takt við tímann — PISA höldulaust



Nýtt, ódýrt og spennandi — TORINO hnota





Betra bað - meira úrval - lægra verð



Góð vinnuaðstaða skiptir máli

nettoline
GLÆSILEGAR DANSKAR
INNRÉTTINGAR Í ÖLL
HERBERGI HEIMILISINS
þú getur valið
um 59 hurðagerðir og liti!



Fataskápar með venjulegum- eða rennihurðum

**ÞITT ER VALIÐ!**
Þú velur að kaupa ósamsetta innréttingu eða lætur okkur um samsetninguna.
Önnumst líka uppsetningu og frágang fyrir þá sem þess óska.
- fullkomin þjónusta, eigið verkstæði

**VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG!**
Komdu með málin af eldhúsi, baði, þvottahúsi, anddyri eða svefnherbergi - við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

**20% afsláttur af tækjum!**



Auk innréttinganna bjóðum við fullkomið úrval vandaðra raftækja, ELBA eldunartæki og SNAIGÉ og WESTINGHOUSE kæli- og frystiskápa. 20% afsláttur af raftækjum þegar þau eru keypt með innréttingum.

www.nettoline.dk

Opið: virka daga 9 - 18
laugardaga 10 - 15

**Fríform**
Askalind 3 - 201 Kópavogur - Sími: 562 1500
Velkomin í Fríform, þar sem þú færð meira fyrir peningana


MAX RAFTÆKI
1.889 kr.
Stella í orlofi
Loksins á DVD
AÐEINS Í MAX
Stella í orlofi
Gítarpakki
28.989 kr.
• Alvöru rafmagnsgítar
• Marshalll nemar (pick-up)
• 15w Marshall magnari
• Snúrur og gítaról
• Gítartaska
• Gítarstillir (tuner)
Marshall AMPLIFICATION
MG 15CDR
Raðgreiðslur
3.325 kr.
að meðaltali á mánuði
í 36 mánuði
84.989 kr.
staðgreitt
Philips Senseo
Philips HD7810BL
• 1450w Senseo kaffivél
• Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
• Hver bolli er ferskur með froðulagi
• Tekur 30 sek. að laga kaffi
• Auðvelt að hreinsa
• Fæst í mörgum litum
8.989 kr.
DVD ferðaspilari
United DVD7046
12 og 220 volt
• 7" TFT skjár
• Upplausn: 480 x 234
• Format: 4:3 / 16:9
• Built-In Dolby Digital Decoder
• Innbyggðir 2x 1W hátalarar
• Multi OSD
• Anti Schock
Spilar DVD, DVD-R, DVD+R, DVD-RW, DVD+RW, VCD, S-VCD, CD, CD-R, CD-RW, JPEG, DivX (MPEG-4, DivX 3.11, Divx 4.x, DivX 5.x), WMA
Má festa aftan á sætispúða í bílnum!
9.989 kr.
Melissa 653089
• 800w Digital Örbylgjuofn
• Elektrónískar stillingar
• 1000w grill
• 20 lítra
• Stáláferð
9.989 kr.
Exido 244002
• Öflug 700w safapressa
• Tekur hart grænmeti
• Tekur heila ávexti
• Óþarfi að fjarlægja fræin
• Óþarfi að fjarlægja börkinn
• Tveggja hraða
• 1,8 lítra matari
• Auðvelt að hreinsa
Bókin fylgir á meðan birgðir endast!
Endalaus orka!
7.989 kr.
Melissa 646045
• Multi Mixer blandari
• Hakkar
• Blandar
• Hrærir
• Sker
• Mylur ofl.
4.989 kr.
Lenco SCD24
• Ferðatæki
• Útvarp
• Geislaspilari
3.989 kr.
Sjálfvirk ryksuga
iRobo Roomba
• Fer yfir þröskulda
• Ryksugar meira er 99% af gólffletinum
• Ryksugar undir borð og stóla
• Þrífur teppi, parket, flísar og dúka
• Snýr sjálfvirkt til hleðslustöðvar
48.989 kr.
789 kr.
Aurora 322700
• Vandaður reykskynjari
• Rafhlöður
Dantax CR22
• Einfaldur útvarpsvekjari
• 220 v og rafhlöður
1.489 kr.
7.989 kr.
Exido 240001
• 1800w ryksuga
• 350w sogkraftur
• 5 filtera kerfi
Melissa 631040
• Vandað fótanuddtæki
• Þrjár stillingar
• Loftbólur frá 58 stútum
• Notist með eða án vatns
3.989 kr.
Melissa 641031
• 1600w gufustraujárn
• Einfalt og gott
• Með ryðfríum stál botni
1.989 kr.
Philips CR7D5NB25
• 25 stk CDR diskar
• 700 MB - 52x
1.289 kr.
OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.
Frábær tækjakaup
MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
Við erum beint á móti IKEA
MAX

STOFNAÐ 1998
PLANIÐ
bílasala
517 0000

# Lokað í dag!

## Opnum á nýjum stað á sunnudag kl. 13 við Breiðhöfða.

**Viltu vinna með skemmtilegu fólki hjá góðu og traustu fyrirtæki?**
Við viljum bæta við duglegum og jákvæðum pizzabakara og aðstoðarmanni í eldhús. Góður vinnustaður. Rótgróin rekstur. Fullt starf unnið á vöktum. Lágmarksaldur er 18 ár. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is Uppl. um starfið veitir Sophus s.893-2323

**Gler og lásar - neyðarþjónustan.**
Starfsfólk óskast strax, þarf að vera laghent, með bílpróf og hreint sakavottorð. Skila þarf sakavottorði í viðtali. Unnið er að hluta milli kl. 9-18 og að hluta á vöktum milli kl. 8-20 eða 20-8. Starfsþættirnir eru, verslun, verkstæði, útköll, glerjun. Umsóknum skal skilað á umsoknir@yahoo.com

MOSFELLS BAKARÍ

**Mosfellsbakarí**
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Ýmsar vaktir í boði. Einnig vantar helgarstarfsfólk. Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 660 2153 eða á staðnum.

MOSFELLS BAKARÍ

**Mosfellsbakarí**
Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.

SUBWAY

**Aðstoðarverslunarstjóri**
Subway óskar eftir jákvæðu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund í stöðu aðstoðarverslunarstjóra. Starfið felur í sér að vera hægri hönd verslunarstjóra, hjálpa til við uppgjör, talningu og ráðningar auk almennra afgreiðslustarfa og þrifs. Um er að ræða 100% starf í dagvinnu. Góð laun í boði. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530 7004. Aldurstakmark er 18 ár.

SUBWAY

**Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu með skóla í vetur?**
Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is eða á viðkomandi stað. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530 7004. Aldurstakmark er 16 ár.

**Viðgerðarmaður**
óskast til að gera við tæki og bíla. Upplýsingar í síma 660 0040 Urð og Grjót ehf

**Viltu vinna með skemmtilegu fólki hjá góðu og traustu fyrirtæki?**
Viljum bæta við þjónustufólki. Lágmarksaldur er 18 ár. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is Uppl. um starfið veiti Sophus s. 893 2323.

SUBWAY

**Ert þú næturmanneskja?**
Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf í næturvinnu, unnið 7 nætur og 7 nætur frí. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir verslunarstjóri í síma 696-7064 (Subway Hringbraut/N1). Aldurstakmark er 18 ár.

**Viltu vinna með skemmtilegu fólki hjá góðu og traustu fyrirtæki?**
Viljum bæta við þjónustufólki. Lágmarksaldur er 18 ár. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is Uppl. um starfið veiti Sophus s. 893 2323.

Blóm og Garðar

Óskum eftir duglegu fólki í alhliða garðyrkju. Uppl. í síma 895 9555 eða á blomoggardar@blomoggardar.is

**Öryggisgæslan ehf. óskar eftir starfsfólki**
Vegna mikilla anna vantar stundvíst og ábyrgt fólk í vinnu. Á 9 tíma vaktir í 7 daga og frí í 7 daga einni vantar í helgarvinnu. Bæði karlmenn og kvenfólk á aldrinum 19-45 ára. Uppl. gefur Einar, s. 856 5031, e. kl 12:00.

Starfsmann með bílpróf vantar Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni 17 ára eða eldri í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til. sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Trésmiður óskast til vinnu í Noregi vanur innréttingum. Þarf að geta unnið sjálfstætt. Uppl. í s. 0047-90573383 einnig í ráðhúsi Rvk. mið 12/9 á milli kl. 12-15.00

-Hlaðbær Colas hf.- Vantar mann á malbikssög og flokkstjóra í uppúrtekt við malbiksviðgerðir Mikil vinna í boði. Hafið samb. við Verkstjóra. - S. 660 1921.

**Símadömur óskast**
Finnst þér gaman að daðra við karlmenn? Rauða Torgið leitar samstarfs við spennandi símadömur. Mjög góðir tekjumöguleikar. Vinsaml. leitið frekari uppl. á vef okkar, www.raudatorgid.is.

**Holtabakarí Grafarholti**
Auglýsir eftir hressu og stundvísu starfsfólki til afgreiðslustarfa virka daga og um helgar. Uppl. í s. 557 2414 milli 09-14, Valborg, & 863 5950 Ingibergur.

Starfskraftur óskast til útkeyrslustarfa, mikil vinna framundan meirapróf æskilegt. Uppl. í s. 694 7785, Hrannar.

Háskólinn í Reykjavík óskar eftir því að ráða duglegan og skemmtilegan starfskraft í ræstingar. Vinnustaður er í Ofanleiti og um er að ræða dagvinnu. Upplýsingar veitir Herdís í síma 820 6219. Hlökkum til að heyra frá þér!

**Hjólbarðavaktin - Rafgeymavaktin**
Röska menn vantar í vinnu. Uppl. í s. 553 1055 & 897 1849 eða á staðnum. Gúmmívinnustofan SP Dekk, Skipholti 35.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Íslenskukunnátta er skilyrði. Helga gefur frekari upplýsingar í síma 699 5423.

Sportcafé Grafarholti auglýsir eftir dyravörðum og barþjónum. Sími 863 5950, Ingibergur.

Vantar smiði og verkamenn í byggingarvinnu, íslenskur vinnustaður. Næg vinna, góð laun. Lekta s. 869 9633.

**Hársnyrtisveinn**
Okkur vantar hársnyrtisvein á Jótlandi í Danmörku í 6 mán. Góð laun og góður vinnutími. Þarf að byrja sem fyrst. Uppl. gefur Lára 496 0341.

**Rafvirkjar - Rafvirkjanemar**
Rafvirkjar eða rafvirkjanemar óskast til starfa. Góð laun í boði og næg verkefni framundann. Upplýsingar í síma 660 0300.

Bifreiðastjórar með rútupróf óskast til akstur með fatlaða einsaklinga á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í síma 860 0761.

Óska eftir konu til að þrífa íbúð einu sinni í viku, ekki yngri en 20 ára. Sími 659 0408, Magnús.

Óskum eftir að ráða trésmiði eða smiðsvana menn. Uppl. í s. 693 2872.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**
Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000.- m/vsk
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888

FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

TILKYNNINGAR

## Einkamál



35. ára - 11. sept. nk. Verð að heiman á afmælisdaginn en tekið verður á móti heillaóskum og áheitum (gjöfum) í síma 847 1187.

Maður á miðjum aldri í góðu formi óskar eftir að kynnast konu á aldrinum 40-50 ára með vináttu og sambúð í huga. 100% trúnaði heitið. Svör merkt „september" berist Fréttablaðinu.

**vísir.is**
Fyrstur með fréttirnar

FRAMTAK BLOSSI ehf

# óskar eftir bifvélavirkja

Aðalstarfssvið: Bilanagreining og viðgerðir á VW og Mitsubishi bifreiðum

Uppl. gefur Björn Berg í símum 847 0771 & 535 5825 bjorn@framtak.is

## FASTEIGNIR

# OPIÐ HÚS UM HELGINA
## SUMARHÚS Í GRÍMSNESI Á EIGNARLÓÐ



Frum

Til sölu stórglæsilegt 86m² sumarhús í Ásgarðslandi Grímsnesi, eignin skiptist í 3 góð svefnherbergi, baðherbergi, anddyri, eldhús, stofu og geymslu. Húsið er fullbúið að utan og tilbúið til klæðningar og innréttinga að innan. Lóðin er 7007 m² eignarlóð, jaðarlóð með mjög góðu útsýni. **Húsið verður opið bæði laugardag og sunnudag milli kl. 14-16.** ***Leiðarlýsing:*** *Ekið framhjá Þrastarlundi, beygt til vinstri í átt að Þingvöllum, keyrt að Búrfellsvegi og hann ekinn ca. 1 km.*
***Frekari upplýsingar veittar í símum 821 4124 eða 821 4166.***

hof fasteignasala
**564 6464**
Síðumúla 24 • 108 Reykjavík
hof@hofid.is • www.hofid.is
Guðm. Björn Steinþórsson lögg. fasteignasali
Jón Guðmundsson sölustjóri

Frum

**HESTAVAÐ 1-3**





OPIÐ HÚS Í DAG KL: 14-15.
Hestavað 1-3. Íbúð nr. 106, 1. hæð/endaíbúð.
**Glæsilegar 3ja og 4ra herb. íbúðir í góðu lyftuhúsi rétt við Rauðavatn.** Stílhreinar innréttingar. Baðherbergi flísalögð í hólf og gólf með baðkari. Á 3. hæð eru ca 200 fm lúxus íbúðir með 44 fm svölum. Stæði í bílageymslu fylgir íbúðum.
***Nánari upplýsingar hjá sölufulltrúum Akkurat símar 594 5000 og 898 3474***

Akkurat FASTEIGNASALA STÓRHÖFÐA 27 Sími 594 5000

Frum



OPIÐ HÚS sunnudag kl. 14-16
SUMARHÚS HÁLSUM Í SKORRADAL



**Fallegt sumarhús í landi Hálsa í Skorradal.** Húsið er 75 fm að grunnfleti með 30 fm svefnlofti. Húsið skilast fullbúið að utan með stórum palli. Að innan skilast húsið með hvíttaðri panelklæðningu og óuppsettum innihurðum. **Verð 21,5 millj.**
**Leiðarlýsing:** *Ekið er sem leið liggur í Skorradal um Andakíl, þá er beygt til hægri áður en komið á Borgarfjarðarbrú og yfir brúna á Andakílsá beygt aftur til hægri og ekið framhjá Fossabæjunum og upp í Skorradalinn þegar komið er að Hálsum er ekið ca 300 m og beygt til vinstri upp Refsholt. Þar verður skilti við bústaðinn.*
***Jón Haukur sýnir, sími 860 8810.***

Akkurat FASTEIGNASALA STÓRHÖFÐA 27 Sími 594 5000

## FASTEIGNIR

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

# LJÓSALIND 4 - KÓPAVOGI

Frum





**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 14.00 OG 14.30**
Í einkasölu sérlega björt og falleg 2ja herb, 70,8 fm íbúð á jarðhæð ásamt sér verönd í nýlegu fjölbýli á þessum frábæra stað miðsvæðis í Kópavogi. Eignin skiptist í forstofu, gang, baðherbergi, eldhús, stofu, gott herbergi, þvottahús og tvær geymslur. Fallegar innréttingar, gólfefni eru parket og flísar. **Laus strax. Verð 21.7 millj.**
***Hlynur sölumaður tekur á móti gestum, s. 698 2603***
**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Alma er hér til hægri ásamt stöllum sínum í Nylon.
FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

## ➜ Í HNOTSKURN

**Alma Guðmundsdóttir**
Ólst upp í Garðabænum og hefur alltaf búið í sama húsinu þar til nú.
Er yngst af fjórum systkinum, örverpið á heimilinu.
Er dóttir hjónanna Guðmundar Hallgrímssonar lyfjafræðings og Önnu Guðrúnar Hugadóttur námsráðgjafa.
Steig fyrst á svið í Hafnarfjarðarleikhúsinu þrettán ára gömul í Draumsólir vekja mig eftir Gyrði Elíasson.
Fór í Fjölbrautarskólann í Garðabæ og bjó í eitt ár í Frakklandi sem skiptinemi.
Tók þátt í söngleikjauppfærslum í FG og fór meðal annars með aðalhlutverkið í Litlu Hryllingsbúðinni.
Tók þátt í söngkeppni framhaldsskólanna fyrir hönd FG.
Gerist söngkona í hljómsveitinni Nylon.
Skrifar bók ásamt Freyju sem gefin er út af Sölku forlagi.



**FREYJA SEM UNGBARN** Við fæðingu greindist hún með beinasjúkdóminn osteogenisis imperfecta.

**Freyja Haraldsdóttir**
Freyja er fædd árið 1986 og hefur alist að mestu upp í Garðabæ.
Nýverið hóf hún nám í þroskaþjálfafræði til BA gráðu við Kennaraháskóla Íslands.
Fyrir utan að hafa unnið mikið á leikskóla hefur hún starfað við fyrirlestrahald í framhaldsskólum og víðar þar sem hún fræðir fólk um þau forréttindi sem fylgja því að lifa með fötlun.
Þegar Freyja fæddist greindist hún með beinasjúkdóminn osteogenisis imperfecta sem gerir það að verkum að beinin eru stökk og brotna auðveldlega, líkamsvöxtur er hægur og notar hún alfarið hjólastól. Frá barnæsku hefur fjölskylda Freyju hjálpað henni að sjá að með fötluninni getur hún látið drauma sína rætast og lifað með reisn.

öðru, mjög ólíku. Ég hef til dæmis líka mjög mikinn áhuga á matargerð, finnst gaman að bjóða fólki í mat og fæ mikið út úr því að breyta og bæta uppskriftir.“

**Ástfangin í Hvalfirði**

Alma stendur einnig í stórræðum í einkalífinu því hún og eiginmaður hennar, Óskar Páll Sveinsson, eru að byggja hús í Hvalfirði. „Óskar átti sumarhús á sama stað þegar við kynntumst og þarna höfum við átt góðar stundir og meðal annars unnið saman að tónlist,“ en Óskar starfar sem upptökustjóri og kynntist Ölmu í tengslum við tónlistarstörf. „Fyrst fannst mér Hvalfjörðurinn alltof langt í burtu til að geta búið þar en svo uppgötvaði ég sveitarómantíkina og næðið sem fylgir því að vera úti á landi. Nú nýti ég bílferðirnar í að hlusta á góða tónlist eða hugsa og kann vel að meta hvað umhverfið hentar vel til skapandi vinnu. Ég hef notið þeirra forréttinda að skrifa stóran hluta af bókinni í Hvalfirðinum og í framtíðinni stefnum við á að koma upp góðri tónlistaraðstöðu í nýja húsinu.“

Það vakti athygli þegar Alma og Óskar kynntust fyrir tveimur árum enda er sautján ára aldursmunur á parinu. „DV gerði hneykslismál úr þessu en aldursmunurinn hefur aldrei truflað okkur. Foreldrar mínir tóku Óskar í sátt um leið og þau kynntust honum og sáu að mér var alvara með sambandinu enda treysta þau mér alveg fyrir því að velja mér maka,“ segir Alma.

„Við erum algjörir jafningjar og eigum mjög gott samband, erum bæði steingeitur og rosalega lík að mörgu leyti. Ég skil svo margt í honum vegna þess að ég kannast við það úr sjálfri mér. Við erum til dæmis bæði mjög metnaðargjörn og gefum hvort öðru svigrúm og skiljum hvort annað þegar við hellum okkur út í vinnutarnir hvort í sínu lagi. Vegna vinnu höfum við líka dvalið mikið hvort í sínu landinu. Það krefst mikils trausts og hefur sýnt okkur hvað við eigum í raun í góðu sambandi.

Óskar og Alma trúlofuðu sig á síðasta ári. „Hann er ekki orðinn eiginmaður minn eins og stóð í Séð og heyrt,“ segir Alma og hlær. „Það er svo mikið að gera hjá okkur í augnablikinu en ég treysti því bara að brúðkaup og börn komi á þeim tíma sem því er ætlað að koma.“

Þrátt fyrir annríkið er Alma hvergi nærri hætt í hljómsveitinni Nylon. „Ég verð í Nylon svo lengi sem hljómsveitin starfar. Við erum að vinna í því að taka upp nýtt efni og laga okkur að þeirri breytingu sem orðið hefur á bandinu eftir að við urðum þrjár en ekki fjórar. En einn daginn klárast það ævintýri og þá hef ég mikinn áhuga á því að skrifa meira og fást við eigin tónlist.“

Á næstunni er það nýja bókin sem Alma beinir allri orkunni í. „Við Freyja erum búnar að leggja hug og hjarta í skrifin í mjög langan tíma og erum nú á lokasprettinum. Við verðum ánægðar þegar við sjáum afraksturinn í bókahillunum og ég get varla beðið eftir að sjá viðtökurnar þegar bókin er komin út.“



# Lífi kvenna og barna bjargað

**Mæðrahús Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Níkaragva komst í fréttir fyrr í vikunni. Þar hefur dvalið níu ára ófrísk stúlka, en fóstureyðingar eru bannaðar með lögum. *Erla Sigurlaug Sigurðardóttir*, starfsnemi Þróunarsamvinnustofnunarinnar í Níkaragva, ræddi við Jose Salvador Guzmán lækni og Guadalupe Calero, framkvæmdastjóra mæðrahússins í Camoapa, um mikilvægi þess.**

Mæðrahúsið hér í þorpinu hefur fyrst og fremst leitt til þess að konum og kornabörnum sem deyja hefur fækkað í héraðinu. Við höfum náð til mun fleiri þungaðra kvenna úti í strjálbýlum svæðum Camoapa eftir að mæðrahúsið opnaði og það hefur haft mikil áhrif á heilsu kvenna,“ segir Jose Salvador Guzmán, læknir og aðstoðarframkvæmdastjóri heilsugæslunnar í Camoapa.


ERLA SIGURLAUG SIGURÐARDÓTTIR

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) fjármagnaði byggingu mæðrahússins í Camoapa í Níkaragva og opnaði húsið formlega í maí. Mæðrahúsið í Camoapa er eitt af þeim 56 mæðrahúsum sem eru starfrækt í landinu og ÞSSÍ hefur tekið þátt í byggingu eða endurbyggingu fimm mæðrahúsa á árinu.

Mæðrahúsin eru ætluð óléttum konum úr strjálbýli sem hafa ekki beinan aðgang að heilbrigðisþjónustu. Konurnar eru velkomnar í mæðrahúsið undir lok meðgöngu og þar hafa þær aðgengi að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu. Fæðingin sjálf á sér svo stað á nálægri heilbrigðisstofnun og þær dvelja aftur í mæðrahúsinu eftir fæðingu á meðan þær eru að jafna sig. Þjónusta mæðrahússins er með öllu ókeypis.

## Barnungar mæður

Í Camoapa hefur starfsemi mæðrahússins gengið framar vonum. 72 konur hafa dvalið í húsinu það sem af er árinu og það vakti athygli starfsfólks ÞSSÍ að þar af voru 15 stúlkur á aldrinum 13-18 ára, en þunganir meðal barna- og unglings-stúlkna eru algengar á þessum slóðum. Á meðan starfsmenn ÞSSÍ voru á vettvangi í Camoapa dvöldu tvær barnshafandi stúlkur í húsinu, önnur 15 ára og hin 17 ára. Önnur hafði heyrt um kosti mæðrahússins í útvarpinu og heilsugæslustöðin ráðlagði hinni að fara í húsið. Þær létu vel af dvölinni og sögðu feimnar og hlédrægar að það væri mikið lán fyrir þær að vera í öruggum höndum og geta beðið rólegar fram að fæðingu barnsins.


**VERÐANDI MÆÐUR Í MÆÐRAHÚSINU** Mikil karlremba ríkir í fátækum héruðum Níkaragva og ekki er sjálfsagt að eiginmennirnir leyfi konum sínum að ferðast langar leiðir til að eiga börnin í mæðrahúsinu. Auglýsingar í útvarpi virka vel, því fólk tekur mark á því sem það heyrir í útvarpinu.

Mæðrahúsið í Camoapa er rekið af Rauða krossinum og samkvæmt Guadalupe Calero, framkvæmdastjóra hússins, var þörfin fyrir þjónustu af þessu tagi verulega rík í sveitarfélaginu. Hann segir húsið í Camoapa hafa verið fullt nánast upp á dag eftir að það var opnað og stundum hafi meira að segja dvalið allt að tíu konur í þeim átta plássum sem til staðar eru. „Það að húsið sé nú þegar orðið of lítið eru í raun jákvæðar fréttir og segir okkur að við séum að gera góða hluti. Engin verkefni eru fullkomin, það er alltaf eitthvað sem hægt er að klaga yfir en að mínu mati hefur reksturinn á mæðrahúsinu ekki verið neitt annað en jákvæður,“ segir Guadalupe.

## Fimmtugur hugsjónamaður

Guadalupe er fimmtugur hugsjónamaður sem tók þátt í stofnun Rauða krossins í Camoapa fyrir um aldarfjórðungi. Hann starfaði fyrst með ungliðahreyfingunni og hefur gegnt ýmiss konar trúnaðarstörfum innan samtakanna. Fyrir ári varð hann síðan framkvæmdastjóri. Guadalupe setur hug og hjarta í verkefni Rauða krossins og mæðrahúsið er þar efst á blaði. „Fólki finnst oft skrýtið að sjá karlmann stýra mæðrahúsi sem snýr eingöngu að konum en fyrir mér skiptir það höfuðmáli að geta orðið að liði. Ég er sjálfur fátækur og veit hvað það er að þurfa að hafa fyrir lífinu. Það að reka mæðrahúsið með góðum árangri er eitt af mínum markmiðum í lífinu. Karl eða kona, það skiptir ekki máli, ég hef skilning á þessum konum,“ segir Guadalupe.

> Ég hef sannfært margan eiginmanninn að koma með konuna sína hingað og útskýri fyrir þeim að annars eigi hún á hættu að deyja.
>
> **GUADALUPE CALERO** FRAMKVÆMDASTJÓRI

## Læknapóstar til sveita

Guzmán læknir segir frá því að úti í sveitum Camoapa séu fimm svokallaðir læknapóstar með lækni á vakt og að eftir opnun mæðrahússins sé mun auðveldara að ná til þungaðra kvenna úti í sveit sem eru í hættu því nú geti læknarnir á lækna-póstunum greint konurnar og sent þær áfram í mæðrahúsið.

„Áður var engin haldbær lausn fyrir þungaðar konurnar nema fara aftur heim og eiga barnið heima hjá sér fjarri allri faglegri þjónustu. Það segir sig sjálft að því fylgir mikil hætta. Við höfum nú betri tök á aðstæðum. Á árinu hafa til dæmis nítján konur dvalið í húsinu sem þurftu að fara í keisaraskurð sem annars hefði ekki verið í boði hefðu þær ekki komið í húsið. Þessar konur eiga ekki peninga til að gista á hóteli á meðan þær bíða eftir því að fæða barn sitt í heiminn á sem öruggastan hátt. Þær hefðu aldrei komið í bæinn nema vegna mæðrahússins sem býður þær velkomnar,“ segir Guzmán læknir.

Guzmán segir frá því þegar hann vann fyrr á árinu sem læknir á einum læknapósti úti í sveit. Til hans kom þunguð kona sem átti


**JOSE SALVADOR GUZMÁN LÆKNIR** Læknir mæðrahússins í Camoapa segir að færri konur í héraðinu deyi nú af barnsförum. Þá hafi einnig dregið úr dánartíðni kornabarna.

von á sínu tólfta barni en hún býr dagleið frá bænum ef farið er fótgangandi, með bíl og á kanó. Konan, sem var 45 ára, var með meðgöngueitrun á háu stigi og í mikilli lífshættu. Guzmán tókst að sannfæra bæði konuna og eiginmanninn um að konan skyldi fara í mæðrahúsið og fá aðhlynningu og eiga barnið á heilsugæslu-stöðinni.

„Já, það var erfitt að sannfæra hana en enn þá erfiðara að sannfæra eiginmanninn. Konan hafði aldrei farið langt frá heimaslóðum og átti erfitt með að hugsa sér að fara frá öllum hinum börnunum. En það tókst og konan ferðaðist hingað með bíl og á bát og var strax metin af kven-sjúkdómalækni og fékk þá meðhöndlun sem þurfti. Það bjargaði lífi hennar. Ég veit svo fyrir víst að eftir að hafa fengið fræðslu um getnað og varnir í mæðrahúsinu reynir umrædd kona að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir þrettándu þungunina.

Mæðrahúsið hefur því einnig gildi fræðslu og upplýsinga á þessu sviði. Af hræðslu við manninn sinn vildi konan ekki fara í ófrjósemisaðgerð og það að maðurinn fari í slíka aðgerð er ekki inni í myndinni, það vegur að karlmennsku hans,“ segir Guzmán.

## Ómetanleg aðstoð frá Íslandi

Mæðrahúsin eru byggð í samstarfi við heilbrigðisyfirvöld og segir Guadalupe einstaklega góða samvinnu yfirvalda, Íslands og fólksins í þorpinu hafa skipt sköpum í því hversu vel hafi gengið. Hann lofar framlag Íslands til verksins. „Það er sama hvað ég legg hart að mér, það verða að vera til peningar til að geta unnið þetta starf og aðstoð Íslands er ómetanleg.“ Guadalupe segir jafnframt brosandi að Ísland sé orðið vel þekkt meðal fólksins í þorpinu. „Ég er sífellt að útskýra það að Ísland sé ekki það sama og Finnland og þótt þið séuð lítið land hafið þið haft mikil áhrif á líf okkar hér og fólkið er ykkur afar þakklátt.“

## Útvarpið áhrifamikið

Að sögn Guadalupe er það ekki sjálfsagt mál að starfsemi mæðrahússins gangi svona vel sem raun ber vitni. Hann hefur lagt mikið í að auglýsa starfsemi mæðrahússins en það gerir hann í gegnum útvarpið í sveitarfélaginu.

Upplýsingar og áróður í útvarpi virkar vel að hans mati þar sem hver einn og einasti íbúi eigi útvarp og sé með eyrað límt við tækið, og gildi þá einu hversu fátækur hann er eða búi í afskekktustu sveitum héraðsins án vatns og rafmagns. „Það er nauðsynlegt að vera með áróður um mæðrahúsin því vissulega ríkir mikil karlremba hér í samfélaginu og það er langt frá því að vera sjálfsagt fyrir konurnar að fá að fara langan veg frá fjölskyldunni og dvelja hér. Fólkið tekur mark á því sem fram kemur í útvarpinu og ég finn að auk þess sem konurnar sjálfar frétta af mæðrahúsinu í gegnum útvarpið að þá eru eiginmennirnir einnig mun jákvæðari í garð þess að leyfa konum sínum að koma hingað. Ég hef sannfært margan eiginmanninn að koma með konuna sína hingað og útskýri fyrir þeim að annars eigi hún á hættu að deyja. Eftir að hafa heyrt tilkynningarnar í útvarpinu og svo í mér persónulega hafa þeir langflestir þegið þjónustuna. Til gamans má svo geta að í útvarpinu hljóma reglulega tilkynningar um þær konur sem eru við það að fæða og þá er fjölskylda hennar vinsamlegast beðin um að leggja af stað úr sveitinni og koma í húsið og aðstoða konuna aftur til síns heima,“ segir Guadalupe brosandi.

Þá segir hann prestinn í þorpskirkjunni tala vel um húsið í messu og minna kirkjugesti reglulega á mikilvægi þess að konur njóti öruggrar þjónustu á meðgöngu. „Besta auglýsingin er samt konurnar sjálfar. Konurnar hafa sagt mér að aðstaðan hér og þjónustan hafi komið þeim á óvart. Þær hjálpast að við að elda og þrífa og hér er heimilislegt andrúmsloft. Þeim líður vel og það spyrst út.“

## Fleiri börn lifa

Auk þess sem öryggi mæðra hefur batnað til muna og heilsu kvenna sé almennt betur borgið eftir að mæðrahúsið var opnað, fullyrðir Guzmán læknir að í kjölfarið hafi ungbarnadauði einnig lækkað um 30-40 prósent í héraðinu. „Það eru bein og augljós áhrif þarna á milli,“ segir hann en bendir á að erfitt sé að festa reiður á nákvæmar tölur þar sem skráning síðustu ára hafi verið ónákvæm. „Að fjölga fæðingum með aðstoð fagaðila er markmið yfirvalda í Níkaragva og það hefur tekist með mæðrahúsakerfinu. Hér í Camoapa eru áhrifin augljós, mæðrahúsið bjargar bæði lífi kvenna og barna,“ segir Guzmán að lokum.

## ➜ NÍKARAGVA

- Höfuðborg Níkaragva heitir Managva.
- Níkaragva er tæplega 130 þúsund ferkílómetrar að flatarmáli, á landamæri í norðri að Hondúras og í suðri að Kosta Ríka.
- Nafn landsins er samsett úr orðinu nicarao, sem er nafn frumbyggjaþjóðarinnar sem bjó í landinu áður en Spánverjar hirtu það af þeim, og spænska orðinu agua, sem þýðir vatn, og er þar vísað í tvö stór stöðuvötn sem setja svip sinn á landið.
- Íbúar Níkaragva eru um það bil 5,6 milljónir, þar af búa um 1,7 milljónir í höfuðborginni.
- Þjóðarframleiðslan er um 3.600 Bandaríkjadalir á mann, eða rúmlega 220 þúsund krónur.
- Forseti Níkaragva er Daníel Ortega, leiðtogi Sandinistahreyfingarinnar sem gerði byltingu árið 1979 og stjórnaði landinu til ársins 1990. Ortega var aftur kosinn forseti árið 2006.



**GUADALUPE CALERO OG TVEIR SJÁLFBOÐALIÐAR MÆÐRAHÚSSINS** Guadalupe, ramkvæmdastjóri mæðrahússins, segir aðstoð Íslendinga ómetanlega.

## ➜ NÍU ÁRA BARNSHAFANDI STÚLKA

Meðal þeirra sem dvalið hafa í mæðrahúsi ÞSSÍ er níu ára stúlka sem varð barnshafandi eftir að frændi hennar nauðgaði henni. Stjórnvöld hafa ekki gefið henni undanþágu til að fá fóstureyðingu, jafnvel þótt hætta sé á því að stúlkan lifi fæðinguna ekki af.

Stúlkan er frá El Torguero, afskekktu þorpi á Atlantshafsströndinni. Málið komst í hámæli þegar móðir hennar kærði nauðgunina til yfirvalda í Bluefields og hefur það vakið hörð viðbrögð þar í landi. Áður hafði hún tilkynnt atburðinn til lögreglunnar í heimabæ sínum í maí en þar fékk málið ekki hljómgrunn.




**917** kr/kg. áður 1.528 kr/kg.
Goða bayonneskinka




**1.559** kr/kg. áður 2.515 kr/kg.
Matfugl kjúklingabringur




**952** kr/kg. áður 1.360 kr/kg.
Goða unganautahakk




**656** kr/kg. áður 1.312 kr/kg.
Ísfugl kalkúnanuggets




**299** kr/pk. áður 499 kr/pk.
Freschetta brick oven italiano 2 pack




**199** kr/pk. áður 299 kr/pk.
Hy-Top jarðarber og bláber 454 gr.




**75** kr/pk. áður 149 kr/pk.
Hy-Top Marshmallows




**99** kr/stk.
Sprite og Sprite Zero

H:N markaðssamskipti / SJA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 6. september til 9. september eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

**nettó**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn






Verð frá **119** kr/lm. ~~160~~

## Pallaefni

| | | |
|---|---|---|
| Vnr. 0058254<br>Fura, alheflað 22x95 mm, A-gagnvarið. | **119** kr./lm. | ~~160~~ kr./lm. |
| Vnr. 0058324<br>Fura, alheflað 27x95 mm, A-gagnvarið. | **174** kr./lm. | ~~233~~ kr./lm. |
| Vnr. 0058504<br>Fura, alheflað 45x95 mm, A-gagnvarið. | **217** kr./lm. | ~~289~~ kr./lm. |
| Vnr. 005506<br>Fura, alheflað 45x145 mm, A-gagnvarið. | **330** kr./lm. | ~~441~~ kr./lm. |
| Vnr. 0058954<br>Fura, alheflað 95x95 mm, A-gagnvarið. | **433** kr./lm. | ~~579~~ kr./lm. |



## Bangkirai

| | | |
|---|---|---|
| Vnr. 0039479<br>Bangkirai, 19x90 mm, rásað á 1 hlið. | **390** kr. | |
| Vnr. 0039480<br>Bangkirai, 25x145 mm rásað 2 hliðar. | **609** kr. | ~~870~~ kr. |
| Vnr. 0039482<br>Bangkirai, 42x70 mm, heflað. | **590** kr. | ~~733~~ kr. |
| Vnr.0039484<br>Bangkirai, 90x90 mm rásað 4 hliðar. | **1.650** kr. | ~~2.021~~ kr. |
| Vnr. 0039486<br>Bangkirai, 45x145 mm rásað 1 hlið. | **1.490** kr. | ~~1.860~~ kr. |

# LENGDU SUMARIÐ

*Njóttu þess að vera á pallinum með gæðavöru á lægra verði!*



Vnr. 50701093/5

**Útiarinn**

VERACRUZ eða TAMPICO útiarinn, hæð 105 cm.

**7.900**



Vnr. 50121771-2

**Útiarinn**

ELEGANT útiarinn úr pottjárni.

Verð frá **16.900**



**LÆGRA VERÐ!**

Vnr. 50632107

**Gashitari**

Gashitari með borði, ryðfrír, 12,5 kw, hæð 230 cm, hattur 84 cm með hjólum.

**34.900**

*Frábær og hagkvæm lausn á pallinn.*

***Hitinn fýkur ekki burt!***



Verð frá **18.300**

Vnr.50614014-5

**Geislahitari**

Geislahitari 1,3W, IP54 eða 1,5W, IP65, vatnsþolinn, hitar allt að 8 $m^2$.

Vnr.50614016

**Hitastandur**

Standur fyrir geislahitara.

**9.900** kr.

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

# Aldrei verið eins sáttur

Einn stærsti rokktónlistarmaður síðustu tíu til fimmtán ára, **Chris Cornell**, ætlar sér að rífa þakið af Laugardalshöllinni á tónleikum sínum í kvöld. Cornell er lifandi goðsögn og hefur gert garðinn frægan með ekki ómerkari sveitum en Soundgarden, Temple of the Dog og Audioslave. Nýlega kom síðan út önnur sólóbreiðskífa kappans sem nefnist Carry On. *Steinþór Helgi Arnsteinsson* heyrði í þessari miklu stjörnu og ræddi við hann um ferilinn, dramatíkina, eftirsjá, væntingar og fleira.



**SVALUR** Chris Cornell er svo sannarlega eldri en tvævetra í tónlistarbransanum. Hann heldur tónleika í Laugardalshöll í kvöld þar sem hann mun flytja lög sem spanna allan feril hans, tuttugu ár.

Viðkunnanleg en gróf rödd heilsar mér og ég heilsa herra Chris Cornell. Cornell spyr mikið um lífið í Reykjavík og segist hafa beðið eftir því lengi að fá að spila hér. Greinilega kynnt sér eitthvað um land og þjóð.

*Hvað var það eiginlega í Seattle sem kom allri þessari grósku af stað á 9. áratugnum? Með til dæmis Sub Pop, grunge og allar þessar fínu hljómsveitir?*

Umm, það er erfitt að segja. Ég held að þetta hafi átt sér stað frekar náttúrulega, ekki kannski yfir eina nótt heldur lengri tíma. Tónlistarsenan þróaðist í miðbænum í kringum post-pönk-indí-senuna. Ég held að það hafi síðan verið tvær hljómsveitir sem komu hlutunum af stað. Önnur þeirra var Blackouts en allir meðlimir sveitarinnar, fyrir utan söngvarann, urðu seinna meðlimir í Ministry. Síðan var önnur sveit sem hét U-Men en þessar tvær sveitir urðu leiðtogar listasenunnar sem innihélt tónlistarmenn, myndlistarmenn og ljóðskáld sem tengdust háskólanum. Senan var síðan keyrð áfram af háskólaútvarpsstöðvunum. Indí-senan sem varð til á þessum tíma var ekki einhver ein ákveðin tónlistarstefna. Menn vildu eingöngu spila eitthvað sem var ekki eins og það sem heyrðist í meginstraumsútvarpi, bara búa til eitthvað öðruvísi.

### Seldu aldrei sál sína

*Þú og Soundgarden byrjuðuð hjá þessum minni, sjálfstæðu plötufyrirtækjum en fluttuð ykkur seinna til eins af plöturisunum. Var það erfitt skref fyrir sveitina?*

Jaaa, svona. Þetta tók langan tíma og … uh … gerði mig stressaðan. Við þurftum samt að taka þetta skref ef við vildum víkka út hlustendahóp okkar. Ég held að það hafi verið mikið af ranghugmyndum í heimi indí-plötufyrirtækja og indí-hljómsveita um að ef þú færir til plöturisa þá myndu þeir breyta því sem þú værir að gera eða að þú værir að ganga á vit markaðsaflanna, en hvorugt er satt.

*Þannig að fólk í kringum senuna talaði um að Soundgarden væri að selja sál sína?*

Já, og hvert eitt og einasta þeirra endaði á því að semja við plöturisa. Einnig hljómsveitir utan senunnar í Seattle, til dæmis Sonic Youth enduðu hjá plöturisa. Þannig að för okkar yfir til plöturisa sannar að við gengum ekki á vit markaðsaflanna heldur vorum við frekar að vinna frumkvöðlastarf (mikil hlátrasköll). Ég las líka einu sinni viðtal við Metallicu þar sem þeir voru að segja sömu sögu. Ég leit raunhæft á hlutina því sú hugmynd að litlu sjálfstæðu plötufyrirtækin séu heiðarleg og svíki ekki listamennina sína er algjörlega ósönn. Ég hef séð sveitir sem hafa verið sviknar og niðurlægðar af indí-plötufyrirtækjum.

*Er málið ekki að þau plötufyrirtæki vilja vera eins og risarnir?*

Jú, algjörlega. Ég veit samt alveg um heiðarlegt fólk hjá indí-plötufyrirtækjum sem vilja gefa út hljómsveit vegna þess að því líkar vel við tónlist sveitarinnar. Við höfðum samt miklar áhyggjur af því að plöturisinn vissi hvernig hann ætti að ná til aðdáenda okkar. Þær áhyggjur voru líka á rökum reistar. Fyrsta platan okkar hjá plöturisa (Louder Then Love) seldist minna en síðasta platan okkar hjá indí-plötufyrirtæki (Ultramega OK). Við lentum samt aldrei í vandræðum með plöturisana og og allra síst hjá A&M. Þeir gáfu okkur oft peninga til baka því þeir höfðu eytt peningum sem áttu að renna til okkar í einhverjar vondar hugmyndir. Aldrei á mínum ferli hef ég reyndar lent í því að plötufyrirtæki hafi beðið mig um að gera eitthvað öðruvísi.

### Tilviljanir Temple of the Dog

*Nú stofnaðir þú Temple of the Dog (á sama tíma og Cornell var í Soundgarden) til þess að heiðra minningu herbergisfélaga þíns, Andrew Wood (söngvari Mother Love Bone). Varstu aldrei sár yfir því að sveitin skyldi ekki endast lengur, ég meina Pearl Jam urðu til úr ösku sveitarinnar, þannig að þetta var hálfgerð súpergrúppa?*

Að vísu var búið að stofna Pearl Jam á þessum tíma sem er ástæðan fyrir því að Eddie [Vedder] endaði á því að syngja með okkur eitt lag. Hann var eingöngu að bíða eftir að ein af fáum æfingum okkar í Temple of the Dog lyki þannig að hann kæmist á æfingu með Pearl Jam. Ég held samt að það hefði aldrei verið hægt fyrir okkur að vera ein sveit og ég lít ekki á endalokin með eftirsjá. Frekar fannst mér ég heppinn að hafa náð þessu í gegn. Allt frá upphafi Soundgarden samdi ég lög, bara einn heima, tilviljunarkennt á fjögurra rása upptökutæki, sem voru ekkert samin sérstaklega fyrir Soundgarden eða hvað sem er. Ég vildi einfaldlega njóta þess að gera þetta. Þú veist, ég gerði þetta að gamni mínu.

*Komu vinsældir Temple of the Dog þér þá á óvart?*

Vinsældir Temple of the Dog, allavega hvað varðar plötusölu, hafði miklu meira að gera með vinsældir Soundgarden og Pearl Jam. Í alvöru, platan kom út og seldist ekki mikið. Einu og hálfu ári síðar átti Soundgarden platínum-plötu, Pearl Jam margfalda platínum-plötu og einhver af MTV í New York fattaði allt í einu: „Hey, eigum við ekki myndband einhvers staðar af þessum tveimur sveitum í sama laginu?“ og þá byrjuðu þeir að spila lagið [Hunger Strike]. Á þeim tímapunkti fór platan úr 75 þúsund seldum eintökum í tvær milljónir. Það fyndna samt við þetta var að í upphafi spurði fólk hvort Temple of the Dog væri eitthvað frábrugðið sólóverkefnum mínum því ég samdi svo mikið af efninu sjálfur. Eftir að sveitin varð síðan fræg þá var þetta allt í einu orðin Pearl Jam-platan sem Chris Cornell söng inn á.

> Sú hugmynd að litlu sjálfstæðu plötufyrirtækin séu heiðarlegri og svíki ekki listamennina sína er algjörlega ósönn. Ég hef séð sveitir sem hafa verið sviknar og niðurlægðar af indí-plötufyrirtækjum

### Á réttum tíma, á réttum stað

*Þú talar mikið um þessi einmenningsverkefni þín. Samt kom fyrsta platan þín, Euphoria Morning, ekki út fyrr en árið 1999 og önnur kom út á þessu ári, átta árum seinna. Hvernig hafa hlutirnir breyst og þróast á þessum tíma?*

Eftir að Soundgarden hætti vissi ég að ég vildi allavega gera eina sólóplötu sem myndi hljóma allt öðruvísi en það sem ég hafði áður gert. Ég fékk óendanlega mörg samstarfstilboð frá frægum og ófrægum tónlistarmönnum en ég sagði nei við alla og gerði mína plötu. Þetta var samt erfiður tími í mínu lífi. Ég glímdi við hjónabandsörðugleika og þetta var einfaldlega hræðilegur tími. Allt í einu, algjörlega út í bláinn, fékk ég símtal frá Rick Rubin og Tom Morello um að mynda Audioslave með þeim þremur meðlimum Rage Against the Machinesem eftir voru. Þá hringdi einhver bjalla í hausnum á mér sem minnti mig á Temple of the Dog og ég hugsaði með mér: „Hey, þetta yrði frábært“ og ég …

*Þannig að þú byrjaðir í Audioslave því það hentaði þér á þeim tíma. Var sveitin leyst upp af sömu ástæðu?*

Já … Við gerðum þrjár frábærar plötur en ég held samt að ég hafi vitað frá byrjun að einhvern tímann myndi ég vilja takast á við nýjar áskoranir. Síðan komu upp nokkrir erfiðleikar í sambandi við Audioslave, sem hafði reyndar verið allt frá byrjun. Mismunandi hugmyndir um hver ætti að koma fram í fjölmiðlum undir okkar nafni, mismunandi hugmyndir um fjármálin og svo framvegis. Allir lögðu sig fram við að ná sáttum en þær náðust aldrei. Ég hafði alltaf verið í hljómsveit en eins og þú sagðir þá hef ég alltaf verið að semja mikið mitt eigið efni. Ég vildi því fá tíma til að einbeita mér að því, mér fannst ég þurfa að grípa gæsina meðan hún gafst. Í framtíðinni verð ég samt líklega opinn fyrir samstarfsverkefnum þó ég efist um að þau endi með þremur plötum, frekar nokkrum lögum eða einni plötu.

**PLÖTUR Chris Cornell og hljómsveita hans**

| | |
|---|---|
| **Soundgarden** | **Audioslave** |
| **1988** Ultramega OK | **2002** Audioslave |
| **1989** Louder than Love | **2005** Out of Exile |
| **1991** Badmotorfinger | **2006** Revelations |
| **1994** Superunknown | **Sólóskífur** |
| **1996** Down on the Upside | **1999** Euphoria Morning |
| **Temple of the Dog** | **2007** Carry On |
| **1991** Temple of the Dog | |

### Aldrei betri

*Hvað með endurkomu með einhverjum af þínum fyrrverandi sveitum?*

Ég hef nú ekki talað við einn eða neinn í sambandi við slíkt. Mér finnst það samt frekar svona týpískt. Ég á samt engan fyrrverandi samstarfsfélaga sem ég á í vondu sambandi við. Í raun hef ég aldrei lent í einhverri rosalega dramatískri aðstöðu með neinni sveit. Ég hef hins vegar séð slíkt gerast enda var ég á tónleikaferðalagi með Guns ‘n Roses í heillangan tíma (hlær kaldhæðnislega).

*Hverju mega íslenskir aðdáendur þínir eiga von á? Þetta er jú í fyrsta skiptið sem þú kemur hingað þannig að þú þarft að sýna þig og sanna. Þú veist það.*

Já, ég geri mér fyllilega grein fyrir því. Ég held að íslensku áhorfendurnir eigi eftir að græða á þeirri staðreynd að ég og hljómsveitin höfum verið að spila saman í fimm mánuði. Við kunnum núna einhver 50 lög sem spanna allt frá 1990 til dagsins í dag, og jafnvel líka lög sem hafa aldrei komið út. Í Reykjavík erum við aðalnúmerið þar sem við getum gert hvað sem við viljum og spilað eins lengi og við viljum. Við erum vanir að spila í um tvo og hálfan tíma og flökkum mikið á milli. Allt frá ágjarnasta Soundgarden-dótinu yfir í mig, einan á sviðinu, spilandi á kassagítar og allt þar á milli. Þannig að þetta er frábær tímasetning fyrir tónleikana. Ég hef heldur aldrei verið eins sáttur á tónleikaferðalagi og þetta er langbesta settið sem ég hef spilað.

# NUDDPOTTA BOMBA

fimmtudag, föstudag & laugardag




# HÁMARKSSLÖKUN Á LÁGMARKSVERÐI

Ótrúleg tilboð í Lagnadeild BYKO í Breidd, Akureyri og Selfossi

## DÚNDUR VERÐ

Nú dúndrum við verðinu niður
þannig að allir eiga að geta
fengið sér nuddpott fyrir veturinn.






BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI



# HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

## Lágkúra

„Lágkúran er því gamall og mjög þrálátur kvilli í bókmenntum Íslendinga, en orsök hennar er það sálarástand höfundanna, sem kallað er menningarleysi. Þessir kalblettir í sálarlífi þeirra, er bækur rita, eru aftur litlar skellur í miklu víðáttumeiri menningarauðnum. Það er menningarleysi og lágkúruskapur þjóðlífsins, þessi fjósamennska í þjóðarsálinni, sem einangrun og örbirgð margra alda hefur gert að okkar innra manni.“ Svo ritar **Þórbergur Þórðarson** í frægri grein **Einum kennt – öðrum bent**. Er lágkúran horfin með einangruninni, eða er hún enn að gera sama usla á frægum tímum útrásar?

## Ástandið nær áttum

Í markaðsfréttum á Stöð 2 13. ágúst var komist svo að orði „að ástandið [á markaðnum] sé að ná áttum“. Nú eru fréttamenn fjármála ekki allra manna snjallastir í málfari, en er þetta nú ekki nokkuð langt gengið að persónugera ástand? Er vandi að orða þetta betur?

## Í gangi

Það er tiltölulega ný tískuplága í orðafátækt að segja í sífellu að eitthvað „sé í gangi“. Hvað er eiginlega í gangi? „Fundurinn hefur verið í gangi síðan klukkan tvö“, var sagt í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins 13. ágúst. Hingað til hefur verið sagt um fund að hann hafi staðið svo eða svo lengi, eða **varað**.

## Líka ekki

Æ oftar sést og heyrist notað líka ekki í stað ekki heldur. Þannig var sagt í fréttum Ríkisútvarpsins 14. ágúst um tiltekið atriði að það væri „líka ekki í samræmi við lög“. Mér þykir þetta undarlegt orðfæri og átta mig ekki heldur á því hvernig þessi misskilningur er til kominn.

## Sífellt magn

Áður hefur verið vikið að því í þessum pistlum hvernig orðið **magn** er sífellt misskilið og misnotað. Hér er dæmi úr leiðara í Fbl. 15. ágúst: „Þjöppun skemmtanalífsins [ekki er það nú fallegt] á ferkílómetra í miðborginni er ábyrgðarhluti hins opinbera. Hver bar ábyrgð á þeirri þjöppun? Hver gaf út leyfin? Skilgreindi magn staða á ferkílómetra“. **Magn staða**? Megum við kannski búast við að sjá mikið magn manna samankomið?

## Enn um nástöðu

Eitt það fyrsta sem menn þurfa að læra í ritun, er að forðast nástöðu, síendurtekningu sama orðs, sem Þórbergur telur hluta lágkúrunnar. Mér brá dálítið (en engin ósköp reyndar) að sjá eftirfarandi klausu í Mbl. 15. ágúst: „Nú hefur Markarfljót tekið upp á því að brjóta sér leið gegnum núverandi veg inn á Þórsmörk við svonefnda Lága. Þarna liggur vegurinn um svonefnt Langanes og liggur niður á aurinn við svonefnda Lága, svo hefur bílvegurinn alltaf gert.“ Ég mæli með lestri greinar Þórbergs.

## Braghenda

*Regnið leggur lófa yfir*
*ljósan gróður*
*strýkur höndum stöku rjóður*
*stilltur morgunn vakir hljóður.*

**Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is**

# Á VEGUM ÚTI

Baldur Héðinsson leitar að hinni sönnu Ameríku

Wyoming, Montana og Nebraska eru fámenn, strjálbýl og framandi fylki. Langar vegalengdir gera það að verkum að fólk lifir í mikilli einangrun og sveitabragur er á bændum og búaliði. Ferðalangar eru sjaldgæf sjón á þessum slóðum, hvað þá af íslensku bergi brotnir. „Iceland! where the heck is that?“ Í augum heimamanna var ég frá annarri plánetu. Allir sem urðu á vegi mínum voru mjög vinalegir og höfðu húmor fyrir eigin umhverfi. Sem dæmi rak ég augun í skilti, sem lýsti yfir með stolti „Welcome to the Middle of Nowhere“ er ég keyrði gegnum Ainsworth í Nebraska. Afstaða bæjarbúa til annarra málefna er ekkert grín, á næsta skilti stóð „Abortion is MURDER, Choose life... your mom did“. Því austar sem við færðumst þeim mun einsleitara varð landslagið. Þegar til Indíana var komið voru kornakrar til beggja handa eins langt og augað eygði. Korni er plantað á mjög svo reglulegan máta, í þráðbeinar línur. Þegar keyrt er meðfram ökrunum mynda þessar línur sjónhverfingu. Akurinn virðist ferðast með bílnum, dáleiðandi sjón. Ég stóðst ekki mátið eitt kvöldið og hljóp inn á kornakur. Kornplantan er á hæð við hávaxinn mann og stuttu eftir að inn á akurinn var komið leið manni eins og í frumskógi, umkringdur háum plöntum, siðmenning hvergi sjáanleg. Etanól, sem unnið er úr korni, er hið fljótandi gull miðríkjanna um þessar mundir. Bandaríkjastjórn ætlar þessum orkugjafa stórt hlutverk í framtíðinni, þrátt fyrir skiptar skoðanir um ágæti etanóls.

Eftir að hafa yfirgefið hinn manngerða frumskóg héldum við til Kentucky. Aldrei á ævinni hef ég séð slíkan fjölda af kirkjum á jafn litlu svæði. „Creation Museum“ var punkturinn yfir i-ið í trúaröfgunum. Safnið útskýrir sköpunarsöguna eins og henni er lýst í Biblíunni.



NIAGARAFOSSAR

Furðulegt nokk leika risaeðlur stórt hlutverk í þeirri sögu. Sjá má uppstillingar af mennskum börnum á skinnskýlum einum klæða og risaeðlum leiðast hönd í hönd. Því líkt og manninn, skapaði guð risaeðlur á sjötta degi alheimsins fyrir um sex þúsund árum. Risaeðlur og fílar voru einnig mestu mátar, satt að segja þá sátu fílar og risaeðlur hlið við hlið í örkinni hans Nóa og slúðruðu um að gíraffinn mætti ekki í kirkju. Safnið, sem kostaði 27 milljónir dollara, er, að frátöldum forneskjulegum hugsunarhættinum, mjög nútímalegt. Sem dæmi er syndaflóðið sýnt í kvikmyndahúsi þar sem sætin hristast og vatni er skvett á gesti.

Við keyrðum eins hratt og við gátum gegnum Ohio í átt að Niagarafossunum í New York ríki, á landamærum Kanada og Bandaríkjanna. Tveir bæir hafa byggst upp í kringum fossana, hvor sínum megin við landamærin. Báðir heita þeir Niagara-falls og báðir eru þeir örsmá útgáfa af Las Vegas. Spilavíti og minjagripabúðir á hverju strái, bærinn sem er Kanada megin er þó sínu verri. Fossarnir draga að um 20 milljónir ferðalanga ár hvert og ekki að ástæðulausu. Þeir eru mjög tilkomumiklir og hægt er að skoða fossana frá öllum mögulegum hliðum. Göngutúr yfir landamærin til Kanada er án efa stysta utanlandsferð sem ég hef lagt í.

Síðustu fimm daga ferðarinnar keyrðum við um tvö þúsund og fimm hundruð mílur eða u.þ.b. þrisvar sinnum hringinn í kringum Ísland. Þetta væri ómögulegt án þess að yfirgefa fáförnu vegina, sem hafa einkennt ferðina að mestu hingað til, og þjóta eftir hraðbrautum. Mjög aðdáunarvert er að hafa möguleikann á að ferðast á svo skjótan og skilvirkan máta. Vegirnir, sem eru kallaðir „interstates“ voru byggðir í kalda stríðinu er Eisenhower sat á forsetastóli og eru þeir nógu breiðir til að orrustuþota geti lent á þeim. Það er þó einstaklega leiðinlegt að ferðast eftir þessum vegum. Þeir sníða fram hjá smærri bæjum og þegar keyrt er gegnum borgir, sér maður rétt svo grilla í hæstu háhýsin. Eina uppbyggingin í kringum hraðbrautina eru þjónustumiðstöðvar, sem best er að lýsa sem bensínstöðvum á sterum. Oft eru þessar miðstöðvar byggðar af sama aðila og er þá öll hönnun nákvæmlega eins. Á langri keyrslu þar sem keyrt er fram hjá fjölda slíkra miðstöðva líður manni eins og keyrt sé í hringi, mjög ruglandi. Okkur tókst þó að komast klakklaust til Boston á tilsettum tíma, ótrúlegt en satt.

# HELGARKROSSGÁTAN




Leystu krossgátuna
Í vinning eru tveir miðar í bíó í Regnbogann, Borgarbíó eða Smárabíó?

Þú sendir SMS skeytið JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900! Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JON
Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12. - 99 kr. sms-ið






81 MP & BH

FITUSKÁN | ENDALAUSA | TVEIR EINS | 50 | EINKAR | SLÁ | SPYRJA

BÓK | GÆFA | SJÓNOP

MÁLMUR | SLAKI | TVEIR EINS | GUÐ | SÍA | GRASÞÖKUR | FRÁ | RÆKILEGAR

NÁ SÁTTUM | ÍÞRÓTTA-FÉLAG | MAULA | GEF NAFN | 2 | AND-SKOTANS | FÁTÆKRA-HVERFI | 3

AFDREP | TUKTHÚS-LIMUR | PLATA | OFNEYSLA

HEIÐUR | SEYTLA | FRAMVEGIS | MÆLIR | ÁBURÐUR | NAFNORÐ | AFKVÆMI

PABBA | ÓMÖGU-LEGUR | ALÞJÓÐ. SAMNINGUR | TVEIR EINS | REKALD | SKRAUT-PLANTA

TYLFT | 4 | STEINBOGI | MÁLMUR | LÍTILS-VIRÐING | STRUNS | TAL

MJÖG | HÚRRA | SAFNA SAMAN | BÓKSTAFUR | SKRUDDA | SKYNFÆRA

SJÓ | FLANA | ÁTT | GÓL | ALDIN | MERKI

SKOKK | ÚTSÝNIS-STAÐUR | ALMÆTTI | 1 | MARG-SINNIS | SJÓR



TEMJA | ANNAÐ HJÓNA | Á FÆTI | 5 | MAÐK | RYKKORN

GETA EKKI ANDAÐ

VARKÁRNI | VANGA-SKEGG

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

# Sprengitilboð

## Keyptu sófasett og fáðu flatskjá í kaupbæti

Einungis fáanlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri



### 32" United LCD skjár
- Upplausn: 1366x768 punktar
- HD Ready
- Progressive Scan
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS
- VGA tengi og heyrnartólstengi
- Textavarp
- Fjarstýring
- Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11

**Með hverju seldu 8138M eða M75 sófasetti fylgir United - 32" LCD breiðtjaldssjónvarp að andvirði 79.990kr***

*Gildir á meðan birgðir endast



329.000kr GOTT VERÐ

**Svefnsófasett** úr leðri 8138M



269.000kr GOTT VERÐ

**Leðurhornsófi** 1+2+1 M75



### 20" Dantax LCD skjár
- 20" 4:3 LCD sjónvarp • Upplausn: 800x600 punktar
- Svartími: 8ms og sjónsvið (h/v): 150/130°
- Skerpa: 700:1 og 500cd/m2 • 12v og 220v
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi • Textavarp með 7 síðna minni
- Barnalæsing og fjarstýring • Borðstandur og veggfesting fylgja
- Mál í cm (bxhxd): 52,3x43,5x7,9 og þyngd: 9kg

**Með hverju seldu 8181 eða 8183 sófasetti fylgir Dantax - 20" LCD breiðtjaldssjónvarp að andvirði 49.990kr***

*Gildir á meðan birgðir endast



199.000kr GOTT VERÐ

**Leðursófasett** 3+1+1 8181



199.000kr GOTT VERÐ

**Leðursófasett** 3+1+1 8183

## BORÐSTOFUSTÓLAR Á SPRENGITILBOÐI



| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| TILBOÐ 9.900kr | TILBOÐ 8.990kr | TILBOÐ 12.990kr | TILBOÐ 8.330kr | TILBOÐ 8.330kr | TILBOÐ 11.900kr | TILBOÐ 11.900kr | TILBOÐ 14.900kr |
| Verð áður 14.900,- | Verð áður 12.900,- | Verð áður 18.900,- | Verð áður 11.900,- | Verð áður 11.900,- | Verð áður 18.900,- | Verð áður 14.900,- | Verð áður 24.900,- |

Gildir til 11. september eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




# STUÐ MILLI STRÍÐ: G3 hefði aldrei breytt sögunni

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** VÍSAR SÖGUFÖLSUN SÍMANS Á BUG



Fyrir tvö þúsund árum fæddist þeim Maríu og Jósef sonur í Betlehem. Og hefur sú fæðing fylgt vestrænni menningu. Þessi ágæti piltur hafði þá sérstöðu að vera eingetinn og Jósef greyið hefur velt vöngum yfir því fyrirbæri og grunað að einhver fjárhirðir hafi átt næturgaman með spúsu sinni á meðan hann tálgaði til viðinn. En honum skjátlaðist hrapallega eins og sagan sýnir.

Fyrir mörg hundruð árum deildu svo guðfræðingar um hvort Jesús hefði í raun verið maður. Hvort hann hefði ekki verið meiri guð en manneskja, enda vissu þeir eflaust af eigin raun að sú nauðgallaða skepna var syndug upp fyrir haus. Jafnvel var um það rætt hvort frelsari mannkyns hefði haft hægðir og hvort þeir staðir þar sem hann hefði teflt við páfann væru þá ekki heilagir. En guðfræðingarnir komust loks að þeirri niðurstöðu að Jesús væri jafnmikill guð og hann er maður. Annað hefði enda varla gengið upp því þjáning hans var jú svo stór hluti af trúnni.

En áfram héldu fræðimennirnir að þræta og nú var komið að sjálfri syndinni, holdsins lystisemdum. Því sú ákvörðun að lýsa Jesú sem manni kveikti aðrar og mun alvarlegri vangaveltur; gat það verið að Jesús hefði á einum eða öðrum tímapunkti orðið ástfanginn? Og kannski smellt einum rembingskossi á Maríu Magdalenu? En þessu var auðvitað vísað frá sem firru enda höfðu menn þá lengi stundað það að loka sig inni í háum byggingum og lifað skírlífi, alveg eins og Jesús sjálfur.

Hafi menn haldið að deilurnar um Jesú myndu hverfa fyrir fullt og allt skjátlaðist þeim hinum sömu allverulega. Því ekki þurft annað en rauðhærðan grínista til að kveikja eitt bál í hjörtum hinna sanntrúuðu. Og því er nú spurt hvort þeir þarna uppi hafi húmor fyrir því að gert sé léttúðugt grín að mestu svikum mannkynssögunnar. Hið merkilega er að hvorki jarðskjálftar né plágur hafa geisað í höfuðstöðvum Símans enda veit himnafaðirinn sem er að G3-síminn hefði aldrei breytt gangi mála; þessu hafði öllu verið spáð í hinni heilögu bók nokkrum öldum áður.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# PERLURUGL!

## ÚTIVISTAR, TÍSKU OG SKÓMARKAÐURINN

# Í PERLUNNI LOKAHELGI

- OPIÐ FRÁ 12:00 - 18:00 ALLA DAGA TIL 9. SEPTEMBER -

## NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR

**66°Norður**

Jakkar................ 4.500 – 7.500 kr.
Fleece................ 3.000 – 4.500 kr.
Dúnúlpur............ 9.000 kr.
Fylgihlutir........... 500 – 1.000 kr.
Krakka buxur...... 1.500 – 3.000 kr.
Krakkajakkar..... 2.000 kr.
Skyrtur.............. 2.000 kr.
Regnjakkar barna 1.000 kr.
Regnföt fullorðins 3.00[illegible]

**Skór**

Herraskór [illegible] kr.
Dömuskór frá........................ 1000 kr.
Barnaskór frá........................ 500 kr.
Ecco dömuskór frá. 5000 áður 11995 [illegible]
Dömustígvél frá..... 3000 [illegible]

**Blend**

Jakkar frá........................ 3000 kr.
Peysur frá........................ 1500 kr.
Skyrtur frá........................ 1500 kr.
Bolir frá........................ 1000 kr.
Buxur frá........................ 2000 kr.
[illegible] frá........................ 1500 kr.
[illegible] frá........................ 1500 kr.

**LOKADAGUR Í DAG OG Á MORGUN SUNNUDAG!**

Kaupir 2 skópör og færð 3 parið FRÍTT (það ódýrasta)
Steinar Waage, Kaupfélagið og Ecco búðirnar



BLEND She
Kaupfélagið
66° NORÐUR
ecco
BLEND
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN



**MYNDLIST** Furðuverur Einars Þorlákssonar (1933-2006)

# Undraverum stillt upp í Hveragerði

Listasafn Árnesinga hefur stenft saman tveimur listamönnum á sýningu sem opnar kl. 14 í dag og eru hvor af sinni kynslóðinni. Gabríela Friðriksdóttir (1971) er kunn sem einn merkari listamanna af yngri kynslóðinni. Málverk hennar leiða okkur í draumkenndan heim furðudýra. Og á sýningunni í Hveragerði kallast þau á við málverk Einars Þorlákssonar (1933-2006). Hann var menntaður í Hollandi á þeim tíma þegar CoBrA var hvað áhrifamest og á raunar heima í þeirra skóla. Rétt eins margir málarar CoBrA birtir hann í verkum sínum annarlegar verur. Þetta varð til þess að sýningarstjórarnir Markús Þór Andrésson og Dorothée Kirch kusu að stilla þeim saman eða andspænis hvort öðru: „Sýningin býður upp á samtal tveggja ólíkra og mjög afgerandi listamanna sem í verkum sínum kanna leiðir til að kortleggja sinn innri heim með myndmáli fantasíu og abstrakt-sjónar," segir Markús í sýningarskrá.

Þau Dorothée hafa bæði stundað nám í myndlist og síðan sýningarstjórn og eru nú að feta sig inn í sýningarhald hér á landi eftir reynsluár í þjónustu safna og gallería.

Listasafn Árnesinga er nú opið allt árið, yfir veturinn frá fimmtudegi til sunnudags. Sýning Gabríelu og Einars stendur til 4.nóvember.

- pbb

# Rautt torg á mynd

Í dag verður opnuð Ljósmyndasýningu hjá Gallerí Auga fyrir auga í Reykjavík. Christopher Taylor er breskur ljósmyndari sem heldur til skammt frá Montpellier í Frakklandi. Hann hefur verið kvæntur íslenskri konu síðan 1983 og á Íslandi gerði hann myndröð sem fjallar um ættarsögu og lauk henni 1998.

Nýlega var Taylor veittur styrkur frá franska menningar-ráðuneytinu til að fullgera „Stéles" sem er myndverkefni og bók um Gulárdalinn í Kína. „Red Square" er yfirstandandi verkefni sem er ljósmyndasería um Kolkata (Calcutta) og arfleifð nýlendustefnunnar. Bók með þessum myndum og texta eftir bengalska rithöfundinn Soumitras verður gefin út í haust hjá Niyogi Offset í Nýju-Delí og verða samtímis haldnar nokkrar sýningar á Indlandi.

Verk hans eru til sýnis í Galleria Camera Obscura í París, Galeria Bacelos í Vigo á Spáni og í Tasveer í Bangalore á Indlandi. Þetta er fyrsta sýning á verkum Taylors á Íslandi. Gallerí Auga fyrir Auga er opið fimmtudaga til sunnudaga frá 14.00–17.00 og er til húsa að Hverfisgötu 35 í Reykjavík.

- pbb

# Listmunauppboð á morgun

**Á morgun verður haldið listmunauppboð í Súlnasal Radisson SAS Hótel Sögu á vegum Gallerí Foldar. Á uppboðinu er þónokkuð af áhugaverðum verkum eftir bæði innlenda og erlenda listamenn. Fréttablaðið fékk Tryggva Friðriksson, listmunasala og uppboðshaldara, til þess að segja frá því hvaða verk honum þykja vera þau eftirtektarverðustu á uppboðinu.**



**MYNDLIST** Frá Húsafelli eftir Ásgrím Jónsson. MYND: GALLERÍ FOLD

„Uppboð geta verið misjöfn að gæðum, þ.e.a.s. það geta verið misáhugaverð verk í boði hverju sinni. En það má fölskvalaust segja að þetta er mjög gott uppboð, á því má finna mörg fín verk," segir Tryggvi. Á uppboðinu má finna verk unnin í ýmsa miðla, svo sem olíu- og vatnslitamálverk, grafíkverk, keramík og fleira.

Á meðal þeirra verka sem Tryggvi nefnir sem sérlega áhugaverð eru verk eftir Stefán Jónsson, betur þekktur sem Stórval, Jón Stefánsson og Kristínu Jónsdóttur. Enn fremur má á uppboðinu finna mjög sérstök verk eftir Þórarin B. Þorláksson. Fyrst má nefna olíumálverkið Snæfellsjökull frá Rauðasandi frá árinu 1911. Tryggva þykir mikið til þess koma. „Þessi mynd er afar falleg og er þar að auki óvenjustór. Þórarinn málaði aðallega fremur litlar myndir og því er fengur að svo stórri mynd eftir hann."

Önnur markverð mynd eftir Þórarin er Dale i Sondefjord i Norge frá árinu 1891. Mynd þessi er eftirmynd af málverki eftir norska listmálarann Anders Askevold og er elsta mynd Þórarins sem Gallerí Fold hefur boðið upp.

Á uppboðinu má einnig nálgast myndir eftir Ásgrím Jónsson og má í því samhengi nefna olíumálverkið Frá Húsafelli sem er stórt og fallegt verk.

Nokkur verk eftir Kristján Davíðsson verða boðin upp. Það elsta er frá árinu 1940, en einnig má finna á uppboðinu verk eftir hann frá fimmta og sjöunda áratugnum, sem og verk frá því í fyrra. „Það er sjaldgæft að svona gömul verk eftir Kristján fari á uppboð og því ríkir viss spenningur í kringum þau. Það er afar ánægjulegt að sjá þessar gömlu myndir og bera þær saman við nýrri myndir hans," segir Tryggvi.

Að auki verða verk eftir erlenda listamenn boðin upp. „Þar má helst nefna þrjú þrykk eftir Dieter Roth og tvö silkiþrykk eftir Andy Warhol. Þessi verk eru öll frá sjöunda áratugnum. Það er að sjálfsögðu gaman að því að hafa erlenda listamenn í bland við þá íslensku á svona uppboði," segir Tryggvi að lokum.

vigdis@frettabladid.is

# Víddir opnast og flæði hefst

Á morgun sýnir Íslenski dansflokkurinn tvö verk, annað þeirra er frumsýning, hitt hefur verið á verkefnaskrá flokksins um nokkurt skeið. Það eru þau Serge Ricci og Helena Jónsdóttir sem eru höfundar verkanna. Með þessari haustsýningu á Nýja sviði Borgarleikhússins hefst vetrarstarf flokksins. Bæði verkin eru ávextir af erlendu samstarfi Íd: Verk Serges, Til nýrra vídda, er afrakstur samstarfs milli franskra og íslenskra aðila í tengslum við Franskt vor snemma á þessu ári. Serge nýtur aðstoðar listamannsins Fabiens Almakiewicz við verkið, en Serge er kunnur fyrir að fara óvanalegar leiðir að sköpun dansa sinna en hann vinnur mikið út frá Feldenkrais-tækninni svokölluðu. Hann starfar annars með eigin flokki Mi Octobre. Hann lýsir verkinu sem óvissuferð á móti ljósi. Ljósahönnun við dansinn er í höndum Aðalsteins Stefánssonar.

Serge segir að hann notist aðeins við tækni Feldenkrais við vinnsluna, hún leiði sig að því að losa dansarann úr viðjum hreyfinga vanans. Verkið segir hann koma til út frá dansaranum. Hann sé í fyrirrúmi í vinnunni en dansinn komi seinna. Líkami hans og hreyfingar veki dansinn. Þeir félagar voru hér á ferðinni í vor og voru þá með vinnubúðir með dönsurum Íd. Þeir hafa verið hér í hálfan mánuð til að reka smiðshöggið á sýninguna og koma henni á svið.

Hitt verkið sem flutt verður á sunnudagskvöld er gestum dansflokksins nokkuð kunnugt. Það hefur verið á verkefnaskrá Íd síðan það var frumflutt í samkeppni LR og Íd 2003. Það hefur verið flutt erlendis og er nú í þriðja sinn flutt í Borgarleikhúsinu. Það hefur í tímans rás þróast og tekið breytingum – raunar fullyrða þær hjá dansflokknum að það sé aldrei eins. Trútt heiti sínu og umfjöllunarefni.



**LISTDANS** Úr verki Helenu Jónsdóttur, Open Source. MYND: ÍD/GOLLI

Open Source spyr: Hvaðan koma hugmyndir, hreyfingar, flæðið – hverjar eru uppspretturnar í lífinu? Þær spurnir hefur verkið kveikt víða um heim í ferðum sínum og víða hlotið afbragðs undirtektir. Helena Jónsdóttir hefur starfað í dansi um margra ára skeið og á að baki fjölbreyttan feril sem hófst þegar hún dansaði sjálf. Hún hefur þróast frá dansi sem hreinu skemmtiformi sem hún vann við í léttum skemmtiverkum í dans fyrir mynd sem hún vann í upphafi með Unni Ösp Stefánsdóttur og síðar í eigin nafni. Hún hefur starfað erlendis og er raunar sá sjálfstæðra danshöfunda, auk Láru Stefánsdóttur, sem hefur markað sér völl án beinna tengsla við Íd.

Verkin verða flutt á Nýja sviði Borgarleikhússins næstu vikur.

- pbb

Kringlukráin
60' Hljómsveitin Special í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum







Salurinn
VERTU MEÐ Á NÓTUNUM
SPK
WWW.SALURINN.IS ADALSTYRKTARADILI SALARINS SPARISJÓÐURINN

# CHRIS CORNELL ÁRITAR Í DAG KL. 16:00

## Í SKÍFUNNI LAUGAVEGI

Í tilefni stórtónleikanna í kvöld

áritar sjálfur Chris Cornell

nýjustu plötuna sína Carry On

í verslun Skífunnar á

Laugavegi kl. 16 í dag.




MIÐASALA Á TÓNLEIKANA Í FULLUM GANGI



S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · www.skifan.is

## > TÍSKUFRETTIR

Gallabuxnaframleiðandinn **7 for All Mankind** og tískuhúsið **Pucci** hafa hafið samtarf um gerð einstakra gallabuxna sem bera heitið „Emilio Pucci Carol" og kosta 300 evrur. **Matthew Williamson**, hönnuður pret-à-porter línu Pucci sá um að gallabuxurnar væru í þeim skæru litum sem einkenna Pucci-merkið.

Ítalski hönnuðurinn **Valentino** tilkynnti í fyrradag að hann myndi yfirgefa sess sinn eftir 35 ára farsælan feril. Í kjölfarið kynnti tískuhúsið nýjan yfirhönnuð. Hún heitir **Alessandra Fachinetti** og er aðeins 35 ára gömul. Hún hefur áður unnið hjá Gucci og Moncler.

Fyrir popphátíðina **Swarovski Fashion Rocks** mun skartgripahúsið austurríska **Swarovski** hanna einstaka línu úr svörtum steinum og hinum frægu Swarovski-kristöllum. Línan nefnist The Swaroski Fashion Rocks Collection for The Prince's Trust og er fáanleg á www.swarovski.com

**stíll**

utlit@frettabladid.is



**NÝJA ILMINN FRÁ MARC JACOBS** sem ber heitið Daisy. Dásamleg blómabomba í sætustu flösku sem hefur sést lengi.

**SEMELÍUARMBAND ÚR ROKKI OG RÓSUM** sem er alveg eins og skart frá MiuMiu en á frábæru verði.

OKKUR LANGAR Í ...



**SVARTAN HATT** sem minnir óneitanlega á reiðhatt Balenciaga sem gerði allt vitlaust á tískupöllunum í vor. Fæst í Rokk og Rósum.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**Anna Margrét Björnsson**

# *Farðalaus fegurð?*

Hversu margar konur hafa lent í því að karlmenn segja við þær; mér finnst þú lang fallegust/kynþokkafyllst án farða? Mér skilst að Pete Doherty hafi líka verið duglegur að segja þetta við hana Kate sína (sem útskýrir að hálfu leyti hvers vegna hún hefur litið svona skelfilega út undanfarið ár). Karlmenn halda kannski að við konur séum fallegri án tískufatnaðar, glansefna í hárinu eða farða, en það er þó eitt sem við verðum að muna. Karlmenn vita ekkert hvað þeir eru að tala um, þeir halda það bara. Strákar halda að „náttúrulegt" útlit sé svona Cameron Diaz týpan sem er alltaf frískleg og rjóð í kinnum með óaðfinnanlega húð, glansandi varir og með einhvern eðlislægan ferskju- eða sítrónukeim af líkamanum. Karlmenn vita ekki að það tekur svona þrjú korter og níu snyrtivörur til að ná þessu útliti, meira að segja fyrir Cameron Diaz sjálfa. Hins vegar get ég fallist á þá skoðun að meira sé minna þar sem það er eitthvað dálítið fráhrindandi við dömur sem líta út eins og þær hafi eytt þremur klukkustundum í Carmen-rúllur og förðun áður en þær skella sér út úr húsi. Krulluð augnhár og of glansandi varir við grímukennda húð og fagurlega teiknaðar og plokkaðar augabrúnir minna á Dolly Parton, eða eitthvað þaðan af verra, Victoriu Beckham. Erlend vinkona mín er alltaf agndofa yfir lituðu meiki sem við íslensku dömurnar notum víst gjarnan. Hún segist eyða mörgum mínútum í að ganga á milli stúlkna á börum bæjarins og þurrka af þeim brúnu línurnar sem myndast á kjálkanum og andvarpar hástöfum yfir því af hverju þær nota ekki bara „Touche-Éclat". Það krefst nefnilega ákveðinnar tækni að vera farðaður án þess að líta út fyrir að hafa eytt of miklum tíma í verkið. Ég fékk einu sinni frábært ráð frá fallegri konu um hvernig væri best að búa sig undir partíkvöld. Galdurinn er að mála sig fyrst og stíga svo ofan í heitt bað. Gufan gerir augnmálninguna aðeins sjúskaða, gerir farðann eðlilegri og gefur þér svona „ég var að stunda kynlíf"-roða í kinnarnar. En tískudrósir athugið: eldrauður varalitur er kominn aftur í tísku fyrir veturinn. Notist sparlega en með „attitjúd".



**ENGINN FARÐI?** Jú, svona níu vörutegundir.


**Frönskunámskeið**
hefjast 17. september

Námskeið fyrir fólk á öllum aldri, byrjendur og lengra komna

Alliance Française
Tryggvagata 8,
101 Reykjavík,

Innritun í síma
552 3870
3.-14. sept.

Veffang: www.af.is
Netfang: alliance@af.is













**UNDIR ÁHRIFUM TÓNLISTAR**
Tískulína poppgyðjunnar **Gwen Stefani**, L.A.M.B fékk góðar undirtektir á tískuvikunni í New York sem nú stendur yfir. Fötin voru undir áhrifum sjötta áratugarins og voru skemmtileg blanda af glamúr og rokki og róli. Kjólar voru geometrískir í sniðum frá sjöunda áratugnum og hnébuxur og dragtir voru smart með háum hnésokkum við. Köflótt jakkaföt í rauðum litum vöktu hrifningaróp á áhorfendapallinum en margar stjörnur poppiðnaðarins voru viðstaddar.



TÍSKUVIKAN Í NEW YORK:

# GWEN STEFANI SLÆR Í GEGN

Um þessar mundir gengur yfir bylgja af fatahönnun kvenna sem aldrei hafa lært hana en leggja þó nafn sitt við tískulínur. Þar má nefna Kate Moss og Madonnu fyrir Top Shop og H&M, leikkonuna Siennu Miller fyrir Twenty2-Twelve og fyrirsætuna Millu Jovovich með Jovovich Hawk. Gwen Stefani byrjaði með merkið L.A.M.B fyrir um þremur árum síðan og merkið var kynnt á tískuvikunni í New York sem hófst á miðvikudag, en þar eru allir helstu hönnuðir að sýna vor- og sumarlínur fyrir 2008. Stefani hefur ekki hannað sérlega frumleg föt í þetta sinn, því áhrifa mátti gæta frá ýmsum hönnuðum og stefnum síðasta árs. En fötin voru þó skemmtileg og klæðileg, í anda sjöunda áratugarins með rokk og ról ívafi. Tískusýningin var afar vel sótt af stjörnum úr tónlistar- og leikarasenunni vestra.

- amb



**POPPSTJARNA** Söngkonan og hönnuðurinn Gwen Stefani mætti á sýninguna ásamt ungum syni sínum.

# ego dekor



**Quant borðstofuskenkur**
hvítt háglans
Stærð: 180x50xH:90
Verð: 124.000,-

**Quant skápur**
hvítt háglans
Stærð: 100x40xH:190
Verð: 128.000,-

**Plant sófaborð**
Stærð: 90x90
Verð: 38.000,-

# Nýtt frá Divany



**Borðstofuborð – hvítt háglans**
Fáanlegt í stærðum:
180x100
Verð: 98.000,-
220x110
Verð: 128.000,-



**Borðstofuskenkur**
Stærð: 180x50xH:85
Verð: 124.000,-
Einnig fáanlegur í stærð: 240x50xH85
Verð: 168.000,-
Fáanlegir í svörtu og hvítu háglans





**Piero leðursófasett**
3+1+1
Verð: 249.000,-
3+2
Verð: 215.000,-

**Lucas leðurtungusófi**
Stærð: 285x220
Einnig fáanlegur í hvítu leðri
Verð: 235.000,-

**Bókahilla – háglans svört og hvít**
Stærð: 120x30xH:206
Verð: 58.000,-

**Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is**

## >VISSIR ÞÚ?

Nicolas Cage heitir réttu nafni Nicholas Kim Coppola. Hann lét breyta nafni sínu til að vera ekki ruglað saman við föðurbróður sinn, Francis Ford Coppola. „Cage" fékk hann frá Luke Cage, söguhetju samnefndra teiknimyndasagna.



**fólk**

folk@frettabladid.is

# Astrópía drepur Bourne

„Þetta er náttúrlega frábært," segir Ingvar Þórðarson, einn framleiðandi kvikmyndarinnar Astrópíu, en Ísland er eitt af fáum löndum í heiminum þar sem þriðja myndin um hinn minnislausa Jason Bourne trónir ekki á toppnum. Hér á landi eru það nefnilega Ragnhildur Steinunn og félagar í nördabúðinni sem skáka leyniþjónustumanninum harða með sverðum sínum, hlutverkaspili og skjöldum og sér kvikmyndatímaritið Screen International ástæðu til þess að gera sér mat úr þessari staðreynd í nýjasta hefti sínu.

Fram kemur í grein blaðsins að á meðan áhorfið á Bourne Ultimatum hafi hrunið um tæp fimmtíu prósent um síðustu helgi hafi Astrópía bætt við sig áhorfi ef eitthvað er og stefnir hún nú ótrauð að því að komast yfir þrjátíu þúsund áhorfenda markið. „Þetta hefur vakið mikla eftirtekt og kvikmyndarisinn Warner Bros. hefur beðið um að fá að sjá söguþráð myndarinnar til að athuga hvort þarna sé eitthvað. Hollywood finnur alltaf lykt af peningum og þar sem er aur þar er Draumaverksmiðjan," segir Ingvar. En næsta verkefni Kvikmyndafélags Íslands hefur ekki síður vakið eftirtekt en það er RWM, eða The Reykjavik Whale Massacre. Þar snýr Gunnar Hansen, Leðurfésið víðfræga, aftur á fornar slóðir. „Þessi horror-heimur er algjört költ og Gunnar er auðvitað algjört goð í þeirri veröld," segir Ingvar en Júlíus Kemp ætlar þá að setjast í leikstjórastólinn sjálfur. - fgg



**Á EKKI ROÐ Í HILDI** Jason Bourne var skákað all-svakalega af Astrópíunni Hildi og Hollywood botnar ekkert í því.



**BANDARÍKIN ÁHUGASÖM** Kvikmyndarisinn Warner Bros. hefur sýnt Astrópíu áhuga.

# Clooney með nýja kærustu

**Hjartaknúsarinn George Clooney mætti með nýja kærustu upp á arminn á kvikmyndahátíðina í Feneyjum. Sú heppna heitir Sarah Larson og er 28 ára barþjónn. Hittust þau á næturklúbbi í Las Vegas í júní þar sem Larson var að vinna. Hafa þau verið óaðskiljanleg síðan Larson flaug til Frakklands 1. september til að hitta Clooney við upphaf kvikmyndahátíðarinnar Deauville, sem þar fór fram.**



**CLOONEY** Leikarinn George Clooney er byrjaður með hinni 28 ára Sarah Larson.

# Stjörnuhersing á Apótekinu

**Stöð 2 bauð vinum og velunnurum á Apótekið í Austurstræti og kynnti fyrir þeim haustdagskrá sína.**

Fjöldi fólks lagði leið sína í miðbæ Reykjavíkur og kíkti á myndbrot af væntanlegri dagskrá stöðvarinnar í haust en þar ber væntanlega hæst tvær nýjar leiknar þáttaraðir, annars vegar Næturvaktin með þeim Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni Sigfússyni fremstum í flokki, og hins vegar Pressa eftir þá Sigurjón Kjartansson og Óskar Jónasson. Góð stemning var í veislunni og margt þekktra andlita lét sjá sig.



**ÁBERANDI Í VETUR** Þeir Auðunn Blöndal og Jón Gnarr verða áberandi á skjánum í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**SVEPPI & CO** Sverrir Þór Sverrisson ásamt unnustu sinni Írisi Ösp og leikkonunni Eddu Björgu en þau Sverrir og Edda leika saman í Stelpunum.



**ÞRÍR KÓNGAR** Logi Bergmann Eiðsson, Ásgeir Kolbeins og Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, höfðu eflaust um margt að ræða.



**GLÆSILEG SAMAN** Bubbi Morthens og Hrafnhildur Halldórsdóttir létu sjá sig á Apótekinu. Bubbi verður með sinn eigin þátt hjá Stöð 2 og hefst hann eftir áramót.


ÆTLIÐ ÞIÐ YKKUR AÐ STOPPA HANA UPP?

LÍK Í ÓSKILUM
Eftir Anthony Neilson



LANDSLIÐ GRÍNLEIKARA, FRÁBÆR GAMANFARSI.

„...skotheld blanda til vinsælda."
„...leikárið hefst með trukki og dýfu í Borgarleikhúsinu."
Þ.E.S./Víðsjá Rás 1

Í KVÖLD UPPSELT
SUN. 9/9
FÖS. 14/9
LAU. 15/9

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikarinn **Tobey Maguire** ætlar að leggja Spiderman-búninginn á hilluna til að leika í hasarmyndinni Robotech. Myndin er byggð á samnefndum japönskum teiknimyndum frá níunda áratugnum þar sem vélmenni eru í aðalhlutverki. Auk þess að fara með stærsta hlutverkið ætlar Maguire að framleiða myndina. „Þessi teiknimynd á sér merkilega sögu sem mun vafalítið hjálpa til þess að myndin verði fáguð, flott og skemmtileg," sagði Maguire.



Heimurinn syrgir nú óperusöngvarann frábæra **Luciano Pavarotti** sem lést á fimmtudag eftir baráttu við krabbamein. Á meðal þeirra sem hafa lýst yfir sorg sinni er tenórinn **Placido Domingo**. „Ég dáðist alltaf að himneskri rödd hans sem var algjörlega einstök. Hann hafði líka frábært skopskyn. Áður en við og **José Carreras** héldum tónleika áttum við oft erfitt með að muna að við værum að fara að spila fyrir fullu húsi af fólki vegna þess að við skemmtum okkur svo vel saman," sagði hann.



Michael Lohan, faðir vandræðagemlingsins **Lindsay**, heimsótti dóttur sína nýverið á meðferðarheimilið í Utah. Þau feðgin höfðu ekki hist síðan Michael var dæmdur í fangelsi í New York fyrir tveimur árum. Michael hefur lengi talað um að hitta aftur dóttur sína og varð loksins að ósk sinni.



Óskarsverðlaunaleikarinn **Sir Ben Kingsley** kvæntist í laumi sinni fjórðu eiginkonu á dögunum. Sú lukkulega er brasilíska leikkonan Daniela Barbosa De Carneiro sem er tvöfalt yngri en Kingsley, eða 32 ára. Athöfnin var haldin á sveitasetri á Englandi á mánudag. Eftir það var haldin mikil brúðkaupsveisla í glæsivillu Kingsleys. „Við erum ótrúlega hamingjusöm," sagði Kingsley, sem skildi við eiginkonu númer þrjú á síðasta ári.


www.volkswagen.is



Polo lækkar um 100.000 kr.



Fáanlegur sjálfskiptur

Kostar frá aðeins 16.090 kr. á mánuði*

Volkswagen kann þá list að sameina ósamrýmanlega kosti. Volkswagen Polo er gott dæmi, nettur og lipur en á sama tíma sterkur og traustur. Þannig nýtist hann fullkomlega við fjölbreyttar íslenskar aðstæður, í borgarumferðinni og á vegum úti, hvað sem á dynur.

Volkswagen Polo er grænn bíll

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.

* Miðað við 30% útborgun og gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða. Verð 1.620.000 kr.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

heima

TILBOÐ
Á LEÐURBORÐSTOFUSTÓLUM



ÁÐUR: 31.000
NÚ: 19.000



ÁÐUR: 22.800
NÚ: 14.800

SÍÐUMÚLA 30 - SÍMI 568 4242
www.heimahusgogn.is
heima@heimahusgogn.is

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
LAUGARDAGA 11-16

HEIMA HÚSIÐ

mood heima




| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| KNOCKED UP | kl. 5 - 8 - 10:50 | 14 |
| KNOCKED UP | kl. 5 - 8 - 10:50 VIP | |
| DISTURBIA | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 14 |
| LICENSE TO WED | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| RATATOUILLE M/- ENSKU TAL | kl. 8 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 12:30 - 2 - 3 - 5:30 | L |
| THE TRANSFORMERS | kl. 3 - 10:10 | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 12:30 | 10 |
| KRINGLUNNI | | |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 2 - 4 - 6:30 - 8:30 - 10:30 | L |
| LICENSE TO WED | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 - 4 DIGITAL | L |
| RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 3:30 | L |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 | L |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |
| VEÐRAMÓT | kl. 6 - 8 -10 | 14 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | L |
| LICENSE TO WED | kl. 10 | 7 |
| KEFLAVÍK | | |
| KNOCKED UP | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| ASTRÓPÍA | kl. 1:30-3:30-8-10 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 -3:40-5:50 | L |
| SELFOSSI S. 482 3007 | | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| ASTRÓPÍA | kl. 1:30 - 6 - 8 -10 | L |
| RUSH HOUR 3 | kl. 3:30 | 12 |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| TRANSFORMERS | kl. 5:30 | 10 |





LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| KNOCKED UP | kl. 3, 6 og 9 | 14 |
| DISTURBIA | kl. 5.45, 8 og 10.20 | 14 |
| BRETTIN UPP íslenskt tal | kl. 2 og 4 | L |
| THE BOURNE ULTIMATUM | kl. 5.45, 8 og 10.20 | 14 |
| RATATOUILLE íslenskt tal | kl. 1.30 og 3.35 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is


# Kári kemur Beck á framfæri

Nýjasta lag bandaríska tónlistarmannsins Beck, Time Bomb, kom hingað til lands á nokkuð óvenjulegan hátt, eða í gegnum umboðsmanninn og tónleikahaldarann Kára Sturluson.

Kári, sem er vinur umboðsmanna Beck í Los Angeles, fékk tölvupóst að utan þar sem hann var beðinn um að koma laginu á framfæri á hérlendum útvarpsstöðvum og skoraðist vitaskuld ekki undan því. „Ég hef aldrei verið beðinn um eitthvað þessu líkt af svona risastórum „artista“. Það hefur oft verið leitað til mín að koma plötum í spilun hér og þar en ekki af einhverjum svona stórum,“ segir Kári. „Hann er að gera þetta nett sjálfur með sinni umboðsskrifstofu. Hann er að biðla til sinna aðdáenda hér og þar um heiminn að þeir verði markaðstólið fyrir þetta lag. Ég fíla þetta konsept og ég fíla Beck líka í tætlur, það skemmir ekki fyrir.“



**BECK** Tónlistarmaðurinn Beck hefur gefið út lagið Time Bomb.

Kári var fyrir nokkru síðan staddur í Los Angeles þegar honum var boðið óvænt á tónleika með Beck. „Þetta voru tónleikar sem hann setti upp með eins dags fyrirvara á litlum klúbbi sem heitir The Echo.



**KÁRI STURLUSON** Kári var beðinn um að koma nýjasta lagi Beck á framfæri og skoraðist ekki undan því. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þetta er 300 manna staður og það voru seldir 250 miðar á tónleikadeginum í gegnum aðdáendaklúbb hans. Það var alveg frábært, bara ógeðslega gaman. Ef maður ber þetta saman við eitthvað hérna heima þá var þetta eins og að sjá Beck á Grandrokk.“ - fb

# Baltasar skorar vestanhafs

**Dreifingarréttur Jar City eða Mýrarinnar hefur verið seldur til dreifingarrisans IFC, en þetta þýðir að myndin verður sýnd í öllum stærstu borgum Bandaríkjanna.**

Þetta er algjör lottóvinningur,“ segir leikstjóri Mýrarinnar, Baltasar Kormákur, en samningar tókust í gærdag á Toronto-kvikmyndahátíðinni sem nú stendur yfir. „Fleiri aðilar höfðu falast eftir henni en þegar ég heyrði að þetta fyrirtæki væri áhugasamt sló ég til nánast um leið,“ bætir leikstjórinn við. Hann vildi ekki gefa upp hversu háar fjárhæðir væru í boði og sagði að upphæðin væri að einhverju leyti bundin við árangur. „Þetta er mjög ásættanlegt verð en ég vil ekkert fara frekar út í þá sálma.“

IFC nýtur mikilla virðingar í hinum svokallaða independent-geira eða sjálfstæðri kvikmyndagerð. Fyrirtækið dreifði meðal annars After Brylluppet eftir Susan Bier og Days of Glory í leikstjórn Rachid Bouchareb en þær voru báðar tilnefndar til Óskarsverðlauna sem besta erlenda myndin í ár. IFC á sín eigin kvikmyndahús í helstu borgum Bandaríkjanna og rekur auk þess sína eigin sjónvarpsrás. „Maður veit eiginlega ekkert hvar þetta endar því það hafa verið örlög margra mynda að þær deyja á svona kvikmyndahátíðum. En Mýrin virðist bara vera að öðlast nýtt líf,“ segir Baltasar, en eftir sigurinn á Karlovy Vary hefur hróður Mýrarinnar borist víða.

Að sögn Baltasars er nú setið yfir skipulaginu hvernig og hvenær eigi að sýna myndina í Bandaríkjunum og mun leikstjórinn að öllum líkindum þurfa að fylgja henni eftir þar í landi. Þá er einnig töluvert mikið af fundahöldum með erlendum aðilum sem vilja endurgera myndina en Baltasar sagði í viðtali við Fréttablaðið fyrir skömmu að honum fyndist það tilgangslaust. „Ég stend við þau orð en auðvitað vill maður leyfa einhverjum að spreyta sig á þessu og þetta gæti náttúrulega orðið til þess að vekja enn meiri athygli á forveranum,“ segir Baltasar, en hann hefur jafnframt fengið töluvert af handritum upp í hendurnar og mörg tilboð um að leikstýra í henni Ameríku.



**LOTTÓVINNINGUR** Samningur Baltasars við IFC-dreifingarfyrirtækið þýðir að Mýrinni verður dreift í kvikmyndahús í öllum helstu borgum Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

freyrgigja@frettabladid.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| VEÐRAMÓT | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| KNOCKED UP | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | 14 |
| KNOCKED UP LÚXUS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 2 - 4 - 6 | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 2 - 4 - 6 | |
| RUSH HOUR 3 | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| SKOPPA & SKRÍTLA | kl. 2 - 3 500 kr 45 mín. | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

SÝNINGARTÍMAR GRÆNA LJÓSSINS

| | | |
|---|---|---|
| KL. 5.30 | Away From Her | |
| KL. 8 | Sicko | |
| KL. 10.30 | Sicko / Shortbus | |
| VEÐRAMÓT | kl. 3 - 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| EVENING | kl. 5.30 - 8 | |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 3 - 6 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 3 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 3 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| VEÐRAMÓT | kl. 3.20 - 5. 40 - 8- 10.20 | 14 |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| SURFS UP ENSKT TAL | kl. 8 - 10 | |
| ASTRÓPÍA | kl. 4 - 6 - 8 - 10.10 | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| KNOCKED UP | kl. 5.45 - 8 - 10.20 | 14 |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| DISTURBIA | kl. 8 | 14 |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 10.10 | 14 |
| SKOPPA & SKRÍTLA | kl. 2 - 3 500 kr 45 mín. | |












**SKÁTAR** Fá góða dóma fyrir sína fyrstu plötu.

# Yndislegur metnaður

**Hljómsveitin Skátar fær góða dóma fyrir fyrstu plötu sína, Ghost of the Bollock to Come, í enska tónlistartímaritinu Plan B Magazine. Þar segir að platan sé aldeilis frábær þar sem ýmsum tónlistarstefnum sé blandað saman.**

**„Stórt í sniðum og yndislega metnaðarfullt. Hver einasti kafli í hverju lagi fær mann til að brosa,“ segir í dómnum. Af plötu Skáta er það einnig að frétta að hún er um þessar mundir plata vikunnar á háskólaútvarps-stöðinni Newcastle College Radio Online í Englandi sem nær til yfir 450 þúsund hlustenda.**



**IMPERIOLI** Sprengja sprakk fyrir utan leikhús hans í New York.

# Skilur ekkert í sprengingu

Sopranos-leikarinn Michael Imperioli, sem var staddur hér á landi í vor til að leika í myndinni Stóra planið, er afar undrandi á pípusprengju sem sprakk fyrir utan leikhús hans í New York, Studio Dante.

„Ég veit ekkert um þessa sprengju sem sprakk fyrir framan leikhúsið mitt. Ég skil ekkert í þessu. Ég sagði lögreglunni allt sem ég veit, sem er í raun og veru ekki neitt,“ sagði Imperioli. Enginn slasaðist í sprengingunni en Imperioli og nágrannanir í kring voru að vonum skelfdir. Ekki er vitað hverjir voru að verki.



**STEBBI OG EYFI** Félagarnir Stebbi og Eyfi eru á leiðinni í tónleikaferð um landið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Stebbi og Eyfi í stuði

**Þeir félagar Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson eru á leiðinni í haustferð um landið til að kynna plötu sína, Nokkrar notalegar ábreiður, sem kom út í fyrra.**

**Fyrstu tónleikarnir verða í Ísafjarðarkirkju á sunnudagskvöld og kvöldið eftir verða þeir í Patreksfjarðarkirkju. Þeir verða í Bragganum í Hólmavík 11. september og á Hvammstanga hinn 12. Á meðal fleiri staða sem þeir heimsækja verða Dalvík, Akureyri, Neskaupstaður og Akranes. Allir tónleikarnir hefjast klukkan 20.30. Á lagaskránni verða þekktir slagarar á borð við Draumur um Nínu, Góða ferð, Pínulítið lengur og Álfheiður Björk.**

# Hinsti dans á Barnum

Síðasta Dansa meira-kvöld sumarsins verður haldið á Barnum í kvöld. Plötusnúðarnir Kap10Kurt og Lovefingers frá New York þeyta skífum ásamt Jack Schidt.

Kap10Kurt hélt uppi frábæru stuði í garðpartíi Party Zone á Hressó í fyrrasumar og lofar hann miklu stuði í kvöld. Hundrað eintökum af plötunni Dansa meira 2 sem Jack Schidt og DJ Lazer settu saman í vor verður dreift til gesta og gangandi. Húsið verður opnað klukkan 23 í kvöld.



**JACK SCHIDT** Plötusnúðurinn Jack Schidt heldur uppi stuðinu í kvöld.

# Styrkja Mósambík

Megas, Jakobínarína, Ólafur Arnalds og Shadow Parade koma fram á styrktartónleikum í Iðnó í kvöld. Allur ágóði rennur til upplýsingamiðstöðvar sem tvær stúlkur byggðu í Mósambík er þær störfuðu þar að góðgerðamálum.

„Við kynntumst úti og stofnuðum eigin verkefni sem var upplýsingamiðstöð fyrir ungar stelpur,“ segir Stefanía Vignisdóttir, sem stendur fyrir tónleikunum ásamt vinkonu sinni, Charlotte Ólöfu Ferrier. Að sögn Stefaníu vantar fólk til starfa í nýju miðstöðina því heimastúlkurnar eru ekki alveg tilbúnar til að taka við rekstrinum. Aukinn peningur kæmi því að mjög góðum notum við þetta mikla uppbyggingarstarf.

Auk tónleikanna í Iðnó verður haldin þar ljósmyndasýning sem hefst fyrr um daginn þar sem sýndar verða myndir frá Mósambík. Einnig verður lifandi tónlist spiluð meðfram sýningunni. Tónleikarnir sjálfir hefjast klukkan 21 og er miðaverð 1.000 krónur. - fb



**STEFANÍA OG CHARLOTTE** Stefanía Vignisdóttir og Charlotte Ólöf Ferrier, sem standa fyrir styrktartónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR




## > Davíð matsmaður í máli Sigfúsar

Davíð B. Gíslason, lögfræðingur og formaður aganefndar HSÍ, var í gær settur sem matsmaður í máli Sigfúsar Páls Sigfússonar af Héraðsdómi Reykjavíkur. Lögfræðingur Sigfúsar mælti með Davíð en lögfræðingur Fram hafnaði þeirri tillögu og vildi frekar fá Ólaf Garðarsson. Dómarinn kvað upp á endanum að Davíð skyldi vera matsmaður í málinu. Davíð mun síðan skila áliti sínu til dómstóls HSÍ í næstu viku sem í kjölfarið dæmir í málinu.



**sport**
sport@frettabladid.is

**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN:** EKKI ALLT SATT SEM KEMUR FRAM Í SPÆNSKU PRESSUNNI

# *Rijkaard hefur ekki sagt mér að fara annað*

Mikið hefur verið rætt og ritað um framtíð Eiðs Smára Guðjohnsen hjá Barcelona. Mörg lið settu sig í samband við Börsunga með það fyrir augum að fá Eið Smára í sínar raðir.

Sjálfur hefur Eiður hins vegar ávallt haldið því fram að hann vilji berjast fyrir sínu sæti hjá liðinu. Hann hefur líka átt við meiðsli að stríða og af þeim sökum missti hann af undirbúningstímabili Barcelona. Hann vildi frekar ná sér góðum áður en hann færi að skoða þann möguleika að yfirgefa félagið.

Undanfarna daga og vikur hafa borist fregnir þess efnis að forráðamenn Barcelona hafi lagt hart að honum að taka einhverju þeirra tilboða sem í hann bárust, til að mynda frá enska úrvalsdeildarliðinu West Ham.

„Nei, þeir hafa ekki kvatt mig til að fara frá Barcelona á einn eða annan hátt," sagði Eiður Smári um málið á blaðamannafundi íslenska landsliðsins í gær. „Þeir hafa vissulega gert mér grein fyrir að félagið er með sterkan hóp leikmanna og að það verði mjög hörð samkeppni um stöður í liðinu."

Hann kveðst engar áhyggjur hafa af sinni stöðu hjá Barcelona þó svo að spænskir fjölmiðlar hafi verið duglegir að skrifa um að hann eigi ekki framtíð hjá félaginu.

„Ég held að það sem ég geri á mínum ferli sé undir sjálfum mér komið, ekki einhverjum öðrum. Ég hef alltaf verið sú týpa að hugsa um mig sjálfan og ef ég sýni mitt besta þá hef ég ekki miklar áhyggjur af því sem gerist í kringum mig."



Nú síðast skrifaði spænska íþróttablaðið Sport um málefni Eiðs Smára og að Frank Rijkaard, þjálfari liðsins, hefði lagt mjög hart að honum að ganga til liðs við West Ham. Enn fremur er gefið í skyn að Eiður Smári sé á það háum launum hjá Börsungum að hann finni sig ekki knúinn til að leita annað.

# Bati Eiðs betri en hann átti von á

**Ísland mætir í kvöld Spáni í undankeppni EM 2008. Spánverjar þurfa nauðsynlega á þremur stigum að halda en Íslendingar spila nær eingöngu upp á stoltið og stuðning þjóðarinnar. Eiður Smári byrjar ekki.**

**FÓTBOLTI** Allar líkur eru á að það verður þéttsetið á landsleik Íslands og Spánar á Laugardalsvelli í kvöld en leikurinn er liður í undankeppni EM 2008. Spánverjar eru í harðri toppbaráttu og þurfa allra helst á öllum þremur stigunum á að halda. Möguleikar Íslands eru fyrir löngu fyrir bí en nú spila strákarnir fyrir eigið stolt og stuðning íslensku þjóðarinnar.

„Við höfum farið í gegnum varnarleikinn og föst leikatriði sem við þurfum að nýta okkur vel," sagði Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari um áhersluatriði í undirbúningi sínum fyrir leikinn. „Það er líka mikilvægt að hugarfarið sé á réttum stað. Við höfum spjallað mikið við leikmenn og lagt áherslu á að æfingar séu hraðari og snarpari. Við viljum hafa mikla samkeppni í liðinu," sagði hann.

Eiður Smári Guðjohnsen kom óvænt inn í landsliðshópinn en hann hefur átt við hnémeiðsli að stríða undanfarna tvo mánuði.

„Ég er nokkuð sáttur. Batinn er eins góður og ég óskaði mér og jafnvel betri en ég átti von á. Ég var óöruggur á fyrstu æfingunni en það er nánast alveg farið úr mér," sagði Eiður Smári. „Ég er ekki í nógu góðu líkamlegu formi til að byrja inni á í leiknum en það fer væntanlega eftir því hvernig leikurinn þróast hvort og hvernig ég kem við sögu."

Eyjólfur staðfesti að Eiður yrði ekki í byrjunarliðinu. „En hann getur kannski komið inn á og breytt leiknum fyrir okkur," sagði hann.

Hermann Hreiðarsson verður fyrirliði íslenska liðsins í kvöld í fjarveru Eiðs Smára. Hann segir þennan leik gríðarlega þýðingarmikinn fyrir Spánverja. „Það er mikil pressa á þeim. Þeir vilja vinna riðilinn og komast beint á EM. En við ætlum okkur að fá eitthvað út úr þessum leik, hvort sem það er jafntefli eða sigur, og förum með þannig hugarfari í hann. Til að ná því þurfum við að spila vel en það er kominn tími til að við sýnum hvað í okkur býr."

Spurður um hvort hætta sé á því að Spánverjar vanmeti íslenska landsliðsins segir hann hafa litla trú á því. „Þeir hafa nú þegar brennt sig of mikið í þessum riðli. Þeir þurfa þrjú stig úr leiknum og vita að þeir þurfa að spila vel til að ná því."

eirikur@frettabladid.is



**BEÐIÐ FYRIR SIGRI?** Eyjólfur Sverrisson í trúarlegum stellingum á blaðamannafundi íslenska landsliðsins í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**LÍKLEG BYRJUNARLIÐ Í KVÖLD**






**STJARNA SPÁNVERJA** Fernando Torres hefur skorað 14 mörk í 42 landsleikjum en á eftir að skora gegn Íslandi.
NORDICPHOTOS/AFP

Fernando Torres:

## Fyrsta markið skiptir öllu

**FÓTBOLTI** Fernando Torres verður í lykilhlutverki á Laugardalsvellinum í dag en þessi framherji Liverpool og spænska landsliðsins hefur byrjað vel á sínu fyrsta ári í ensku úrvalsdeildinni og skorað þrjú mörk í fyrstu þremur leikjum sínum.

„Það er erfiðast að ná að skora fyrsta markið því um leið og það kemur þá verður auðvelt fyrir okkur að ná góðum úrslitum," sagði Torres um leikinn í dag.

„Íslendingarnir verða ánægðir með jafntefli og það er auðveldara fyrir þá að verjast á eins litlum velli og þeirra heimavöllur er. Vandamálið er því að ná að brjóta múrinn og skora þetta fyrsta mark," sagði Torres sem náði ekki að skora í tveimur leikjum sínum gegn Íslendingum og hefur leikið 92 mínútur á móti Íslandi án þess að skora. - óój

## ÚRSLIT LEIKJA

### *Undankeppni EM U-21*

Slóvakía-Ísland 2-2
Ísland lenti tvívegis undir í leiknum. Fyrra jöfnunarmark Íslands skoraði **Bjarni Þór Viðarsson** úr víti en **Theodór Elmar Bjarnason** það síðara.

### *Landsbankadeild kvenna*

ÍR-KR 0-8
Olga Færseth 4, Hrefna Huld Jóhannesdóttir 3, sjálfsmark.
Valur-Fylkir 3-0
Margrét Lára Viðarsdóttir 3. Margrét Lára er komin með 33 mörk í deildinni í sumar.
Keflavík-Fjölnir 1-1
Vesna Smiljkovic - Elín Heiður Gunnarsdóttir.
Stjarnan-Þór/KA 1-2
Björk Gunnarsdóttir - Pamel Liddell, Ivana Ivanovic.

### *Þýska úrvalsdeildin*

Nordhorn-Göppingen 25-25
**Jaliesky Garcia** skoraði eitt mark fyrir Göppingen.

### *Evrópukeppni bikarhafa*

Stjarnan-HSK Dobele 36-26
Leikið var í Lettlandi. Síðari leikur liðanna er í dag.

### *Forkeppni Meistarad. Evr.*

Stjarnan-BNTU Minsk Region 33-24
**Markahæstar**: Ásdís Sigurðardóttir 7, Rakel Dögg Bragadóttir 7/7, Sólveig Lára Kjærnested 6, Elísabet Gunnarsdóttir 4, Alina Petrache 4.
Riðill Stjörnunnar er leikinn á Ítalíu en fjögur lið keppa í riðlinum. Tvö efstu liðin komast áfram.

Mikilvægt að Eiður Smári Guðjohnsen sé með landsliðinu:

## Ekki unnið án Eiðs Smára í sex ár

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu hefur ekki unnið leik án fyrirliða síns, Eiðs Smára Guðjohnsen, síðan á Indlandsmótinu fyrir sex og hálfu ári síðan.

Eiður Smári hefur ekkert leikið með Barcelona í haust vegna meiðsla á hné en hefur æft með íslenska landsliðinu í vikunni og ætlar sér að taka þátt í leikjunum við Spán í kvöld og Norður-Írland á miðvikudaginn.

Síðasti landsleikur sem Ísland vann án Eiðs Smára var gegn Indlandi á Indlandsmótinu í ársbyrjun 2001. Ísland mætti þá heimamönnum í Cochin 13. janúar og vann 3-0 þökk sé þrennu frá Tryggva Guðmundssyni en tvö markanna komu eftir sendingar frá Guðmundi Benediktssyni. Þeir eru báðir á fullu með FH og Val í Landsbankadeildinni en eru báðir fjarri góðu gamni í leiknum í dag.

Síðan þá hefur íslenska liðið spilað 17 leiki án Eiðs, tapað 9 og gert 8 jafntefli en markatalan er 8-31 okkur í óhag. Eiður Smári hefur verið með í 37 landsleikjum frá þeim tíma, 12 þeirra unnist en 21 tapast.

Eiður Smári hefur aðeins misst af þremur keppnisleikjum á þessum tíma og þeir hafa allir tapast með tveimur mörkum eða meira og samtals með markatölunni 1-12. - óój

Ísland spilar tvo heimaleiki:

## Alltaf unnið annan leikinn

**FÓTBOLTI Fram undan eru tveir heimaleikir hjá íslenska karlalandsliðinu í undankeppni EM en þetta er í fimmta sinn sem íslenska landsliðið spilar svona tvo heimaleiki á nokkrum dögum. Í hin fjögur skiptin hefur liðinu tekist að vinna annan leikinn.**

**Síðast gerðist það í júní 2005 þegar íslenska tapaði 2-3 fyrir Ungverjalandi á laugardegi en vann síðan Möltu 4-1 miðvikudeginum eftir.** - óój

Íslandsmeistarar Vals komnir með annan fótinn í riðlakeppni Meistaradeildarinnar eftir stórsigur í gær:

## Það vantaði allt Malt í Litháana í Viking

**HANDBOLTI** Íslandsmeistarar Vals geta farið að rúlla út rauða dreglinum fyrir Gummersbach, Celje Lasko og Veszprém enda rúllaði Hlíðarendaliðið yfir litháíska liðið Viking Malt í gær, 28-19, og ekkert minna en stórslys getur komið í veg fyrir að Valur komist í riðlakeppni Meistaradeildarinnar.

Þetta var fyrsti leikurinn sem fór fram í hinni stórglæsilegu Vodafonehöll og það var ekki laust við að nokkur sviðsskrekkur væri í leikmönnum Vals í upphafi leiks. Fyrsta mark Vals í nýja húsinu kom ekki fyrr en eftir tæplega sex mínútur og það skoraði línumaðurinn sterki Ingvar Árnason.

Litháarnir leiddu framan af og það var ekki fyrr en Ólafur Haukur Gíslason kom í markið sem Valsmenn duttu í gírinn. Ólafur hreinlega lokaði rammanum og þá komu hraðaupphlaupin hjá Valsmönnum. Valur komst yfir í fyrsta skipti í stöðunni 8-7 og leiddi með fjórum mörkum í leikhléi, 12-8.

Það var aðeins eitt lið á vellinum í síðari hálfleik. Ólafur hélt áfram að verja eins og berserkur og sóknarleikurinn hjá Val var mun beittari en í fyrri hálfleik. Valsmenn hreinlega keyrðu yfir Litháana sem voru átakanlega slakir í síðari hálfleik. Lokatölur 28-19 fyrir Val en leikurinn taldist vera útileikur Íslandsmeistaranna og þeir eiga heimaleik í kvöld.

„Við erum með ungt lið og strákarnir voru svolítið stressaðir framan af. Taugarnar róuðust þegar Óli byrjaði að verja. Síðan var bara eitt lið á vellinum. Ég vissi að þetta lið gæti spilað vörn en sóknarleikur þess var mjög slakur. Við eigum að klára dæmið í seinni leiknum," sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals.

*Mörk Vals (skot): Baldvin Þorsteinsson 11/3 (14/3), Arnór Gunnarsson 4 (7), Ingvar Árnason 3 (3), Ernir Hrafn Arnarson 3 (7), Kristján Karlsson 2 (2), Anton Rúnarsson 1 (2), Gunnar Harðarson 1 (1), Ægir Hrafn Jónsson 1 (3), Elvar Friðriksson 1 (3), Fannar Friðgeirsson 1 (4).* - hbg



**GRIMMUR** Ernir Hrafn skorar hér eitt af mörkum sínum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# BT FLAKKARI



30.000 KR VERÐLÆKKUN

17"

## TOSHIBA

PSPB6E-03H02WN5
TOSHIBA SATELLITE P200-16C
Intel Core 2 Duo T7100
- 1.8 GHz, 2MB L2, 800MHz FSB
17" WXGA TruBrite skjár
ATI Mobility Radeon HD2400 128MB
2GB Vinnsluminni (1024x2)
160GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggt þráðlaust net
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
Harman Kardon hátalarar
Bluetooth
6xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 3.2kg á þyngd



300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche
útvær harður diskur fylgir!

FYLGIR 14.999

**2GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**Intel® Core Duo**
Nýja fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**160GB Harður diskur**
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 160GB hörðum disk.

**149.999**

OFFICE 2007

Ef keypt er með tölvu
9.999
14.999

BT LÁN™
Verð frá:
4.220
59 mánaða



## Panasonic

SDRS100B
Panasonic SD Camc 2GB fylgja

3. Flögu SD tökuvél
3x 800.000 pixlar
10x aðdráttur um linsu
Leica Dicomar Linsa
3 megapixla kyrrmyndataka
Allt niður í 1 lux ljósnæmi
Hristivörn í linsu O.I.S.
Innbyggt flass
SD kortalesari
2GB SD kort fylgir
USB 2.0



FYLGIR 8.999

**69.999**
89.999

## Panasonic

PANASONIC LUMIX LX2
M/1GB SD
DMCLX2

10.2 Megapixlar
Leica linsa
4x optical zoom
MEGA O.I.S. Hristivörn
Baby Mode
f = 28 - 112mm
2.8" LCD skjár
207 þúsund punktar
Li-ion hleðslurafhlaða
300 myndir á hleðslu með skjá
Videoupptaka 848*480 (16/9)
Notar SD kort
Þyngd 187gr
Burst mode - eldsnögg að taka myndir





FYLGIR 4.999

**34.999**

## TOSHIBA

PSU30E-01P01NN5
TOSHIBA SATELLITE U300-11Z
Intel Core 2 Duo T5450
13.3" TFT WXGA TruBrite
Intel GMA X3100 358MB UMA
2GB Vinnsluminni (1024x2)
1GB Intel Turbomemory
160GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggt þráðlaust net
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
Harman Kardon hátalarar
Bluetooth
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 1.85kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð



10.000 KR VERÐLÆKKUN

13,3"

**2GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**Intel® Core 2 Duo**
Nýjasta fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**1GB Intel Turbomemory (Robson)**
Sérhæft minni á móðurborði sem minnkar álag á harða diskinn í tölvunni og eykur hraða gagnavinnslu um allt að 20%

**Fislétt!**
Tölvan er aðeins 1,85kg á þyngd. Hún er smærri en hefðbundnar fartölvur og því sérstaklega þægileg í töskuna.

OFFICE 2007



Ef keypt er með tölvu
9.999
14.999

**139.999**

BT LÁN™
Verð frá:
3.956
59 mánaða



## > Kirsten Dunst

„Ég var 15 ára þegar ég las handritið og ég held ég hafi bara ekki verið nógu þroskuð til að skilja efnið. Mig langaði ekki til að kyssa Kevin Spacey og ég meina, liggja þarna nakin í rósablöðum? Nei," sagði Kirsten um að hafa hafnað hlutverki Angelu í American Beauty á sínum tíma. Hún leikur í Mona Lisa´s Smile í Sjónvarpinu kl. 22.00.

# dagskrá

### VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR ÞAKKAR ROBERT REY FYRIR HEILT NEF

## *Hryllingurinn í Hollywood*

Þegar ekkert nær að fanga athygli mína í sjónvarpinu dett ég á stundum í þá gryfju sem Hollywoodstöðin E! Entertainment er. Endalausar upptalningar á kynþokkafyllstu leikurunum eða vandræðalegustu uppákomunum í skemmtanabransanum höfða svo sem ekki sérstaklega til mín, en ég á það hins vegar til að festast í þáttunum um lýtalæknana í Bevery Hills, Dr. 90210, með Robert Rey fremstan í flokki.

Mannfólkið, ég meðtalin, virðist hafa einhverja þörf til að láta ganga fram af sér. Eftir læknaþætti eins og House, þar sem veikindunum sem hrjá sjúklingana eru gerð afar góð – og ótrúlega myndræn – skil, hélt ég að ég væri orðin ónæm fyrir slíkum viðbjóði. Svo er aldeilis ekki.

Ef auglýsingar Símans með Jesú og Júdas í



aðalhlutverkum hafa fræðslugildi, hefur Dr. 90210 örugglega forvarnagildi. Aðfarirnar sem sjást á skjánum eru slíkar að ég er að minnsta kosti harðákveðin í því að leggjast aldrei undir hnífinn í þessum tilgangi. Læknarnir djöflast þar á fitusugunni af slíku offorsi að ég er mest hissa á því að húðin rifni ekki bara. Geirvörtum er svipt af og lagðar til hliðar og silíkonfyllingum troðið í tóm brjóst af þvílíkum krafti að mig sundlar. Nefaðgerðirnar, sem framkvæmdar eru með hamri og meitli, voru hámark hryllings míns. Þangað til um daginn, þegar einhver konan vildi gangast undir yngingaraðgerð á æxlunarfærum. Þá slökkti ég á sjónvarpinu.

Takk, Robbi, segi ég bara. Ef mér hefði einhvern tíma dottið í hug að láta stytta á mér nefið mun þetta alltaf stoppa mig af.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.40 Landsleikur í fótbolta** SJÓNVARPIÐ



▶ **19.15 Prehistoric Park** STÖÐ 2



▶ **18.00 Rumor Has It** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.30 The George Lopez Show** SIRKUS



▶ **21.00 Stargate SG-1** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar 08.01 Gurra grís 08.05 Lítil prinsessa 08.16 Halli og risaeðlufatan 08.28 Músahús Mikka 08.51 Skordýr í Sólarlaut 09.15 Sögurnar okkar 09.23 Leyniþátturinn 09.36 Hopp og hí Sessamí 10.00 Latibær**

**10.25 Kastljós**

**11.00 14-2** e.

**11.25 Formúlukvöld** e.

**11.50 Formúla 1 - Tímataka** Beint.

**13.15 Hönnunarkeppnin 2007** e.

**13.45 Eldflaugin**

**15.30 Gullmót í frjálsum íþróttum**

**18.00 Táknmálsfréttir**

**18.10 Ofvitinn** (6:10)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

▶ **19.30 Veður**

**19.40 Landsleikur í fótbolta** Bein útsending frá leik Íslands og Spánar.

**22.00 Mónu Lísu brosið** (Mona Lisa´s Smile) Bandarísk bíómynd frá 2003. Myndin fjallar um listkennara sem fer sínar eigin leiðir til að leiðbeina nemendum sínum í listinni að lifa. Aðalhlutverk: Julia Roberts, Kirsten Dunst og Julia Stiles. Myndin var tilnefnd til Golden Globe verðlauna 2004.

**00.00 Kúrekalendur** (The Hi-Lo Country) Bandarísk bíómynd frá 1998. Aðalhlutverk: Billy Crudup, Woody Harrelson og Penélope Cruz. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**01.50 Hanastél** (Cocktail) Bandarísk bíómynd frá 1988. e.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.05 Speed 2. Cruise Control**

**08.10 The Truman Show**

**10.00 The Perfect Man**

**12.00 Rumor Has It**

**14.00 The Truman Show**

**16.00 The Perfect Man**

▶ **18.00 Rumor Has It**

**20.00 Speed 2. Cruise Control**

**22.05 The Big Hit** Leigumorðinginn Melvin Smiley er ekki við eina fjölina felldur í kvennamálum. Aðalhlutverk: Lou Diamond Phillips, Mark Wahlberg, Christina Applegate.

**00.00 Little Nikita** (e)

**02.00 The Woodsman**

**04.00 The Big Hit**

## STÖÐ 2

**07.00 Fifi and the Flowertots 1 07.10 Refurinn Pablo 07.15 Töfravagninn 07.40 Hlaupin 07.55 Blanche 08.05 Kalli kanína og félagar 08.25 Dexter´s Laboratory 08.50 Ginger segir frá 09.15 Bratz 09.35 Tutenstein 10.00 A.T.O.M.**

**10.25 Ice Princess**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Bold and the Beautiful**

**14.30 So You Think You Can Dance** (22:23)

**15.30 Men In Trees** (12:17)

**16.15 The New Adventures of Old Chr** (5:13)

**16.40 Two and a Half Men** (3:24)

**17.05 Örlagadagurinn** (14:31)

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir**

**19.00 Íþróttir og veður**

▶ **19.15 Prehistoric Park** Ótrúlega flottir þættir fyrir börn og fullorðna um risaeðlur og aðrar fornaldarskepnur. Hvað ef hægt væri að fara aftur í tímann og bjarga risaeðlunum frá því að deyja út... og taka þær svo með til nútímans? Nýjasta tölvutækni er notuð til þess að vekja risaeðlurnar aftur til lífsins og gera þær jafnvel ennþá eðlilegri en í Jurassic Park. 2006.

**20.05 Fun With Dick and Jane** Sprenghlægileg gamanmynd með Jim Carrey og Téu Leoni í aðalhlutverkum. Hjónin Dick og Jane lifa góðu lífi þar til dag einn þegar þau tapa öllum peningunum og vita ekki hvað þau eiga að gera. Auðveldasta lausnin er auðvitað að gerast bankaræningjar. 2005. Leyfð öllum aldurshópum.

**21.35 American Cousins** Hörkuspennandi glæpasaga um tvo bandaríska mafíósa sem setjast að hjá frænda sínum sem rekur kaffihús. Aðalhlutverk: Dan Hedaya, Olegar Fedoro, Stephen Graham.2002. Bönnuð börnum.

**23.05 Hope Floats** Birdee Pruitt kemst að því í beinni útsendingu í sjónvarpsþætti Tonis Posts að eiginmaður hennar og besta vinkona hafa átt í ástarsambandi. Hún flýr á heimaslóðir sínar í Texas með dóttur sína og leitar huggunar hjá móður sinni. Aðalhlutverk: Gena Rowlands, Sandra Bullock, Harry Connick Jr. 1998. Leyfð öllum aldurshópum.

**00.55 Carried Away**

**02.40 Loch Ness**

**04.20 Big Dipper**

## SÝN besta sætið

**08.30 PGA Tour 2007 - Highlights** (Deutsche Bank Championship)

**09.25 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**09.50 World Supercross GP 2006-2007** (Qwest Field)

**10.45 NFL Gameday**

**11.15 Þýski handboltinn**

**11.55 PGA Tour 2007** Sýnt frá Deutsche Bank mótinu.

**14.25 Champions of the World** (Mexico)

**15.20 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur 07/08**

**15.50 Vináttulandsleikur** Bein útsending frá leik Englendinga og Ísraela.

**18.00 David Beckham - Soccer USA** (7.13)

**18.25 Vináttulandsleikur** Bein útsending frá stórleik Svíþjóðar og Danmerkur.

**20.25 PGA Tour 2007** Bein útsending.

**22.00 Vináttulandsleikur** (England - Ísrael)

**23.40 Vináttulandsleikur** (Svíþjóð - Danmörk)

## SÝN2

**13.50 Masters Football** (Dubai) Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe og Jan Mølby.

**16.10 Premier League World**

**16.40 PL Classic Matches** (Tottenham - Man. Utd., 01/02)

**17.10 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) (Arsenal - Leeds, 02/03)

**17.40 Season Highlights** (Season Highlights 2000/2001)

**18.40 Premier League 2007/2008** Útsending frá stórleik Liverpool og Chelsea í 3. umferð.

**20.20 Premier League 2007/2008** Útsending frá nágrannaslag Manchesterliðanna City og United.

**22.00 Masters Football** (Dubai) Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mölby og Peter Beardsley. UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**10.45 Vörutorg**

**11.45 Dr. Phil** (e)

**14.45 World's Most Amazing Videos** (e)

**15.35 Starter Wife** (e)

**17.35 Friday Night Lights** (e)

**18.30 7th Heaven** Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug.

**19.15 According to Jim** (e)

**19.40 Family Guy** (e)

**20.10 World's Most Amazing Videos** (24:26) Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu. Raunveruleikinn er lyginni líkastur og hjartað slær hraðar þegar þú sérð þessi einstöku myndbönd.

▶ **21.00 Stargate SG-1** (18:22) Afar vandaðir þættir byggðir á samnefndri kvikmynd. Þetta er önnur þáttaröðin sem SkjárEinn sýnir um Jack O'Neill og sérsveit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn eftir að jarðarbúar fundu „stjörnuhlið" sem opnaði þeim aðgang að áður óþekktum plánetum.

**21.50 George Michael: The Road to Wembley** Einstök heimildarmynd þar sem fylgst er með George Michael í aðdraganda stórkostlegra tónleika á Wembley í Lundúnum í sumar. Þetta voru fyrstu tónleikarnir sem haldnir voru á Wembley eftir að hann var endurbyggður og það voru 90 þúsund áhorfendur sem tóku þátt í fjörinu.

**22.40 Da Vinci's Inquest** (6.8) Vönduð sakamálaþáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna, en þættirnir fjalla um líf Dominics Da Vinci, dánardómstjóra í Vancouver.

**23.30 Sleeper Cell** (e)

**00.20 Law & Order. Criminal Intent** (e)

**01.10 Heartland** (e)

**02.00 The Black Donnellys** (e)

**02.50 Backpackers** (e)

**03.20 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Valið endursýnt efni frá liðinni viku

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

**Fun With Dick and Jane**



Sprenghlægileg gamanmynd með Jim Carrey og Téu Leoni í aðalhlutverkum. Hjónin Dick og Jane lifa góðu lífi þar til dag einn er þau tapa öllum peningunum og vita ekki hvað þau eiga að gera. Auðveldasta lausnin er auðvitað að gerast bankaræningjar.

### ▶ Við mælum með GEORGE MICHAEL: THE ROAD TO WEMBLEY Skjáreinn kl. 21.50

Einstök heimildarmynd þar sem fylgst er með George Michael fyrir tónleika hans á Wembley í Lundúnum í sumar. Þetta voru fyrstu tónleikarnir sem haldnir voru á Wembley eftir að leikvangurinn var endurbyggður og 90 þúsund áhorfendur tóku þátt í fjörinu. Rætt er við söngvarann um litríkan feril og áhorfendur fá að hlýða á nokkur lög frá Wembley.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Laugardagur til lukku
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Músík að morgni dags
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Grannar okkar
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Leitin að eldsneytinu
**14.40** Tímakornið
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Ríkaströnd: land elda, sólar og gróðursældar
**17.05** Síðdegistónar
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.28** Á vængjum yfir flóann
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Byltingin kom með konu
**21.00** Dragspilið dunar
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SIRKUS

**14.30 Hollyoaks** (6:260)
**14.50 Hollyoaks** (7:260)
**15.10 Hollyoaks** (8:260)
**15.30 Hollyoaks** (9:260)
**15.50 Hollyoaks** (10:260)
**16.30 Skífulistinn**
**17.15 Smallville** (8:22) (e)
**18.00 Bestu Strákarnir** (20:50) (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Talk Show With Spike Feresten** (2:22) (e)
▶ **19.30 The George Lopez Show** (6:22) (e)
**19.55 Joan of Arcadia** (22:22) Önnur þáttaröðin um Joan. Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann.
**20.40 Skins** (2:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag. 2006.
**21.30 Papillon** (e) Ein af frægustu kvikmyndum áttunda áratugarins. Steve McQueen og Dustin Hoffman leika tvo ólíka menn sem dæmdir hafa verið til ævilangrar þrælkunar í fanganýlendu. Örlagasaga um vináttu og harða lífsbaráttu. Aðalhlutverk. Dustin Hoffman, Steve McQueen, Victor Jory. 1973. Stranglega bönnuð börnum.
**23.55 Most Shocking** Hörkuspennandi raunveruleiki sem á engan sinn líkan. Hér er meðal annars fylgst með lögreglunni á þeirra mestu hættustundum og það er eins gott að halda sér fast. 2006.
**00.40 Jake 2.0** (8.16) (e)
**01.20 Joan of Arcadia** (22.22) (e)
**02.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

### BBC PRIME

**12.00** A Week of Dressing Dangerously **12.30** A Week of Dressing Dangerously **13.00** Diet Trials **13.30** Diet Trials **14.00** Amazon Abyss **14.30** Massive nature **15.00** First Flight **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** Doctor Who **17.45** Doctor Who Confidential **18.00** Strictly Come Dancing - The Story So Far **19.00** Gideon's Daughter **20.45** Spine Chillers **21.00** The Smoking Room **21.30** The Catherine Tate Show **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** Gideon's Daughter **0.45** Spine Chillers **1.00** The Smoking Room **1.30** The Catherine Tate Show **2.00** First Flight **3.00** A Place in France **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Little Robots **5.10** Binka **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

### DR 1

**12.10** Boogie Update **12.40** SKUM TV **12.55** Flemmings Helte **13.15** Sporløs **13.45** Familiealbummet **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Alfons Åberg **15.40** Peddersen og Findus **15.55** Mira og Marie **16.00** Sonja fra Saxogade **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Vilde verden **17.35** Huset på Christianshavn **18.00** Robin Hood **18.45** Olsenbanden på sporet **20.25** Inspector Morse **22.10** Speedway: Polens Grand Prix **23.35** Manden uden nerver **5.30** Mickeys klubhus **5.55** Byggemand Bob

### NRK 1

**12.00** Forbudt kjærlighet **13.00** Gjensynet **14.00** Regatta i skjærgården **14.35** Lille frøken Norge **16.00** Jubalong **16.30** Ikke naken **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** 'Allo, 'Allo! **18.40** 50 år med Oluf - 70 år med Arthur **19.30** Med hjartet på rette staden **20.15** Fakta på lørdag: Sett for første gang **21.15** Kveldsnytt **21.35** Bitter hevn **5.30** Stå opp! **5.45** Mumfie **6.00** Ugler i mosen

### SVT 1

**11.40** Doobidoo **12.50** Friidrott: Finnkampen **16.00** BoliBompa **16.05** Disneydags **17.00** Min vän shejken i Stureby **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Kvarteret Skatan nu i verkligheten **19.30** Christian Dior - mannen bakom myten **20.25** Musikgeniet **21.15** Rapport **21.20** Motor: VM i speedway **22.05** Moonlight Mile **0.00** Sändningar från SVT24 **6.00** BoliBompa



## PERSÓNAN



*Áslaug Snorradóttir*

**Aldur:** 40.
**Starf:** Ljósmyndari.
**Fjölskylda:** Gift Páli Stefánssyni ljósmyndara. Eiga saman börnin Stefán, 18 ára og Kolbrúnu, 16 ára.
**Foreldrar:** Kolbrún Finnsdóttir garðyrkjufræðingur og Snorri Ingimarsson geðlæknir.
**Búseta:** Dalbraut í Laugarneshverfi.
**Stjörnumerki:** Steingeit, rísandi ljón og tungl í fiskum.



**LÁRÉTT 2.** pest **6.** frá **8.** langar **9.** ar **11.** hef leyfi **12.** rót **14.** slappi **16.** bardagi **17.** hópur **18.** niður **20.** fyrir hönd **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT 1.** þungi **3.** tveir eins **4.** skipafélag **5.** hamfletta **7.** a **10.** frostskemmd **13.** mas **15.** sjá eftir **16.** flana **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kvef, **6.** af, **8.** vil, **9.** rýk, **11.** má, **12.** grams, **14.** slaki, **16.** at, **17.** lið, **18.** suð, **20.** pr, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** farg, **3.** vv, **4.** eimskip, **5.** flá, **7.** fyrstur, **10.** kal, **13.** mal, **15.** iðra, **16.** asa, **19.** ðð.






# Jói Fel í pílagrímsför til Ítalíu

Sjónvarpskokkurinn og bakarinn Jói Fel er á leiðinni í mikla pílagrímsför til Ítalíu þar sem hann ætlar að kynnast þarlendri matargerðarlist. Afraksturinn verður sýndur í nýrri þáttaröð sem hefst á Stöð 2 í næsta mánuði sem nefnist Ítalíuævintýri Jóa Fel.

„Við ætlum að sjá hvernig þeir búa til þessar vörur sem við erum að kaupa eins og ólífuolíu, pestó og parmesanost. Síðan fer ég inn á nokkur veitingahús til að sjá hvernig þeir elda og fer svo heim og elda þar líka,“ segir Jói Fel, sem heldur af landi brott á sunnudag. Fetar hann þar með í fótspor kollega síns Jamie Oliver sem hefur verið duglegur að kynna sér ítalska matargerð og ítalskt hráefni af eigin raun.

Að sögn Jóa hefur Ítalíuförin verið rúmt ár í pípunum og því kominn tími til að hleypa verkefninu af stað.

„Ég er búinn að hitta Ítalana og þeir bíða spenntir eftir okkur.“

Jói viðurkennir að vera mikill aðdáandi ítalskrar matargerðarlistar, rétt eins og svo margir aðrir. „Þarna er grunnurinn að góðum mat. Við ætlum að læra hvað hráefnið skiptir miklu máli, eins og við þekkjum sjálf af lambakjöti og mjólkurafurðum.

Þetta er gert til að sýna Íslendingum fram á að við getum keypt allt það besta frá Ítalíu, það sem þeir eru að búa til fyrir íslenskan markað,“ segir hann. - fb



**JÓI FEL** Sjónvarpskokkurinn knái er á leiðinni í pílagrímsför til Ítalíu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

NAVIA-KRAFTAVERKAHÓPURINN: NORRÆNAR STÓRSTJÖRNUR SYNGJA LAG

# Navia tekur á sig mynd

„Navia og kraftaverkin eru að fara af stað,“ segir Bjarney Lúðvíksdóttir sem stendur að baki hinu svokallaða Navia-verkefni auk Birgittu Haukdal, Trausta Bjarnasonar og Svanhvítar Aðalsteinsdóttur. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu er um að ræða samnorrænt verkefni sem ætlað er að hjálpa þeim sem minna mega sín í heiminum, meðal annars með framleiðslu sjónvarpsþátta og útgáfu tónlistar með þátttöku norrænna söngkvenna.

Í fyrradag var haldinn stofnfundur Naviator, samtaka sem ætlað er að halda utan um Navia-sjóðinn. „Í sjóðinn fara þeir peningar sem safnast auk frjálsra framlaga,“ segir Bjarney. „Við erum að taka fyrstu skrefin í átt að framleiðslu á Navia-þáttunum en næst á dagskrá er hins vegar að semja og æfa Navia-tónlistina sem notuð verður til kynningar á verkefninu.“

Fyrsta Navia-lagið, Gloria, var frumflutt á fundinum í fyrradag af Birgittu Haukdal, Magna Ásgeirssyni og Klöru Elíasdóttur úr Nylon. Það koma þó ekki til með að verða flytjendur lagsins heldur fimm norrænar stórsöngkonur. „Í lok október koma hingað til lands fimm söngkonur, ein frá hverju Norðurlandanna. Allar hafa þær selt tugþúsundir platna í sínu heimalandi og ferðast víða um heim til þess að halda tónleika. Þær koma til með að syngja lagið og skoða hugsanlega möguleika á þátttöku í Navia-þáttunum. Þær verða hér í nokkra daga úti á landi, fá að kynnast og við að kynnast þeim. Það er okkur mikilvægt að komast að því hversu mikinn áhuga þær hafa á góðgerðastarfinu sem þetta snýst allt um.“

Hjördís Elín Lárusdóttir, Dísella, hefur verið valin til þess að syngja fyrir hönd Íslands í laginu og Christine Guldbrandsen verður fulltrúi Noregs. Hún er afar þekkt í heimalandi sínu og hafnaði í 14. sæti í aðalkeppni Eurovison á síðasta ári. Enn er verið að ganga endanlega frá samningum við fulltrúa frá Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku. „Það koma nokkrar til greina frá Danmörku, meðal annars Julie Berthelsen,“ segir Trausti Bjarnason, tónlistarstjóri verk-efnisins, en Julie er hálfgrænlensk og hafnaði í öðru sæti í nokkurs konar Idol-þáttum Danmerkur. „Við erum hins vegar með mörg nöfn á borðinu og ég er þessa dagana að ræða við þá aðila sem við höfum áhuga á að vinna með. Meðal þeirra eru Lisa Miskovsky frá Svíþjóð og Hanna Pakarinen frá Finnlandi en Hanna keppti fyrir Finnlands hönd í Eurovision fyrr á árinu.“ Allt eru þetta miklar söngkonur og því spennandi að sjá hvernig laginu reiðir af í vinsældaslagnum, en það verður sett í spilun um öll Norðurlöndin. sigrunosk@frettabladid.is



**FIMM STÓRSTJÖRNUR** Margt bendir til þess að hópurinn sem flytur lagið verði skipaður þeim Dísellu Lárusdóttur, Christine Guldbrandsen, Julie Berthelsen, Hönnu Pakarinen og Lisu Miskovsky. Þó á enn eftir að ganga frá samningum og Trausti Bjarnason, tónlistarstjóri verkefnisins, segir mörg nöfn á borðinu.



**FULLTRÚI ÍSLANDS** Dísella Lárusdóttir verður fulltrúi Íslands í hópnum sem kemur til með að syngja Navia-lagið Gloria.



**NAVIA-ÞÆTTIRNIR Í BURÐARLIÐNUM** Þegar upptöku á tónlist Navia lýkur verður hafist handa við að framleiða Navia-sjónvarpsþættina. Bjarney Lúðvíksdóttir er ein þeirra fjögurra sem eru í forsvari fyrir verkefnið.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Rokkarinn **Chris Cornell** var örþreyttur við komuna til Íslands á fimmtudag. Cornell hafði nýlokið við að syngja á tónleikum þrjú kvöld í röð og neyddist til að fresta því að árita plötur sínar í Skífunni í gærdag. Þess í stað mun hann árita í Skífunni á Laugavegi í dag klukkan 16. Koma Cornells hefur vakið óskipta athygli rokkáhugamanna hér á landi en vonbrigðum hefur valdið að hann hafi ekki enn skellt sér út á lífið eins og kannski mátti búast við af eilífðarrokkara sem honum. Heimildir Fréttablaðsins herma að Cornell hafi ekki ætlað sér að stunda skemmtanalífið hér landi. Eiginkona hans er með í för og þau líta á Íslandsferðina sem kærkomið frí.

Meðreiðarsveinar Cornells úr hljómsveitinni og aðstoðarmenn þeirra hafa hins vegar verið líflegir meðan á dvölinni hefur staðið. Þeir skelltu sér á Vegamót og Kaffibarinn á fimmtudagskvöld og leist svo vel á það sem fyrir augu bar að stefnan var aftur sett á skemmtanalífið í gærkvöld. Eftir tónleikana í kvöld er svo heljarinnar partí á Rex sem væntanlega verður slegist um að komast í.



Búast má við fjölda umsækjenda um stöðu Borgarleikhússtjóra á næsta ári þegar **Guðjón Pedersen** lætur af embætti. Þetta telja kunnugir öruggt í ljósi þess hve margir úr menningarheiminum hafa fylgt fordæmi **Tinnu Gunnlaugsdóttur** Þjóðleikhússtjóra og skellt sér í meistaranám í stjórnun og skyldum fögum. Meðal þeirra sem slíkt hafa gert eru **Hilmar Jónsson**, **Magnús Geir Þórðarson** og **Edda Björgvinsdóttir** auk **Viðars Eggertssonar** sem lærði mannauðsstjórnun og **Ásu Richardsdóttur** sem lærði menningarstjórnun. - hdm



# Þorgrímur boltastrákur hjá landsliðinu

„Ég er í A-landsliðsnefnd og tek bara hlutverk mitt alvarlega. Þetta er minn stuðningur við liðið,“ segir rithöfundurinn og knattspyrnuhetjan Þorgrímur Þráinsson en margir ráku upp stór augu þegar fyrrum landsliðskempan birtist á hádegisæfingu hjá landsliðinu í gær. Og sást ræða málin við Eyjólf Sverrisson landsliðseinvald. Þorgrímur sást þar hlaupa á eftir hverjum bolta og gaf lítið eftir. „Já, það má eiginlega kalla mig boltastrák og ég reyni alltaf að mæta og vera til taks í takkaskónum ef á þarf að halda,“ bætir hann við.

Þorgrímur segist aðallega hjálpa Birki Kristinssyni við markmannsæfingarnar og sér til þess að hann nái að halda tempói við æfingarnar með því að sækja bolta og stilla þeim upp á réttan stað. Og hann er bjartsýnn á gott gengi landsliðsins sem etur kappi við stjörnum prýtt lið Spánverja í kvöld á Laugardalsvelli. „Ég spái þessu tvö-eitt fyrir okkur. Ég held að strákarnir eigi eftir að peppast upp og það verður engin minnimáttarkennd sem háir liðinu,“ segir Þorgrímur sem sjálfur á að baki sautján landsleiki á árunum 1980 til 1990.

En rithöfundurinn Þorgrímur hefur einnig haft í mörg horn að líta en eins og Fréttablaðið greindi frá í apríl síðastliðnum er von á bók frá honum þar sem Þorgrímur kennir körlum að vera góðir við konurnar sínar. „Ég held að ég hafi aldrei upplifað önnur eins viðbrögð og þegar sú frétt kom. Bókin er komin vel á veg, er farin í umbrot og hönnun og kemur út í lok október,“ útskýrir Þorgrímur. „Og ef marka má þessi viðbrögð þá er augljóslega mikil þörf á þessari bók.“ - fgg



**Í GÓÐU FORMI** Þorgrímur sækir bolta fyrir landsliðið og er greinilega í góðu formi fyrir slíkt.




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000









## BAKÞANKAR
**Guðmundar Steingrímssonar**

### *Gaur*

Maður mér nákominn, sem er búsettur erlendis, hefur verið að dunda við það undanfarin ár að endurnýja kynni sín af íslensku, en tungumálið talaði hann sem krakki. Þetta hefur gengið með afbrigðum vel, svo að nú talar hann hið ástkæra ylhýra með miklum glæsibrag.

**SEM** íslenskumaður fagna ég auðvitað hverju tækifæri sem gefst til þess að ræða dýpri leyndardóma hinna húmanísku fræða. Að lokinni lambasteik uppi í íslenskri sveit á dögunum spannst eilítil umræða við hinn íslenskumælandi Bandaríkjamann um eðli og gerð íslenskunnar af hans sjónarhóli og mínum.

**MERKILEGT** hvað íslenska er skáldlegt tungumál, sagði hann. Það er endalaust hægt að búa til ný orð. Þetta er svona tungumál fyrir skáld. Já, það er alveg rétt, sagði ég. Og það sem er skemmtilegt við þetta er það, að allir Íslendingar taka þátt í þessu. Ný orð verða til, og þau eru síðan notuð af öllum. Tökum orð eins og „sími“. Það hefði verið einfaldasta mál að kalla fyrirbærið „telefón“, en Íslendingar gerðu það ekki.

**JÁ, EINMITT,** sagði hann. Interesting. Og meira að segja unglingarnir, hélt ég áfram stoltur, þeir segja ekki „dude“ eins og í Ameríku heldur segja þeir „gaur“. Það er gamalt og gott íslenskt orð. Og þeir fara heldur ekki á „skateboard“ heldur fara þeir á „bretti“.

**JÁHÁ,** sagði hann. Yngsta kynslóðin ber meira að segja umhyggju fyrir tungumálinu. En segðu mér annað. Ég tók eftir því að osturinn sem ég var að borða er með rotvarnarefnum. Hvernig stendur á því? Í Bandaríkjunum er komið svo mikið „awareness“ fyrir öllu svona. Hvers vegna er íslenskur ostur með rotvarnarefnum? Hvert er íslenska orðið yfir „awareness“?

**TJA,** sagði ég. Nú veit ég ekki. Eftir að hafa fallist á það að íslenskan væri jú tungumál fyrir skáld datt mér helst í hug að segja að íslenskan væri þar með ekki tungumál sem næði vel utan um félagsleg framþróunarhugtök. „Vitundarvakning“ og „aukin meðvitund“ væri jú notað, tuldraði ég, en hann horfði bara á mig og hristi höfuðið.



**GÓÐAN DAG!**

Í dag er laugardagurinn 8. sept., 251. dagur ársins 2007.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.29 | 13.25 | 20.20 |
| Akureyri | 6.09 | 13.10 | 20.09 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


